Morgunblaðið

Fullveldi Íslands

1918 - 2018

Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Magnús Ólafsson

Fullvalda þjóð í 100 ár

Þess er minnst í dag að eitt hundrað ár eru liðin frá gildistöku sambandslagasamningsins, hinni sönnu sigurstund sjálfstæðisbaráttunnar. Eftir á að hyggja getur verið auðvelt að líta framhjá þessari stund og þeim mikla merkisdegi sem 1. desember 1918 er í sögu þjóðarinnar, eða að taka þeim árangri sem þá náðist sem gefnum. Það væri þó misráðið. Það var alls ekki sjálfgefið að sú mikla barátta sem hófst á fjórða áratug 19. aldar myndi á innan við einni öld skila sér í því að Ísland væri á ný orðið að frjálsu og fullvalda ríki. Það var alls ekki sjálfgefið að á innan við öld næðist að byggja hér upp innviði og efnahag landsins, svo að fámennasta þjóð Evrópu gæti staðið á eigin fótum. Fullveldið er einhver dýrmætasta eign hverrar þjóðar. Eign sem Íslendingar fengu ekki áreynslulaust. Vonandi ber íslenska þjóðin gæfu til að varðveita fullveldi sitt um ókomna tíð, eins og hún hefur nú gert í heila öld.

Hvað gerðist á árinu 1918?

Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur gaf nýverið út bókina *Hinir útvöldu* um fullveldisárið. Hann greinir frá helstu viðburðum ársins í ítarlegu viðtali. **4, 6, 8-9**

Þjóðinni árnað heilla

Formenn og fulltrúar stjórnmálaflokkanna senda íslensku þjóðinni kveðjur á fullveldisdaginn og hugleiða mikilvægi fullveldisins fyrir íslenska þjóð og framtíðina. **30-37**

Framtíðin er í okkar höndum

Guðni Th. Jóhannesson, forseti lýðveldisins, ræddi við Morgunblaðið um hin merku tímamót sem felast í 100 ára afmæli fullveldis Íslands. **28-29**

Aðdragandi og eftirmál fullveldis

Hver var aðdragandi þess að Ísland fékk fullveldi sitt 1. desember 1918? Hvernig hefur deginum verið fagnað bæði þá og síðar? **20-22, 24-25, 26-27**



Ný heildarútgáfa Íslendingasagnanna

Íslendingasögurnar hafa lengi lifað með þjóðinni. Þær hafa nú verið gefnar út í nýrri heildarútgáfu í tilefni af fullveldisafmælinu og var rætt við aðstandendur útgáfunnar. **12**

Hver er þýðing fullveldisins?

Leitað var til nokkurra valinkunnra einstaklinga og þeir beðnir um að rita hugleiðingar um þýðingu fullveldisins frá ýmsum sjónarhornum. **14,16, 38-45**

Hátíðarsálmur í tilefni dagsins

Séra Hjálmar Jónsson orti hátíðarsálm og Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi lag við sálminn. Hann verður frumfluttur í Dómkirkjunni á morgun, sunnudag. **46**

Morgunblaðið

Útgefandi Árvakur **Umsjón** Stefán Gunnar Sveinsson **Blaðamenn** Guðmundur Magnússon gudmundur@mbl.is Stefán Gunnar Sveinsson sgs@mbl.is **Auglýsingar** Böðvar Bergsson, Erling A. Ágústsson **Prentun** Landsprent | Forsíðumyndina tók Magnús Ólafsson

Upplifðu íslenska náttúru

Gjafabréf FÍ

er ávísun á góða samverustund, útivist, hreyfingu og upplifun í íslenskri náttúru.

Gjafabréf FÍ gildir sem inneign í ferðir félagsins, fjalla- og hreyfiverkefni, skálagistingu, félagsaðildar eða til kaupa á miklu úrvali ferðabóka sem fást á skrifstofunni.

Hægt er að kaupa gjafabréf FÍ á heimsíðu félagsins www.fi.is og á skrifstofu FÍ Mörkinni 6.

Tilvalin gjöf fyrir alla ferðafélaga og útivistarfólk

FÍ

Skráðu þig inn – drífðu þig út

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | Sími 568 2533 | www.fi.is

Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur segir að ýmislegt hafi verið með öðrum hætti árið 1918 en fólk hafi gert sér í hugarlund.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Sigurstund sjálfstæðisbaráttunnar

Árið 1918 er ekki aðeins eitt merkasta árið í Íslandssögunni, heldur einnig í sögu mannkynsins. Hér á landi hefur sýn fólks á árið einkum litast af hinum ýmsu áföllum sem gengu yfir á árinu sem Ísland varð frjálst og fullvalda ríki.

Stefán Gunnar Sveinsson sgs@mbl.is

„Sumarið 1918 í Reykjavík var alveg örugglega betra en sumarið 2018," segir Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur kíminn á svip þegar blaðamaður spyr hann hvernig árið 1918 hafi verið. Gunnar gaf á dögunum út bókina Hinir útvöldu, sem fjallar um það þegar Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1918. En í bókinni koma auðvitað líka við sögu þau áföll sem settu svip sinn á árið.

Gunnar segir að þessi frægu áföll hafi jafnvel litað sýn fólks á fullveldisárið um of. „Við höfum haft tilhneigingu til þess að setja þessi áföll, frostaveturinn mikla, Kötlugosið og spænsku veikina, undir sama hatt." Hann vísar þar meðal annars til þess að í október var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um sambandslagasamninginn, þar sem einungis um 44% þeirra sem voru á kjörskrá greiddu atkvæði, og áföllunum þremur hafi jafnvel verið kennt um þá dræmu kjörsókn. „Stundum virðist eins og fólk sjái fyrir sér Íslendinga skjögrandi á kjörstað í fjörutíu stiga gaddi að reynast að verjast eldglæringum úr Kötlu. En þetta var ekki svona."

Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Magnús Ólafsson

Frosthörkurnar í janúar 1918 voru svo miklar að sagt var að fólk hefði getað gengið í Viðey. Hér er fólk í Reykjavíkurhöfn að losa strandferðaskipið Sterling úr ís.

Stutt kuldakast

Gunnar Þór bendir á að frostaveturinn, sem oft sé svo nefndur, hafi verið veturinn 1917-1918, en ekki um haustið. „Þetta fræga kuldakast sem ljósmyndirnar sýna, þegar menn gátu hlaupið út í Viðey og allir ísbirnirnir komu, var mjög stutt tímabil um miðjan janúar 1918," segir Gunnar. „Það var þriggja stiga hiti í Reykjavík í byrjun janúar og í lok janúar var aftur kominn þriggja stiga hiti, sem er fínn hiti í janúar."

Gunnar bendir á að í raun sé einungis um að ræða tvær til þrjár vikur í kringum 20. janúar, sem hafi mótað hugmyndir okkar um veður á öllu árinu, og jafnvel mótað þær of mikið. „Það er nánast þannig að þegar menn hugsa um árið 1918, þá verður þeim kalt!" segir Gunnar og hlær. Raunin hafi hins vegar önnur.

„Vorið 1918 var til dæmis mjög gott í Reykjavík, menn voru farnir að sjá kartöflugrös spretta í lok maí." Sumarið hafi hins vegar reynst upp og ofan, og grasspretta verið lítil í sveitum landsins. Gunnar Þór segir að mögulega hafi það verið frostavetrinum að kenna en einnig hafi menn bent á vorhret í apríl sem mögulegan sökudólg. „Það er mjög sennilegt að vorhretið hafi haft þar meiri áhrif, en ég þori ekki að skera úr um það."

Gunnar bendir hins vegar á að haustið 1918 hafi veðrið verið mjög gott á landinu. „Það er varla að það fari undir frostmark í Reykjavík allt haustið, og á Ísafirði voru menn að dásama hvað tíðin væri góð." Gunnar segir að það hafi jafnvel skipt sköpum þegar spænska veikin hófst. „Ég hef séð margar heimildir sem segja: „Guði sé lof hvað tíðin er góð" þegar spænska veikin kom," segir Gunnar. Ástæðan er einföld; hefði verið svona frost eins og veturinn 1917-1918 hefðu líklega miklu fleiri dáið úr veikinni.

Mikil mildi að enginn fórst

Eldgos hófst í Kötlu 12. október 1918 og stóð fram til 4. nóvember. „Gosið er náttúrulega rosalegur viðburður," segir Gunnar Þór. Þar á hann ekki bara við gosið sjálft og hinn stóra gosstrók sem fylgdi, heldur fylgdi því einnig risavaxið jökulhlaup á Mýrdalssandi. Fjöldi bæja lagðist í eyði til lengri eða skemmri tíma. Á ljósmyndum má sjá hversu risavaxnir þeir jakar voru sem ultu fram Mýrdalssand. Gunnar nefnir að til séu ljósmyndir þar sem tveggja metra háir menn standi við jakana og virki mjög smávaxnir í samanburðinum.

Þrátt fyrir að gosið hafi verið með stærstu gosum seinni tíma bendir Gunnar á að enginn

▶ SJÁ SÍÐU 6

FULLVELDI ÍSLANDS
1918 • 2018

100 ÁRA FULLVELDI ÍSLANDS FAGNAÐ Á JÓLAFERNUM MS

Þann 1. desember 1918 varð Ísland frjálst og fullvalda ríki og er því nú fagnað að 100 ár eru liðin frá þessum merku tímamótum. Mjólkursamsalan fagnar aldarafmælinu með því að birta margvíslegan fróðleik um hið viðburðaríka fullveldisár 1918 á mjólkurfernum sínum og óskar landsmönnum öllum til hamingju með afmælið.

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL



Ljósmyndasafn Vestmanneyja/Gísli J. Johnsen

Kötlugosið í október 1918 var eitt stærsta eldgos seinni tíma og sást gosstrókurinn vel úr Vestmannaeyjum. Þess má geta að sá hluti Heimaeyjar sem er í forgrunni liggur nú undir hrauni.

hafi farist af völdum þess, sem hafi verið mesta mildi. Gunnar Þór bætir raunar við að einhverjir á þeim tíma hafi jafnvel sagt að Kötlugosið hafi bjargað mannslífum, þar sem gosið og jökulhlaupið í kjölfarið lokaði Mýrdalssandi og kom þannig í veg fyrir að spænska veikin kæmist austur.

Þjóðaratkvæðagreiðslan um sambandslagasamninginn var haldin 19. október, viku eftir að gosið hófst. „Einhverjir hafa haldið því fram að það kunni að skýra að einhverju leyti kosningaþátttökuna lélegu, en ég held að það sé varla, nema að því leyti að þátttakan var minnst í Vestur-Skaftafellssýslu.“

Hryllilegar lýsingar

Hinar raunverulegu hörmungar ársins 1918 voru þó eftir, en spænska veikin hófst 19. október, viku eftir að Kötlugosið hófst. Gunnar Þór segir það vera nánast hlægilegt þegar fólk setji spænsku veikina undir sama hatt og frostaveturinn, þar sem áhrifin af veikinni hafi verið svo miklu verri. „Það deyja á sjötta hundrað manns á Íslandi úr veikinni og fjöldi fólks varð fyrir varanlegu heilsutjóni, dó á næstu árum eða bjó við einhvers konar heilsutjón alla ævi. Ótalinn fjöldi barna missti foreldra og mörg þeirra voru send í fóstur, annaðhvort til vina og ættingja eða til vandalausra, þannig að spænska veikin hafði mjög mikil áhrif á líf fólks.“

Gunnar Þór bendir á að dánartíðnin af veikinni hafi ekki verið mikil hér á landi, en að hún hafi hins vegar látið fáa ósnortna þar sem hún stakk niður fæti. „Fólk gat ekki hreyft sig og lýsingarnar á aðstæðum í Reykjavík eru hrollvekjulegar. Þar gerði hjúkrunarnefnd út menn sem fóru í hvert einasta hús, bönkuðu á allar dyr, og sums staðar lá fólk hjálparvana, eða jafnvel dáið.“

„Veikin var mjög slæm í Reykjavík en líka í Keflavík, Vestmannaeyjum, Akranesi og á fleiri þéttbýlisstöðum suðvestanlands. Hún náði vestur á firði, en inni á milli voru svæði sem sluppu.“

Gunnar Þór segir að hann hafi verið í sambandi við norskan sagnfræðing sem sé helsti sérfræðingurinn um spænsku veikina þar í landi. „Það sem honum fannst merkilegt var að það skyldi takast að verja Norðurland og Austurland, en þar var skipum til dæmis meinað að leggjast að bryggju.“ Gunnar nefnir sem dæmi að á Seyðisfirði hafi menn vaktað höfnina til að koma í veg fyrir að skip legðu þar að, og að þegar Lagarfoss kom eitt sinn með vörur til Akureyrar hafi áhöfnin ekki mátt koma í land, og á endanum hafi hún þurft að afferma skipið sjálf. Vörurnar voru síðan ekki sóttar fyrr en Lagarfoss var lagður aftur af stað.



Ljósmyndasafn Vestmanneyja/Gísli J. Johnsen

Jökulhlaupið eftir Kötlugosið lagði marga bæi í eyði, enda hlupu þar fram risavaxnir ísjakar.

Mannskæðasti faraldur mannkynssögunnar

Gunnar segir í raun ótrúlegt hvað spænska veikin hafi breiðst hratt út, en almennt sé talað um að hún hafi komið í þremur bylgjum. Upphaf veikinnar hér á landi hefur verið rakið til komu Botníu frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur hinn 19. október, en Gunnar segir raunar að menn greini á um hvort hægt sé að tengja þessa atburði saman. Fyrsta fórnarlambið á Íslandi dó svo eftir því sem best er vitað 1. nóvember 1918. „Svo fór allt til fjandans. Það er ótrúlegt hvað þetta gerðist hratt, og kannski 10-15 manns, jafnvel 20 manns, að deyja í Reykjavík á dag meðan veikin var í hámarki.“

Spurður um samanburð við Svarta dauða og áhrif hans hér á landi segir Gunnar Þór þann samanburð mjög áhugaverðan en erfiðan. „Það er erfitt að komast að því hvað Svarti dauði drap marga en hitt er víst að engin drepsótt hefur í sögu mannkyns drepið jafnmarga á jafnstuttum tíma og spænska veikin,“ segir Gunnar.

Hann bætir við að eftir því sem veikin hafi verið rannsökuð meira hafi mannfallstölurnar hækkað, og nú sé áætlað að á bilinu 50-100 milljónir manna hafi farist úr veikinni. Þar af er áætlað að um 20 milljón manns hafi dáið bara í Indlandi, sem er um tvöfalt meira en mannfall meðal hermanna fyrri heimsstyrjaldar. Gunnar segir því hugsanlegt að veikin hafi drepið fleiri en báðar heimsstyrjaldirnar til samans.

Veikburða heilbrigðiskerfi

Gunnar segir það merkilegt í þessu samhengi að á þeim mikla uppgangstíma sem var hér á landi fram að upphafi fyrri heimsstyrjaldar hafi hið íslenska heilbrigðiskerfi í raun setið á hakanum. „Það voru ekki síður útlendingar sem sáu

▶ SJÁ SÍÐU 8

FULLVELDI ÍSLANDS

FRAMFARIR Í HUNDRAÐ ÁR

1918-2018



Þann 1. desember 1918 varð Ísland frjálst og fullvalda ríki. Á hundrað árum hefur öflugt íslenskt atvinnulíf lagt grunn að góðum lífskjörum og mikilli velsæld.

LANDSMENN GETA VERIÐ STOLTIR AF ÞVÍ Á HUNDRAÐ ÁRA AFMÆLI SJÁLFSTÆÐIS OG FULLVELDIS ÍSLANDS.

TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN.

Sjáðu svipmyndir frá 1918 í Sjónvarpi atvinnulífsins á vef SA og kynntu þér upphaf hundrað ára ferðalags bjartsýnnar þjóðar. Einstaklingar og fyrirtæki tóku frumkvæði og nýttu tækifæri sem urðu til í kjölfar fullveldisins og uppskeran hefur verið ríkuleg.

SA
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

um heilbrigðismálin,“ segir Gunnar og nefnir Landakotsspítala og frönsku spítalana í Reykjavík, á Fáskrúðsfirði og í Vestmannaeyjum. Þá hafi Holdsveikraspítalinn á Laugarnesi verið reistur fyrir samskotafé sem safnað var í Danmörku.

„Það var enginn íslenskur spítali í Reykjavík, og í því ljósi er merkilegt að ekki fór verr í spænsku veikinni.“

Gunnar segir að eftir að veikin var um garð gengin hafi sprottið upp miklar deilur hér á landi um hvort við hefðum getað verið betur undirbúin fyrir veikina. „Guðmundur Björnsson landlæknir, sem var mjög merkur maður, var gagnrýndur mjög harkalega fyrir að hafa ekki sett farþega með þessum skipum í sóttkví, hafandi lesið það sem spænska veikin hafði gert í Kaupmannahöfn. Læknarnir stóðu flestir með honum en það voru harðar deilur um að stjórnvöld hefðu sofnað á verðinum og landlæknir ekki staðið sig.“ Gunnar bætir við að Guðmundur hafi tekið umræðuna mjög inn á sig og kannski aldrei jafnað sig til fulls.

Fullveldi upp úr þurru

Í miðri þeirri hringiðu sem árið 1918 var, áður en Katla gaus eða spænska veikin gekk yfir, var síðan sjálfstæðismálinu ráðið til lykta, nokkuð óvænt má segja. Ísland varð fullvalda ríki. En hvernig upplifðu Íslendingar þennan merka áfanga í Íslandssögunni? „Það er algengt að sjá í heimildum þessara tíma að blaðamenn og ritstjórar kvarta undan því að fólk átti sig ekki á því hvað sé að gerast, því þetta gerðist allt svo snöggt,“ segir Gunnar. Það var meðal annars vegna þess að hér hafði meginháherslan verið sett á fánamálið. „Fólk áttaði sig ekki almennilega á því að það ætti að semja um allt sambandsmálið fyrr en danska sendinefndin var lögð af stað til Íslands frá Kaupmannahöfn.“

Þegar spænska veikin var í hámarki fóru heilar síður í blöðunum undir dánartilkynningar.

Gunnar segir það alls ekki hafa verið sjálfgefið að náðst hafi niðurstaða í sambandsmálinu. „Það gekk mikið á í viðræðunum og þær einkenndust af miklu drama. Auðvitað léttist brúnin á fólki þegar þetta var í höfn, en samt ekki nóg til þess að það færi fagnaðarstraumur um þjóðina, ef við miðum við þátttökuna í þjóðaratkvæðagreiðslunni 19. október.“

Gunnar segir að þátttakan hafi verið dræm þrátt fyrir að fólk hafi verið hvatt til þess í blöðunum að kjósa. Allt hafi þó komið fyrir ekki, og aðstæður hafi einfaldlega verið með þeim hætti að stemningin var ekki mikil.

> Á sjötta hundrað manns dóu á Íslandi úr spænsku veikinni og fjöldi fólks varð fyrir varanlegu heilsutjóni, dó á næstu árum eða bjó við einhvers konar heilsutjón alla ævi.

Gunnar Þór segir að fyrri heimsstyrjöld hafi mögulega verið helsti sökudólgurinn fyrir hinni dræmu þátttöku, en styrjaldarárin voru mikið samdráttarskeið í íslensku efnahagslífi og léku fólk mjög illa. „Þetta var svo yfirþyrmandi, það skorti margt og lífskjör höfðu versnað frá árinu 1914,“ segir Gunnar og bætir við að þegar fólk sé að hafa áhyggjur af því hvernig það eigi að hita húsin sín eða fæða börnin sín sé kannski ekki ofarlega á forgangslistanum að kjósa um fullveldi. „Þetta tímabil frá því í stríðinu og fram yfir 1920 var dýpri kreppa en sú sem varð 1930. Það varð atvinnuleysi og þetta voru erfið ár. Samdrátturinn var mun meiri á kreppuárunum eftir 1930.“

1. desember var dýrðardagur

Talið berst að sjálfum fullveldisdeginum og þeim hátíðahöldum sem þá voru í Reykjavík, en 1. desember 1918 hefur lifað í minningunni sem hálfdrungalegur dagur, þar sem örfáar hræður hafi fagnað þessum merka áfanga í sögu þjóðarinnar. Gunnar Þór segir ekki allt sem sýnist í þeim efnum.

Hann nefnir í því samhengi fræga ljósmynd Magnúsar Ólafssonar af viðburðinum, sem sjá má á miðopnu þessa blaðs. „Ég vil meina að hluti ástæðunnar fyrir því að við tengjum svona mikinn drunga og stemningsleysi við 1. desember sé þessi ljósmynd, því hún er nokkuð villandi.“

Gunnar Þór nefnir í fyrsta lagi að af myndinni að dæma mætti ætla að það hafi verið kalt, grámygla og þoka í Reykjavík þennan dag. Reyndin hafi þó verið allt önnur. „Það er glaðasólskin og Magnús á í vandræðum með að taka myndina!“ Gunnar Þór bendir á að rétt utan við ramma myndavélarinnar hafi styttan

af Jóni Sigurðssyni verið, en hún var ekki færð á Austurvöll fyrr en árið 1931. „Hvernig dettur Magnúsi í hug að taka myndina og hafa styttuna af Kristjáni Danakonungi en ekki Jón Sigurðsson, sjálfstæðishetjuna?“ spyr Gunnar og segir svarið einfaldlega vera að sólin hafi verið svo mikil og á óþægilegum stað fyrir Magnús að það hafi verið ómögulegt að taka myndina þannig. Myndin hafi því mótað sýn okkar á fullveldisdaginn um of. „Flestir eru sammála um að þetta hafi verið dýrðardagur. Norðurljósin sýndu sig meira að segja um kvöldið, sjálfir himnarnir fögnuðu fullveldinu, en það eina sem við sjáum er þessi nöturlega mynd.“

Það eigi einnig við um ímynd okkar af mannfæðinni sem eigi að hafa verið þennan dag. Gunnar Þór bendir á að flest af fólkinu sem mætti hafi verið statt á Lækjartorgi eða staðið upp með Bankastræti, en hvorugur staðurinn var með á ljósmyndinni. Hverfisgatan, sem var auð, fékk hins vegar að vera með. Gunnar Þór tekur þó fram að þessi merkisdagur hafi sannarlega verið haldinn í skugga spænsku veikinnar. Þannig hafi verið sérstaklega ákveðið að hafa hátíðahöldin lágstemmd þar sem svo mikil sorg hafi ríkt í Reykjavík. Þá hefðu miklu fleiri mætt ef spænska veikin hefði ekki leikið fólk svo grátt vikurnar á undan.

Öllum þykir vænt um sjálfstæðið

En hvaða áhrif hefur árið 1918 á sjálfsmynd Íslands sem fullvalda ríki? „Þetta er sögulegt ár og mjög mikilvægt ár. Ég held að þessi áföll hafi mótað sýn okkar meira á árið sem slíkt frekar en á viðhorf Íslendinga til hins fullvalda ríkis,“ segir Gunnar Þór. Hann segist ekki viss um að áföllin hafi rist svo djúpt, þar sem þau hafi riðið yfir og aðrir hlutir tekið við í kjölfarið.

Gunnar Þór segir árið 1918 eitt merkasta ár Íslandssögunnar. „Þetta er árið sem Ísland varð fullvalda ríki og deilum okkar við Dani, sem höfðu staðið yfir síðan á 19. öld, lauk. Þetta er sigurstund sjálfstæðisbaráttunnar og er þess vegna gríðarlega mikilvægt ár í sögu þjóðarinnar.“

Þá hafi fullveldið, sem í raun þýddi að Ísland var orðið að sjálfstæðu ríki, skipt gríðarlegu máli. „Okkur þykir öllum vænt um sjálfstæðið, við höfum mismunandi skoðanir á alþjóðasamskiptum og öllu því, en þeir eru ekki margir sem telja að okkur hefði farnast betur hefðum við setið með hendur í skauti og ekki farið í sjálfstæðisbaráttuna. Þetta er því tímamótaár.“

Gunnar segir að eftir lýðveldisstofnunina 1944 hafi stundum verið látið að því liggja að menn hafi litið á þetta sem áfanga í sjálfstæðisbaráttunni. „Íslendingar hafi bara ætlað að bíða í 25 ár og stofna svo lýðveldi. Þannig var það ekki. Það sem okkur finnst sjálfsagt eftir á að hyggja var það ekki í augum þessara manna. Ísland var tengt Danmörku með tvennum hætti, annars vegar með sambandslögunum, hins vegar í gegnum konung. Menn töluðu um það fljótlega að hægt væri að endurskoða lögin eftir 25 ár, menn töluðu um að með tímanum gætu Íslendingar tekið að sér utanríkismál, en það er enginn að tala um það á þessum tíma að stofna lýðveldi,“ segir Gunnar.

„Lýðveldisstofnun kann að hafa verið fjarlægur draumur í hugum margra, en ég er ekki viss um að það hafi verið í hugum eins margra og við viljum oft vera láta. Ísland var orðið sjálfstætt ríki 1918 og nú varð þjóðin að standa sig og sýna að hún ætti sjálfstæðið skilið.“

Fallinn í gleymsku

Jón Magnússon (1859-1926) varð fyrsti forsætisráðherra Íslands árið 1917 og sat í því embætti þegar Ísland heimti fullveldi sitt ári síðar. Þrátt fyrir það er Jóns sjaldnast minnst þegar sjálfstæðisbarátta Íslendinga er rifjuð upp. En hvers vegna er hann ekki betur þekktur en raun ber vitni?

Gunnar Þór segir ýmsar ástæður vera þar að baki. Hann rifjar upp að Jón hafi verið fyrst forsætisráðherra frá 1917 til 1922 og aftur 1924-1926. „Þannig að hann er forsætisráðherra lengi á ögurstundu í sögu þjóðarinnar, á árum fyrri heimsstyrjaldar þegar verst gengur, þegar við verðum fullvalda ríki og þegar við erum að stíga okkar fyrstu skref sem sjálfstæð þjóð. En hann er að miklu leyti fallinn í gleymsku.“

Jón Magnússon

Gunnar segir eina skýringuna á því vera einfaldlega þá að Jón hafi ekki þótt jafnmikill skörungur og forveri hans í Heimastjórnarflokknum, Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra Íslands. „Hann var ekki ræðuskörungur og þótti ekki mjög áheyrilegur. Þegar hann hélt ræður reyndi hann að hafa þær eins stuttar og mögulegt var,“ segir Gunnar og bætir við að Jón hafi kannski goldið þess að hafa tekið við flokknum á eftir Hannesi.

Önnur skýring sem Gunnar nefnir er sú að þegar íslenska flokkakerfið sé fullmótað um 1930 sé Jón látinn og enginn af flokkunum hafi haldið minningu hans á lofti. „Enginn þeirra stjórnmálaflokka sem hafa mótað Íslandssöguna í 100 ár telja hann sem sinn mann. Jón hefði nær örugglega orðið sjálfstæðismaður en hann var dáinn áður en Sjálfstæðisflokkurinn yngri var stofnaður 1929, þannig að Jón Þorláksson varð helsti upphafsmaður flokksins.“ Þar hafi einnig spilað inn í að Jón Magnússon hafi með mjög praktíska nálgun á stjórnmálin en Jón Þorláksson verið meiri hugmyndafræðingur í eðli sínu. Aðrir flokkar hefðu þá enn síður en Sjálfstæðisflokkurinn ástæðu til þess að hampa Jóni Magnússyni.

Þriðja skýringin er einfaldlega sú að Jón falli einhvern veginn á milli skips og bryggju í sjálfstæðisbaráttunni, þar sem hann hafi valist til forystu á tímum þegar baráttan var næstum því búin en samt ekki. Einhverra hluta vegna leiki ekki sami ljómi um tímabil Jóns og heimastjórnarárin undir forystu Hannesar Hafstein og lýðveldisstofnunina 1944.

Gunnar segir það mikla synd að Jón Magnússon hafi fallið í gleymsku og bætir við að hann sé sjálfur hrifinn af Jóni. „Hann var mjög gáfaður, átti gott með að vinna með fólki og halda hlutum saman og gangandi.“

Til hamingju, Íslendingar

Þann 1. desember 1918 varð Ísland fullvalda ríki. Í rúm 80 ár höfum við tengt þjóðina við umheiminn, fært henni ný tækifæri og víkkað sjóndeildarhringinn. Um leið og við fögnum aldarafmæli fullveldis Íslands hlökkum við til að vera samferða ykkur um ókomin ár.

ÍSLENSKA SÍA.IS ICE 90163 11/18

100 FULLVELDI ÍSLANDS

ICELANDAIR

Sögurnar veganesti inn í nýja öld

Íslendingasögurnar hafa fylgt þjóðinni um aldir og ævi. Ásamt öðrum miðaldabókmenntum þjóðarinnar gáfu þær Íslendingum sjálfstraust í sjálfstæðisbaráttu sinni. Fyrr á árinu var gefin út sérstök hátíðarútgáfa af Íslendingasögunum og var rætt af því tilefni við þá Jóhann Sigurðsson útgefanda og Örnólf Thorsson, einn af ritstjórum útgáfunnar.

Stefán Gunnar Sveinsson sgs@mbl.is

„Já, það var orðið tímabært að gefa sögurnar út að nýju," segir Jóhann Sigurðsson, útgefandi hátíðarútgáfu Íslendingasagnanna, spurður hvort þær hefðu verið gefnar út í ár, ef ekki væri um afmælisár að ræða. Þeir Jóhann og Örnólfur eru ekki ókunnugir sögunum og tengdust t.d. báðir síðustu heildarútgáfu sagna og þátta sem kom út fyrir ríflega þrjátíu árum og kennd var við bókaútgáfuna Svart á hvítu. Sú útgáfa er grunnur þessarar útgáfu sem hefur nú verið endurskoðuð og aukin. Þá hefur Jóhann einnig gefið út heildarútgáfur Íslendingasagna og þátta á fjórum erlendum tungumálum, ensku, dönsku, sænsku og norsku.

Í gegnum tíðina hafa sögurnar verið gefnar út með ýmiss konar stafsetningu, og jafnvel verið deilt um það hvort gefa eigi þær út á „nútímaíslensku" ef svo má að orði komast. „Það kom aldrei annað til greina í okkar huga en að gefa sögurnar út með nútímastafsetningu," segir Örnólfur, sem ritstýrði útgáfunni ásamt þeim Aðalsteini Eyþórssyni, Braga Halldórssyni, Jóni Torfasyni og Sverri Tómassyni. Örnólfur bendir á að þegar sögurnar voru uppritaðar í handritunum á fyrri öldum hafi þær jafnan verið lagaðar að þeirri stafsetningu sem ríkjandi var á hverjum tíma. „Það var okkar vilji að fjarlægja alla þröskulda úr götu lesenda að þessum sagnaheimi. Svo má nefna að á handritunum sjálfum er engin skólastafsetning, engin „samræmd stafsetning forn", enda eru þau frá ýmsum tímum. Okkur þótti því fullkomlega sjálfsagt að sögurnar væru prentaðar með nútímastafsetningu."

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Þeir Örnólfur Thorsson, einn af ritstjórum útgáfunnar, og Jóhann Sigurðsson útgefandi ásamt nýrri heildarútgáfu Íslendingasagnanna sem kom út í tilefni fullveldisafmælisins.

Morgunblaðið/Arnþór Birkisson

Útgáfuna prýða m.a. 40 glæsilegar myndskreytingar eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund. Hún myndskreytti einnig heildarútgáfu sagnanna á dönsku, sem kom út árið 2014.

Meðal helstu gersema bókmenntanna

En hvers vegna hafa Íslendingasögurnar enn þýðingu meðal þjóðarinnar? „Sögurnar hafa vakað með þjóðinni í mörg hundruð ár, og fólk veit af því að við eigum einhverjar mögnuðustu bókmenntir sem skrifaðar hafa verið í heimi vestrænna bókmennta," segir Jóhann. „Sögunum er líkt við hátinda á borð við Hómer og Shakespeare, taldar til helstu gersema vestrænna bókmennta; það vekur stolt og heilbrigða ættjarðarást að við skulum eiga þessi verðmæti. Ég held að það hafi alltaf lifað með þjóðinni."

Jóhann bætir við að sögurnar séu sígild listaverk, virðist alltaf eiga erindi við samtímann. Örnólfur tekur undir það. „Það gerir sögurnar sérstæðar fyrir sinn ritunartíma að þær fjalla ekki um upphafnar hetjur á stalli eða goðsögulegar persónur, þær fjalla um venjulegt fólk sem er að stíga fyrstu skrefin í nýju landi, landi þar sem náttúran hefur ekki einu sinni nafn, og síðan afkomendur þeirra í tvær eða þrjár kynslóðir. Landnámsmenn þurftu að yrkja jörðina í tvennum skilningi. Kannski átti það sinn þátt í því að svo brýnt þótti að varðveita frásagnir um þetta nýja upphaf – og raunar skrásetja söguna allt frá þessu upphafi sem við gátum teygt okkur til ólíkt öðrum Evrópuþjóðum."

Hann bendir á að margar sagnanna hverfist um þau miklu tímamót árið 999 eða 1000 þegar heiðinn siður vék fyrir kristnum með nýjum gildum og nýju siðferði. „Þær eru í vissum skilningi tímamótasögur; siðaskiptin hafa margvísleg áhrif í heimi sagnanna, nýjar og kristilegar hugmyndir um fyrirgefningu og sáttfýsi setja hetjunum skorður og samfélag friðsamra bænda sýnir yfirgangi ofbeldis- og vígamanna minna umburðarlyndi," segir Örnólfur. „Sögurnar eru með vissum hætti samfélagsmiðill svo vísað sé í samtímann, þær eru aðferð þeirra sem þær skapa í öndverðu, hinna munnlegu sagnameistara sem hnita kjarnana í þessi einstæðu listaverk, til þess að skilgreina t.d. lög og rétt í nýju samfélagi, sæmd og skyldur; eins og Robert Kellogg benti á má kannski segja að samfélagið hugsi í Íslendingasögunum. En það skiptir þó mestu að sögurnar eru fyrst og fremst frábærar og skemmtilegar bókmenntir."

Þá skipti einnig máli að sögupersónur sagnanna eru ekki goðsögulegar verur eða fullkomnir einstaklingar. „Þetta eru lifandi persónur," segir Örnólfur. „Ekki algóðir eða alvondir einstaklingar heldur breyskir bændur og höfðingjar, hetjur í tilvistarkreppu, skáld í ástarsorg, myrkfælnir útlagar, örlyndar konur og oflátar; fólk af holdi og blóði."

Texti og skýringar

Þegar þeir Örnólfur og Jóhann eru inntir eftir því hvaða vandamál fylgi því helst að gefa sögurnar út, nefna þeir m.a. að margt hafi breyst á þeim þrjátíu árum sem liðin eru frá síðustu heildarútgáfu. „Grundvöllur þessarar útgáfu er heildarútgáfan frá 1987 en við höfum lagfært villur og misræmi í texta sagna og þátta og í nokkrum tilvikum endurskoðað textann með hliðsjón af síðari rannsóknum eða útgáfum, t.d. á það við um stærri sögur eins og Eglu, Eyrbyggju, Laxdælu og Grettlu. Þá lögðum við mikla vinnu í að ganga frá og samræma skýringar við þær tæplega 550 vísur, flestar dróttkvæðar, sem eru hluti af textunum og vonum að með því opnist þessi forvitnilegi skáldheimur betur fyrir lesendum. Þar eiga þau Bergljót S. Kristjánsdóttir prófessor og Bragi Halldórsson íslenskufræðingur drýgstan þátt. Við höfum reynt að vanda eftir föngum allan frágang á textunum og vonum að það létti lesendum förina um þessa sagnaveröld. "

Þá nefnir Örnólfur einnig að ýmislegt skýringarefni fylgi þessari nýju útgáfu. „Þar má nefna nýja formála í bland við eldra efni sem ætlað er að varpa ljósi á helstu einkenni sagnanna og gera grein fyrir flokkun þeirra í bindi, lýsa stuttlega einkennum Íslendingaþátta, gera grein fyrir einkennum kveðskapar í sögunum og sérstöðu Vínlandssagnanna svokölluðu. Þá fylgir dálítil orðabók, skýringar um 6.000 orða og orðasambanda sem ætla má að lesendur kunni að hnjóta um, nafnaskrá þeirra einstaklinga sem koma við fleiri sögur en eina, kort sem sýna sögusvið sagnanna og stuttar skýringargreinar með myndum sem varpa ljósi á hýbýli og húsakost, skip og siglingar og helstu vopn og verjur kappanna. "

Jóhann bætir við að þá sé svonefndur „sagnalykill" í fimmta og síðasta bindi útgáfunnar, en þar geti menn leitað að atriðum sem komi fyrir í mörgum sögum. „Það eru atriði eins og bardagar og víg, fyrirsátir, hólmgöngur, haugar og dysjar, aflraunir, hestar, leikir og skemmtanir, draugar og reimleikar," nefnir Jóhann sem dæmi. Lykillinn beinir lesendum í þá kafla hverrar sögu þar sem þessi atriði koma fyrir. „Sá sem vill bara lesa um bardaga getur þá brunað beint í þá kafla, og það er oft undanfari þess að menn sjá hvað frásögnin er spennandi og endar kannski með því að menn lesa alla söguna – og sumir lesa á endanum allar sögurnar fjörutíu sér til þroska og ánægju," segir Jóhann. Lykillinn veiti því mörgum aðgang að sögum sem þeir hefðu ella farið á mis við.

Nátengdar sjálfstæðisbaráttunni

En nú kynni einhver að spyrja sig, hvernig tengjast fornsögurnar fullveldi Íslendinga, mörgum öldum eftir ritunartíma þeirra? Jóhann er fljótur til svars. „Sögurnar hafa byggt undir sjálfsvirðingu og sjálfstraust Íslendinga í gegnum aldirnar." Hann bendir á að sögurnar hafi alltaf verið tengdar við tilverugrundvöll Íslendinga og tungumál. „Þessar bókmenntir stóðu vörð um þjóðareinkenni okkar og tungumál og spiluðu stóra rullu í sjálfstæðisbaráttunni."

Jóhann segist trúa því að Íslendingasögurnar séu mikilvægar á hverjum tíma. Það eigi ekki síst við núna þegar fregnir hermi að bóklestur sé á undanhaldi og að íslenskan eigi undir högg að sækja í málheimi unga fólksins. „Þá er mikilvægt að sögurnar séu aðgengilegar fyrir yngri kynslóðir. Menn auka orðaforða og bæta málvitund með því að lesa sögurnar og geta tileinkað sér gullaldarmál einhvers konar, ef maður setur sig í rómantískar stellingar," segir Jóhann.

„Sögurnar sjálfar eru nátengdar sjálfstæðisbaráttunni," segir Örnólfur. Hann bendir á að margar af sjálfstæðishetjunum á 19. öld hafi t.d. haft af því ærinn starfa í Kaupmannahöfn að vinna að útgáfum og rannsóknum á íslenskum fornsögum. Þær hafi um leið verið hluti af hugmyndagrunni sjálfstæðisbaráttunnar, þar sem meðal annars var uppi sú hugmynd að þær sýndu þá gullöld sem hér hefði ríkt og þær miklu bókmenntir sem Íslendingar gátu skapað meðan þeir voru frjálsir menn í frjálsu landi. Svo hafi öllu hnignað eftir sjálfstæðismissinn um miðbik 13. aldar. „Þetta var ákveðin grunnhugmynd í sjálfstæðisbaráttunni, en ég er ekki að segja að hún hafi endilega verið rétt," tekur Örnólfur fram. Þessi hugmynd sýni þó að sögurnar voru ríkur partur af sjálfstæðisbaráttunni. Það hafi svo birst með vissum hætti þegar Hið íslenska fornritafélag ýtti úr vör sinni miklu og metnaðarfullu útgáfu á Íslendingasögum og öðrum fornritum á fjórða áratug síðustu aldar.

Jóhann bætir við að útlendingum þyki það oft merkileg staðreynd að á tíma þjóðveldisaldar hafi risið hér upp hámenningarsamfélag sem stofnaði elsta starfandi þjóðþing í heimi og gat af sér einhverjar merkilegustu bókmenntir sem skrifaðar hafa verið í heimi vestrænna bókmennta. „Já, og svo kröftugt var það samfélag að menn sigldu milli heimsálfa og fundu Ameríku. Það var mikil drift og dugur í þjóðinni á þessum tíma."

Örnólfur er sammála Jóhanni. „Sögurnar voru partur af sjálfstæðisbaráttunni og eru, og þess vegna er ekki óeðlilegt að þegar við fögnum hundrað ára afmæli fullveldis sé hluti af þeim hátíðarhöldum viðleitni til að gefa út það sem okkur mörgum finnst vera eitt meginframlag Íslendinga til heimsmenningarinnar, gera það eins aðgengilegt og hægt er fyrir ungt fólk, nýja lesendur jafnt sem hina eldri, þannig að þessi sagnasjóður verði áfram veganesti okkar inn í nýja öld."

FULLVELDI ÍSLANDS

NÝJAR BÆKUR FRÁ SÖGUFÉLAGI



Hinir útvöldu

Sagan af því þegar Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1918

Gunnar Þór Bjarnason

★★★★☆

Björn Bjarnason, Morgunblaðið

„Skemmtileg bók sem dregur upp skýrar augnabliksmyndir af íslensku samfélagi á árunum í kringum 1918.“

Stefán Pálsson sagnfræðingur

Frjálst og fullvalda ríki

Ísland 1918–2018

Ritstjóri: Guðmundur Jónsson

Ritnefnd: Guðmundur Hálfdanarson, Ragnhildur Helgadóttir og Þorsteinn Magnússon

„Skörp greining og skemmtileg – höfundar í fremstu röð. Ómissandi fyrir þá sem vilja skilja fullveldið.“

Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðingur

100 FULLVELDI ÍSLANDS 1918 · 2018

SÖGUFÉLAG 1902

Sögufélag, Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík
sogufelag@sogufelag.is | www.sogufelag.is | Opið mánudaga og þriðjudaga kl. 13-17

Fullveldið og hlutverk handritanna

Handritin hafa lengi verið tengd fullveldi Íslands, og myndaðist milliríkjadeila milli Íslands og Danmerkur á 20. öldinni um örlög þeirra. Morgunblaðið bað Gísla Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Árnastofnun, um að rita hugvekju um þátt handritanna í fullveldi Íslands fyrr og síðar.

Hvað felst í því að vera fullvalda ríki? Hugtakið skreppur jafnharðan undan skilgreiningum en mikilvægi þess fyrir almenning er fyrst og fremst tengt trú og hugarástandi þeirra borgara sem telja sig fullvalda, frjálsa og sjálfstæða til að ráða sínum ráðum – frekar en að vera upp á bænaskrár komnir sem þegnar útlends konungs. Þessi tilfinning hefur svipuð áhrif og þegar ungmenni axla loks ábyrgð á eigin lífi og fjármálum um leið og þau stofna heimili og stinga sér til sunds í skuldasúpunni. Verstu tölvuleikjanördar og samfélagsmiðlahenglur umbreytast á snöggu augabragði í ábyrgt fjölskyldufólk sem hneykslast á ungdómnum nútildags – eftir að þau skrá sig út af Hótel mömmu og pabba.

Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

Helge Larsen, menntamálaráðherra Danmerkur, afhendir hér Gylfa Þ. Gíslasyni menntamálaráðherra Flateyjarbók, með orðunum „Vær så god, Flatøbogen“ hinn 21. apríl 1971.

Trú á eigin getu

Reiknimeistarar höfðu reiknað það út að fullveldi Íslands árið 1918 myndi aldrei borga sig, ekki frekar en lýðveldið árið 1944; þeir sömu reikningshausar eru enn að fá sömu útkomuna fyrir Færeyinga og Grænlendinga. Svo fámennar þjóðir geti ekki stjórnað sér sjálfar. Að vísu er einn og einn úrtölumaður enn á meðal okkar sem tekur undir þessi sjónarmið, bendir á að við höfum aldrei ráðið við að byggja stöðugleika og norrænt velferðarsamfélag heldur alltaf reddað okkur á fjárhagslegum flótta með gjaldþrotum og einu löngu gengissigi. Á móti kemur að verðbólgutíminn skapaði atvinnu og velmegun í landinu sem skilaði íslenskum almenningi í fremstu lífskjararöð á heimsvísu með menningar-, íþrótta- og menntalífi sem ætti ekki að vera mögulegt skv. neinum jarðneskum reiknistokki í landi með liðlega 330 þúsund íbúa.

Þessi hagfræðilega nálgun réð ekki við að taka mikilvægustu stærðina með í dæmið: trú fólks á að það réði sér nú sjálft og þyrfti að horfast í augu við þá ábyrgð sem því fylgdi. Ef sjálfstætt fólk vildi að eitthvað gerðist í sínu lífi yrði það að gera það sjálft og gæti ekki beðið eftir því að kóngurinn sendi því aðréttu. Þau sem boðuðu þessa trú gátu rakið hugmyndaþráðinn sem þau spunnu aftur til Arngríms lærða, sem reis öndverður gegn neikvæðum skrifum útlendinga um okkar landsmenn með því að vísa til hinnar glæstu fortíðar og menningarlegu gullaldar á miðöldum sem gat af sér þær frægu sögur og kvæði sem heimsbyggðin hefði ekkert til að jafnast við. Og það sem meira var, allt þetta var skrifað á því íslenska máli sem landslýðurinn talaði ennþá og mikið af sögunum sagði frá upphafi mannlífs og helstu görpum, kvenskörungum og tíðindum sem hér urðu á meðan þjóðin var ennþá frjáls á sínum þjóðveldistíma – áður en hún gekkst undir ok Noregskonungs og síðan Dana.

Glæst sigurganga

Rómantíkin og Fjölnismenn blésu mjög í glóð þessa hugmyndabáls og Jónas Hallgrímsson sneri landsmönnum endanlega til hinnar nýju trúar með kvæðum á borð við Gunnarshólma og Ísland um fornöldina þegar hetjur riðu um héruð. Helgistaðir um allt land, byggðir á fornsögunum, greyptust inn í vitund þjóðarinnar og sannfærðu hana um að hún ætti sér sameiginlegan fjársjóð og fornaldarfrægð sem dygði til innspýtingar á nýrri öld – ekki ósvipað því og þegar reynt var að endurvekja þessa stemmningu með náttúrvalskenningunni um útrásarvíkingana löngu síðar.

Enda þótt útrásaruppvakningurinn hafi ekki náð að ganga aftur nema í örfá ár bendir ýmislegt til þess að enn sé útbreidd meðal þjóðarinnar sú trú að hún bæði þori, geti og vilji. Íslensk ungmenni hlaupa enn út á ritlistarbrautina full sjálfstrausts um að þau séu að fást við eitthvað sem skipti máli og hafi langþróað listrænt verkfæri í tungunni. Sú sannfæring skilar sumum þeirra í verðlauna- og tilnefningarsæti alþjóðlegra bókmenntaverðlauna sem ætti aftur að vera óhugsandi miðað við höfðatölu; að ekki sé talað um íþróttalandsliðin og þá sögumenn sem hafa brotið kvikmyndina undir list sína. Sigurganga þeirra er glæstari en bæði Arngrím og Jónas gat órað fyrir.

Trúin flytur fjöll

Áhrif hinnar rómantísku trúar í þessu efni eru alveg óháð þeirri staðreynd að nú á dögum er enginn skortur á fræðimönnum sem hafa margreynt að fletta ofan af því að þessi söguskoðun sem hér hefur verið rakin sé bara rómantískur tilbúningur og að einhver ótilgreindur veruleiki hafi verið annar. En veruleikinn, hvort sem er í samtímanum eða fortíðinni, er alltaf hugmyndafræðilegur tilbúningur, frásögn sem við setjum saman úr atvikum dægranna, og við höfum töluvert svigrúm – þó ekki sé það algjört – til að trúa þeirri frásögn sem við viljum um veruleikann og lifa samkvæmt henni. Ímyndunin er raunveruleg, eins og haft er eftir Albert Einstein.

Fornritin komu smám saman út í aðgengilegum útgáfum á nítjándu öld og í upphafi þeirrar tuttugustu og þá tók fólki meira að svíða að handrit þessara merku texta skyldu hafa verið flutt úr landi á dögum Brynjólfs biskups Sveinssonar og Árna Magnússonar. Við hvert skref í átt til sjálfstæðis undan Dönum, frá stjórnarskránni 1874, heimastjórninni 1904, fullveldinu 1918 og loks lýðveldisstofnuninni 1944, kom upp sú krafa að nú væri komið að því að þessar tvær frjálsu þjóðir skiptu sínu búi eins og hver önnur hjón gera við skilnað. Það sem „við“ höfðum lagt í búið ættum við rétt á að hafa með okkur heim þegar við tækjum stjórn okkar mála í eigin hendur; skjöl úr dönskum söfnum og ekki síst gullaldarhandrit fornbókmenntanna sem voru ýmist varðveitt í Konungsbókhlöðu, þau sem Íslendingar höfðu sent konungi samkvæmt hans valdboði, eða í Árnasafni, þau sem Árni hafði keypt fyrir eigið aflafé og konu sinnar Mette eða gleymt að skila og ánafnað háskólanum eftir dauða sinn í ársbyrjun 1730 – þegar safnið var sennilega enn óupptekið í kistum og kössum eftir brunann mikla haustið 1728 og Árni hélt að miklu meira hefði glatast en reyndist vera.

> Hér heima var krafan um handritin heim sjálfsögð í hugum flestra en það var ekki fyrr en eftir lýðveldisstofnunina að fólk fann virkilega fyrir því að skilnaðurinn var ekki um garð genginn.

Krafan um handritin

Við fullveldið magnaðist krafan um að fá handritin heim svo mjög að á þriðja áratugnum voru ýmis skjöl loks send til Íslands og vonuðust Danir til að málið væri þar með úr sögunni. Góðu heilli hélt Bjarni M. Gíslason kröfukyndlinum logandi í Danmörku, taldi ekki nóg að gert og fór vítt og breitt um Danmörku með stuðningi lýðháskólahreyfingarinnar að afla þeirri hugmynd fylgis að Danir eftirlétu Íslendingum helstu dýrgripina úr dönskum handritasöfnum: handrit hinna íslensku fornsagna sem geymdu sögu og minningar Norðurálfu betur en nokkur önnur rit. Hér heima var krafan um handritin heim sjálfsögð í hugum flestra en það var ekki fyrr en eftir lýðveldisstofnunina að fólk fann virkilega fyrir því að skilnaðurinn var ekki um garð genginn – vegna þess að aðalatriðið stóð ennþá útaf í búskiptunum; handritin.

Íslandsklukka Halldórs Laxness var sennilega mikilvægasta trúboðsritið á þessum tíma; hún kom út þegar þörfin var hvað mest fyrir að styrkja sjálfsmynd þessarar örþjóðar við ysta haf með því að leyfa henni enn og aftur að velta sér upp úr fornaldarfrægðinni, mikilvægi starfs Arnas Arneusar við handritasöfnunina og ást hans á Íslandi sem lesendur gleyptu í sig í gegnum Snæfríði Íslandssól og allt hið upphafna tal um hið íslenska.

Baráttan harðnar

Sú trú styrktist að sjálfstæðið yrði ekki að fullu endurheimt fyrr en handritin kæmu aftur heim og hinn pólitíski þrýstingur frá Íslandi birtist hvað skýrast í því að sendiherra Íslands í Danmörku var sóttur í norrænudeildina við Háskólann; Sigurður Nordal prófessor var kvaddur til að taka að sér starfið í Kaupmannahöfn og hans helsta verkefni skyldi vera handritamálið. Þrátt fyrir mikla andstöðu fræðimanna og ýmissa annarra í Danmörku við þá hugmynd að sú ófullburða útnáraþjóð sem hér byggi fengi til sín dýrgripi sem hún réði ekkert við að varðveita, hefði ekki mannafla til að rannsaka eða búa um svo sómi væri að – auk þess sem samgöngur fyrir erlenda fræðimenn væru erfiðar að komast í handritin – þá efldist skilningur almennings í Danmörku á réttmæti þessarar kröfu. Stjórnmálamenn fylgdu almenningsálitinu og samþykktu á danska þinginu 1961 og 1965 að þau handrit sem hefðu verið skrifuð á Íslandi um íslensk efni skyldu send aftur heim. Utan við þessa skilgreiningu féllu krúnudjásnin: Konungsbók Eddukvæða um guði og hetjur norrænna og germanskra þjóða og Flateyjarbók með sögum Noregskonunga og alls kyns tengdum frásögnum sem teygðu sig um allt áhrifasvæði norska stórkonungdæmisins. Með þrjósku og þverlyndi í langvarandi störukeppni tókst Íslendingum að knýja fram að þessi tvö handrit kæmu heim líka. Loks var kveðið á um það að handritin ættu sig sjálf en þessi tvö ríki ábyrgðust að varðveita þau með því að fela sérstökum Árnastofnunum innan vébanda háskóla landa sinna að sjá um útfærsluna svo fullur sómi væri að.

Andstæðingar þessa pólitíska gjörnings stefndu niðurstöðunni fyrir danska dómstóla á þeirri forsendu að það væri ekki á valdi stjórnmálamanna að ráðstafa þessum dýrgripum úr landi en á útmánuðum 1971 kvað Hæstiréttur Danmerkur loks upp þann úrskurð að þingið hefði þetta vald og skömmu síðar var flaggað í hálfa stöng við Konungsbókhlöðuna í Kaupmannahöfn þegar Konungsbók eddukvæða og Flateyjarbók í tveimur bindum voru færðar um borð í varðskipið Vædderen sem sigldi með þær til Íslands. Síðasta vetrardag lagði Vædderen að bryggju í Reykjavíkurhöfn og danskir sjóliðar báru tvö fyrstu handritin á land að viðstöddum samanlögðum íslenskum almenningi sem átti heimangengt. Hitt fólkið horfði upp til hópa á viðburðinn í fyrstu beinu útsendingu íslenska sjónvarpsins utan húss í lotningarfullri lýsingu Magnúsar Bjarnfreðssonar. Á hafnarbakkanum steig Jóhann Hafstein forsætisráðherra í pontu og lét hrópa ferfalt húrra fyrir Dönum, að hafa ákveðið að skila okkur handritunum og í meðfylgjandi handarsveiflu svifu allar leifar af Danahatri úr íslenskri þjóðarsál upp í himingeiminn. Þetta varð síðasti dagur hins langa danska vetrar í Íslandssögunni. Við vorum loksins orðin fullvalda og sjálfstæð þjóð.

Áhuginn beinist annað

Nú, nærri fimmtíu árum síðar, hefur stemningin dofnað fyrir því að við þurfum að sýna umheiminum að hér búi frjáls og fullvalda þjóð með menningarminjar á heimsvísu. UNESCO hefur að vísu skrifað upp á það en þjóðin lætur sér fátt um finnast og horfir annað eins og sést best á því hvað hola íslenskra fræða hefur gapað lengi upp í himininn þótt nú berist fregnir af að húsið margboðaða rísi nú senn. Fræðimenn hafa kappkostað að tala niður heimildagildi sagnanna og rýna fremur í það hvernig nokkrum manni datt í hug að trúa þessu skröki og hampa geðröskuðum fornköppum. Afsökunin er að þjóðin hafi verið í rómantískri trúarvímu. Eftir stendur að sú sjálfsmynd sem var byggð upp á grunni þessara fornrita var nógu sterk til að lyfta hér því Grettistaki sem þurfti til að koma fátækustu þjóð Evrópu til sjálfsbjargar.

Sagnasjóður handa nýrri öld

Íslendingasögur og þættir
í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu



Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson.
Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísnaskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggnast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, aflraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

www.vinland@centrum.is ▪ sími: 8937719 ▪ 5527950

Kristján X., konungur Íslands og Danmerkur, skoðar tjaldbúðir stúdenta á Alþingishátíðinni 1930.

Ljósmynd/Kulturmiljöbild/Berit Wallenberg

Þingvellir, friðun og fullveldi

Þingvellir skipa sérstakan sess í hjarta íslensku þjóðarinnar. Einar Á.E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, fjallar hér um mikilvægi staðarins í sjálfstæðisbaráttunni.

Saga Íslands og íslensku þjóðarinnar kemur hvergi betur fram á einum stað en á Þingvöllum við Öxará. Með stofnun Alþingis um árið 930 urðu Þingvellir að einum mikilvægasta samkomustað landsins. Eftir að formlegu þinghaldi lauk árið 1798 urðu Þingvellir að hljóðum stað utan alfaraleiða. Kröfur um aukna sjálfstjórn til handa Íslendingum og heimsóknir erlendra ferðamanna færðu Þingvöllum nýtt hlutverk í samfélaginu að loknu þinghaldi. Erlendir ferðamenn, sem komu til Þingvalla, undruðust og dáðust að landslagi og söguminjum um leið og þeir fengu fyrirgreiðslu hjá presti og fólki hans á Þingvöllum. Lýsingar ferðamanna rötuðu á ferðabækur og komu Þingvöllum á kortið sem fyrsta ferðamannastað landsins.

Á sama tíma náðu straumar sjálfstæðisvakningar í Evrópu til Íslendinga. Við það fengu Þingvellir táknrænt hlutverk í þjóðlífinu þar sem saga Alþingis á þjóðveldisöld var sett fram í ræðum og ritum. Fjölnismenn settu fram kröfur um að endurvekja Alþingi á Þingvöllum. Úr varð þó með konungsúrskurði Kristjáns VIII, um stofnun þings á Íslandi, að endurnýjað Alþingi kom saman í húsi Menntaskólans í Reykjavík 1. júlí 1845. Þrátt fyrir það urðu Þingvellir að mikilvægum fundarstað þar sem kjörnir fulltrúar mættu til hvatningarfunda allt til ársins 1907, til knýja á um meiri réttindi Íslendingum til handa. Þingvellir festust í sessi sem mikilvægur staður til að fagna merkustu atburðum í sögu þjóðarinnar eins og afhendingu stjórnarskrárinnar 1874 á völlunum skammt norðan við Öxará. Á síðari hluta 19. aldar fjölgaði gestum á Þingvöllum og var því gistihúsið Valhöll reist skömmu fyrir aldamótin norðanvert á þingstaðnum forna.

Heimsókn Friðriks VIII konungs til Íslands í ágúst 1907 var stórviðburður sem hafði mikil áhrif vegna allra þeirra framkvæmda sem fylgdu heimsókninni víða um land en einnig vegna þess samningaferlis sem hófst í kjölfar konungsheimsóknarinnar og átti eftir að leiða til fullveldis Íslands 1918. Heimsókn konungs var ekki án gagnrýni. Árið 1907 birtist fyrsta skrif þar sem fjallað var um nauðsyn þess að friða Þingvelli og aðra staði. Í grein sinni „Um verndun fagurra staða og merkra náttúruminja“ í Skírni fjallaði Matthías Þórðarson fornminjavörður um nauðsyn þess að friða merka staði landsins og ritar:

„Fyrst og fremst má nefna Almannagjá alla og svæðið umhverfis Þingvelli við Öxará, – er ekki getur kallast sögustaður alt eða talist til fornmenja“.

Síðar í grein sinni nefnir hann að vegagerð hafi spillt Almannagjá og söguminjum þar. Hann fjallaði um friðunaráform erlendis og nefndi meðal annars Yellowstone í Bandaríkjunum sem dæmi um stað sem friðaður væri með allsherjarlögum.

En vegurinn var kominn um Almannagjá og greiddi leið gesta til Þingvalla. Fleiri ferðamenn komu og vinsældir Þingvalla jukust jafnt og þétt. Fyrsti helgaráfangastaður ferðamanna utan Reykjavíkur var orðinn að veruleika en slæm umgengni varð viðvarandi.

Árið 1913 ritaði Guðmundur Davíðsson kennari grein í Eimreiðina sem ýtti hugmyndum um friðun Þingvalla úr vör. Honum blöskraði umgengnin og ritaði: „Náttúrufegurð og sögufrægð Þingvalla gæti ekki verið höfð í jafnlitlum metum hjá neinni menningarþjóð, eins og raun er á, nema Íslendingum einum.“

Guðmundur hafði kynnt sér hugmyndir um þjóðgarða erlendis og lýsti þeim: „Þjóðgarðarnir eru friðhelgir reitir. Engum er leyft að deyða þar nokkra skepnu, né skemma jurtagróðurinn. Náttúran fær algerlega að njóta sín, óspilt af hálfu mannsins og alidýra hans. Þjóðgarðar þessir eru flestir þjóðeignir og opinberir skemtistaðir almennings, – „til gagns ok gleði fyrir þjóðina“, eins og komist er að orði um þjóðgarðinn fræga í Bandaríkjunum.“

Niðurstaða Guðmundar var skýr en hann ritaði að „Þingvellir við Öxará væri sá staður, sem framar öllum öðrum stöðum hér á landi ætti skilið að vera gjörður að þjóðgarði Íslands.“

Í grein sinni lýsti hann ýmsum hugmyndum varðandi framtíðarnýtingu svæðisins, mögulega stærð og hvaða áhrif friðunin myndi hafa. Í lokin nefnir hann að til að varðveita Þingvelli sem best á 1.000 ára afmæli Alþingis árið 1930, sem þó voru enn 17 ár í, væri best að friðlýsa svæðið sem þjóðgarð.

Greinin vakti athygli og var gagnrýnd. En fræjum var sáð með þessari hugvekju Guðmundar og á næstu árum fóru fram umræður um framtíð Þingvalla og hugmyndir um þjóðgarð.

Sumarið 1918 voru samningaviðræður á lokastigi um fullveldi Íslands. Sunnudag einn í júlí gerði samninganefnd Dana og Íslendinga um fullveldissamninginn hlé á vinnu sinni og fór í dagsferð til Þingvalla. Þrátt fyrir kalsalegt veður gengu þeir um vellina og virtu fyrir sér söguminjar staðarins og nutu veitinga í Konungshúsinu skammt neðan við Öxarárfoss. Var glatt á hjalla og komið seint til baka til Reykjavíkur.

Líklega má telja að þessi einfalda heimsókn samninganefndarinnar til Þingvalla hafi verið eina beina tenging Þingvalla við samningagerðina um fullveldi Íslands í konungssambandi við Danmörku sem tók gildi 1. desember 1918.

Þrátt fyrir það var saga og ímynd Þingvalla alltaf Íslendingum hvatning til að vinna að sjálfstæði Íslands áratugina á undan. Rúmum aldarfjórðungi síðar, þann 17. júní 1944, urðu Þingvellir meginvettvangur stærsta atburðar í nútímasögu Íslands þegar sambandinu við Danmörku var slitið og stofnað sjálfstætt lýðveldi á Lögbergi að viðstöddu fjölmenni.

Á fullveldisdaginn verður ókeypis inn á nýja sýningu í gestastofu þjóðgarðsins á Þingvöllum. Klukkan 11 verða afhjúpuð fræðsluskilti á nýju sýningunni sem lýsa hvernig friðunarhugmyndir Þingvalla mótast um líkt leyti og Íslendingar verða fullvalda þjóð 1918. Þá verður hátíðarguðsþjónusta í Þingvallakirkju kl. 14 og þjónar sr. Kristján Valur Ingólfsson fyrir altari. Organisti er Guðmundur Vilhjálmsson.

ALLAR OKKAR PEYSUR ERU PRJÓNAÐAR Á ÍSLANDI

VELJUM ÍSLENSKT

HANDPRJÓNASAMBAND ÍSLANDS

Skólavörðustígur 19 & Borgartún 31
s: 552 1890
handknitted.is

Til hamingju

FÖGNUM FULLVELDISAFMÆLINU

Fjölbreytt dagskrá verður allan daginn í öllum landsfjórðungum

	VESTURLAND	
11:00	100 ára fullveldishátíð	Grunnskólinn í Stykkishólmi
12:00	Fullveldishátíð	Grunnskóli Snæfellsbæjar í Ólafsvík
12:00	Opið hús	Grunnskóli Grundarfjarðar
14:00	Fullveldishátíð Norska hússins	Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
15:00	Skotthúfan í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands	Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla
16:00	Fullveldi til fullveldis – hátíðartónleikar	Reykholtskirkja
20:30	Tónleikar í gömlu kirkjunni Stykkishólmi – Gadus morhua	Gamla kirkjan í Stykkishólmi
	VESTFIRÐIR	
13:00	Flaggað í hálfa stöng við fullveldi	Safnahúsið Ísafirði
14:00	100 ára fullveldisafmæli	Ráðhús Bolungarvíkur
14:30	„Hver á sér meðal þjóða þjóð?"	Félagsheimilið á Þingeyri
	NORÐURLAND VESTRA	
20:00	„Hver á sér fegra föðurland?" – Skemmtidagskrá í tali og tónum	Menningarhúsið Miðgarður, Varmahlíð
	NORÐURLAND EYSTRA	
10:00	100 ára fullveldi Íslands – uppskeruhátíð nemenda	Borgarhólsskóli
13:00	Bæjarbragur: Í upphafi fullveldis	Amtsbókasafnið á Akureyri
13:00	Fullveldishátíð	Háskólinn á Akureyri
14:00	100 ára fullveldisafmæli – 30 ára afmæli Framhaldsskólans á Laugum	Íþróttahúsið á Laugum, Dimmuborgir
15:00	Fullveldið endurskoðað, taka tvö: Rósaboðið	Listasafnið á Akureyri
20:00	Fullveldiskantata	Hamraborg, Hof Akureyri
	AUSTURLAND	
13:00	Austfirskt, sjálfbært fullveldi – lokahóf	Menntaskólinn á Egilsstöðum
13:30	Fullveldishátíð Vopnfirðinga	Vopnafjarðarskóli
14:00	Hátíðardagskrá í Löngubúð	Djúpavogi
15:00	Hátíðartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Austurlands	Tónlistarmiðstöð Austurlands
	SUÐURLAND OG SUÐURNES	
11:00	Fullveldi í kjölfar Kötlugoss	Kirkjuhvoll, Kirkjubæjarklaustri
11:00	Þingvellir, friðun og fullveldi	Þingvellir
14:00	Menningardagskrá barna	Listasafn Árnesinga, Bókasafnið í Hveragerði
15:30	Fjallkonurnar okkar	Versalir, Ráðhúsi Ölfuss
16:00	Hátíðartónleikar í Skálholtsdómkirkju	Skálholtsdómkirkja
16:00	Fullveldisafmæli á Suðurnesjum	Bíósalur, Duus Safnahús
	VIÐBURÐIR Í BEINNI ÚTSENDINGU Á RÚV	
13:00	Setning fullveldishátíðar 1. desember	Við Stjórnarráðshúsið Lækjartorgi
20:00	ÍSLENDINGASÖGUR – Sinfónísk sagnaskemmtun	Eldborg Hörpu

Fjölmargir viðburðir eru einnig á höfuðborgarsvæðinu sem sjá má á fullveldi1918.is

Við hvetjum landsmenn til að taka þátt í þeim fjölmörgu viðburðum sem boðið er upp á í öllum landshlutum. **Dagskrána má skoða á fullveldi1918.is**

með daginn

13:00 FULLVELDISHÁTÍÐIN SETT FYRIR FRAMAN STJÓRNARRÁÐSHÚSIÐ

Verið hjartanlega velkomin að Stjórnarráðshúsinu þar sem fullveldinu var lýst fyrir 100 árum. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra setur hátíðina. Haldin verða stutt ávörp í bland við tónlistarflutning kóra og blásarasveitar. Ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna tekur virkan þátt og boðið verður upp á kakó á Lækjartorgi.

Vakin er athygli á því að skipulagt hátíðarsvæði er Lækjartorg, Lækjargata, Bankastræti, Hverfisgata og Arnarhóll og að umferð ökutækja er takmörkuð um svæðið meðan á athöfn stendur. Setningarathöfnin verður sýnd beint á RÚV.

08:30	**Upptaktur – Tengt við söguna og haldið í heiðir**	Hólavallakirkjugarður
13:00	**Setning fullveldishátíðar**	Við Stjórnarráðshúsið Lækjartorgi
13:30	**Opið hús á Alþingi**	Alþingishúsið
14:00	**VATNIÐ í náttúru Íslands**	Perlan
14:30	**Fáni fyrir nýja þjóð – sýning**	Harpa – 5. hæð
13:30	**Ný ásýnd Þjóðminjasafns kynnt**	Þjóðminjasafn Íslands
15:00	**Með ungum augum – leikin leiðsögn Leynileikhússins**	Þjóðminjasafn Íslands
15:00	**Nýr heimildavefur Þjóðskjalasafns Íslands opnaður**	Laugavegur 162, 3. hæð
17:00	**Sagatid – Nutid**	Veröld – Hús Vigdísar
20:00	**ÍSLENDINGASÖGUR – Sinfónísk sagnaskemmtun**	Eldborg Hörpu
22:00	**Fokkað í fullveldinu**	Þjóðleikhúsið

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU ERU ENN FLEIRI VIÐBURÐIR ÞENNAN DAG. GESTIR ERU BOÐNIR VELKOMNIR. SKOÐIÐ DAGSKRÁNA Á FULLVELDI1918.IS

10:00	Lífsblómið	Listasafn Íslands
10:00	Hjólað um styttur bæjarins	Mæting við Hlemm
12:00	Fullveldissöngvar 1918–2018	Harpa, Hörpuhorn
12:00	Leitin að verkum Ásmundar frá 1918 – ratleikur úti og inni	Listasafn Reykjavíkur, Ásmundarsafn
13:00	Fullvalda konur og karlar	Borgarbókasafn, Menningarhús Grófinni
13:00	Farsæl, fróð og frjáls	Rýmd, nemendagallerí Listaháskólans
13:00	Fullveldishátíð í Hafnarfjarðarkirkju	Hafnarfjarðarkirkja
12:00	100 íslenskir fánar	Íshúsið, Strandgata 90, Hafnarfjörður
13:00	Fullveldiskaffi með Ara Eldjárn	Árbæjarsafn
13:30	Vísindi og samfélag – 100 ára afmæli Vísindafélags Íslendinga	Kjarvalsstaðir
14:00	Velkomin um borð – sögusýning Eimskips	Vöruhótel Eimskips, Sundabakka 2
15:00	Siglt um sýningu Kjarvals í fortíð og framtíð – fjölskylduleiðsögn og Þingvallamósaíksmiðja	Kjarvalsstaðir

FULLVELDI ÍSLANDS
1918 · 2018



Ljósmyndasafn Íslands/Sigríður Zoëga

Sambandsnefndin í garði Alþingishússins um sumarið 1918. Frá vinstri: Magnús Jónsson ritari, Bjarni Jónsson frá Vogi, Christopher Hage, Frederik Jeppesen Borgbjerg, Jóhannes Jóhannesson, J.C. Christensen, Einar Arnórsson, Erik Arup, Gísli Ísleifsson ritari, Þorsteinn M. Jónsson, Þorsteinn Þorsteinsson ritari og Svend Aage Funder ritari.

Grunnur hins sjálfstæða Íslands

Aðdragandi fullveldisstofnunarinnar var knappur og bar óvænt að þegar Íslendingar leituðu eftir leyfi til þess að gera fánann sinn að almennum siglingafána vegna fyrri heimsstyrjaldar. Í staðinn samþykktu Danir að skipa samninganefnd sumarið 1918 um sambandsmálið í heild sinni en það gekk á ýmsu áður en fullveldið var í höfn.

Stefán Gunnar Sveinsson sgs@mbl.is

Með tilkomu heimastjórnar árið 1904 fengu Íslendingar eftir langa baráttu loksins framkvæmdavald til landsins. En þrátt fyrir það var enn langur vegur til stefnu í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Landið var enn skilgreint samkvæmt Stöðulögunum frá 1871 sem órjúfanlegur hluti Danaveldis, þar sem konungur og ríkisstjórn Danmerkur höfðu úrslitavald um flesta þætti auk þess sem utanríkismál landsins voru á hendi Dana.

Friðrik 8. Danakonungur þótti velviljaður Íslendingum og í Íslandsheimsókn sinni árið 1907 skipaði hann Jens Christian Christensen, þáverandi forsætisráðherra Dana og Hannes Hafstein, ráðherra Íslands, ásamt öðrum fulltrúum hinna ýmsu þingflokka í báðum ríkjum í hina svonefndu millilandanefnd, sem fundaði vorið 1908 í Kaupmannahöfn.

Millilandanefndin skilaði af sér tillögum með heitinu „uppkast að lögum um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands.“

En „uppkastið“, eins og það varð fljótlega kallað, veitti enga varanlega lausn á sambandsmálinu. Íslensku fulltrúarnir í millilandanefndinni klofnuðu í afstöðu sinni til þess, þar sem Skúli Thoroddsen, þingmaður Norður-Ísfirðinga og fyrrverandi bæjarfógeti á Ísafirði, lagðist eindregið gegn því og úr varð hápólitískt deilumál. Þótti andstæðingum uppkastsins sem hinir íslensku fulltrúar í millilandanefndinni hefðu látið of mikið undan kröfum Dana. Þar kom meðal annars til að þó að Ísland væri sagt frjálst og sjálfstætt ríki var einnig tekið fram að það yrði eigi látið af hendi Danmerkur. Þá var sú staðreynd að samningurinn var óuppsegjanlegur mönnum þyrnir í augum. Gengið var til alþingiskosninga árið 1908 sem snerust að miklu leyti um uppkastið og lauk þeim svo að andstæðingar þess fengu mikinn meirihluta á þingi. Vék Hannes Hafstein, fyrsti íslenski ráðherrann, í kjölfarið úr embætti í samræmi við þingræðisregluna.

Fánamálið ýtir við Dönum

Frekari tilraunir á næstu árum til þess að leysa sambandsmálið fóru allar út um þúfur enda var hægara sagt en gert að sætta öll sjónarmið. Sjálfstæðisflokkurinn eldri, sem skipaður var andstæðingum Hannesar Hafsteins og Heimastjórnarflokksins, gat ekki komið sér saman um betri útfærslu á „uppkastinu“ og sjálfur klauf Hannes Heimastjórnarflokkinn árið 1911 og myndaði Sambandsflokkinn í þeirri von um að geta leyst málið. Þær tilraunir fóru hins vegar allar út um þúfur.

En meðan sambandsmál ríkjanna tveggja voru strand urðu tvö önnur mál að miklum hitamálum. Annars vegar var það spurningin um það hvort ráðherra Íslands ætti að bera upp sín mál við konung á fundum ríkisráðs Danmerkur, og hins vegar var það fánamálið.

Síðarnefnda málið komst í hámæli 15. júní 1913, þegar skipstjóri varðskipsins Islands Falk gerði upptækan hvítbláan fána sem Einar Pétursson hafði sett upp á kappróðrabáti sínum og róið með í Reykjavíkurhöfn. Vakti málið mikla reiði á Íslandi og varð úr að Íslendingar fengu sérstakan fána með breytingum á stjórnarskránni árið 1915, en tekið var fram að hann væri eingöngu heimafáni, það er, að íslensk skip máttu ekki nota hann til siglinga utan íslenskrar landhelgi.

Í kjölfar alþingiskosninganna 1916 náði enginn flokkur meirihluta á Alþingi, og varð úr að myndað var árið 1917 fyrsta ráðuneyti Íslands, undir forsæti Jóns Magnússonar úr Heimastjórnarflokknum, sem þá var stærstur á þingi. Helsta hlutverk þeirrar ríkisstjórnar var að greiða úr þeim margvíslegu vandamálum sem fyrri heimsstyrjöldin hafði valdið hér á Íslandi, en styrjaldarárin urðu Íslendingum mjög þungbær, þó að þeir ættu engan hlut að henni.

Styrjöldin ýtti enn frekar undir kröfu Íslendinga um að eignast sinn eigin fána, sem nota mætti til siglinga milli ríkja, en í styrjöldinni voru brögð að því að íslensk skip, sem sigldu undir dönsku flaggi væru stöðvuð af breskum herskipum á leiðinni milli Íslands og Danmerkur. Jón Magnússon forsætisráðherra hreyfði því við fánamálinu á fundum sínum með dönskum stjórnvöldum um vor og aftur haustið 1917, en var tekið fálega af bæði Kristjáni X. Danakonungi og Carl Theodor Zahle, forsætisráðherra Dana. Vildi konungur hins vegar að skipuð yrði nefnd, sem myndi ræða sambandsmálið þegar sumarið 1918, en bæði Jón

Dansk-íslenzk sambandslög

I.

1. gr. — Danmörk og Ísland eru frjáls og fullvalda ríki, í sambandi um einn og sama konung og um samning þann, er felst í þessum sambandslögum.

Nöfn beggja ríkja eru tekin í heiti konungs.

2. gr. — Skipun konungserfða er sú, er segir í 1. og 2. gr. konungserfðalaga frá 31. júlí 1853. Konungserfðum má ekki breyta, nema samþykki beggja ríkja komi til.

3. gr. — Ákvæði þau, er gilda nú i Danmörku um trúarbrögð konungs og lögræði, svo og um meðferð konungsvalds þegar konungur er sjúkur, ólögráður eða staddur utan beggja ríkjanna, skulu einnig gilda á Íslandi.

4. gr. — Konungur getur ekki verið þjóðhöfðingi í öðrum löndum án samþykkis Ríkisþings Danmerkur og Alþingis Íslands.

5. gr. — Hvort ríkið fyrir sig setur ákvæði um greiðslu af ríkisfé til konungs og konungsættar.

II.

6. gr. — Danskir ríkisborgarar njóta að öllu leyti sama réttar á Íslandi sem íslenzkir ríkisborgarar fæddir þar, og gagnkvæmt.

Ríkisborgarar hvors lands eru undanþegnir herskyldu í hinu.

Bæði danskir og íslenzkir ríkisborgarar hafa að jöfnu, hvar sem þeir eru búsettir, frjálsa heimild til fiskveiða innan landhelgi hvors ríkis.

Dönsk skip njóta á Íslandi sömu réttinda og íslenzk skip, og gagnkvæmt.

Danskar og íslenzkar afurðir og afrek skulu gagnkvæmlega eigi að neinu leyti sæta óhagkvæmari kjörum en nokkurs annars lands.

III.

7. gr. — Danmörk fer með utanríkismál íslands í umboði þess.

Í utanríkisstjórnarráðinu skal skipa eftir ósk islenzku stjórnarinnar og í samráði við hana trúnaðarmann, er hafi þekking á íslenzkum högum, til þess að starfa að íslenzkum málum.

Nú er einhverstaðar enginn sendiherra eða sendiræðismaður, og skal þá skipa hann eftir ósk íslenzku stjórnarinnar og í samráði við hana, enda greiði Ísland kostnaðinn. Með sömu skilyrðum skal skipa ráðunauta með þekkingu á íslenzkum högum við sendisveitir og ræðismannaembætti þau, sem nú eru. Ef stjórn Íslands kýs að senda úr landi sendimenn á sinn kostnað, til þess að semja um sérstök íslenzk málefni, má það verða í samráði við utanríkisráðherra.

Samningar þeir, sem þegar eru gerðir milli Danmerkur og annarra ríkja og birtir, og Ísland varða, gilda og þar. Ríkjasamningar þeir, sem Danmörk gerir eftir að sambandslög þessi hafa náð staðfestingu, skuldbinda ekki Ísland, nema samþykki réttra íslenzkra stjórnvalda komi til.

8. gr. — Danmörk hefur á hendi gæzlu fiskiveiða í íslenzkri landhelgi undir dönskum fána, þar til Ísland kynni að ákveða að taka hana í sinar hendur, að öllu eða nokkru leyti, á sinn kostnað.

9. gr. — Myntskipun sú, sem hingað til hefir gilt í báðum

Sambandslagasamningurinn var undirritaður 18. júlí 1918 af öllum nefndarmönnunum átta auk ríkisstjórnar Íslands.

ríkjum, skal vera áfram í gildi meðan myntsamband Norðurlanda helzt.

Ef Ísland kynni að óska að stofna eigin peningasláttu, verður að semja við Svíþjóð og Noreg um það, hvort mynt sú, sem slegin er á Íslandi, skuli vera viðurkenndur löglegur gjaldeyrir í þessum löndum.

10. gr. — Hæstiréttur Danmerkur hefir á hendi æðsta dómsvald í íslenzkum málum, þar til Ísland kynni að ákveða að stofna æðsta dómstól í landinu sjáifu. En þangað til skal skipa Íslending í eitt dómarasæti í hæstarétti, og kemur það ákvæði til framkvæmda, þegar sæti losnar í dóminum.

11. gr. — Að því leyti, sem ekki er ákveðið að framan um hlutdeild Íslands i kostnaði þeim, sem leiðir af meðferð mála þeirra, sem ræðir um í þessum kafla, skal hún ákveðin eftir samningi milli stjórna beggja landa.

IV.

12. gr. — Öðrum málum en þeim, sem að framan eru nefnd, en varða bæði Danmörk og Ísland, svo sem samgöngumálum, verzlunar- og tollmálum, siglingum, póstmálum, síma- og loftskeytasambandi, dómgæzlu, máli og vigt og fjárhagsmálum, skal skipa með samningum, gerðum af þar til bærum stjórnvöldum beggja ríkja.

13. gr. — Fjárhæð sú, að upphæð 60,000 kr., sem ríkissjóður Danmerkur hefir undanfarið árlega greitt Íslandi, og kostnaður ríkissjóðs Danmerkur af skrifstofu stjórnarráðs Íslands í Kaupmannahöfn, fellur niður.

Sömuleiðis eru afnumin forréttindi íslenzkra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnar háskóla.

14. gr. — Ríkissjóður Danmerkur greiðir 2 milljónir króna, og skal stofna af þeim tvo sjóði, hvorn að upphæð 1 milljón króna, í því skyni að efla andlegt samband milli Danmerkur og Íslands, styðja íslenzkar vísindarannsóknir og aðra vísindastarfsemi og styrkja íslenzka námsmenn. Annar þessara sjóða er lagður til háskólans í Reykjavík, en hinn til háskólans í Kaupmannahöfn.

Nánari fyrirmæli um stjórn og starfsemi sjóðanna setur konungur eftir tillögum stjórnar hvors lands, að fengnu áliti háskóla þess.

15. gr. — Hvort land fyrir sig ákveður, hvernig hagsmuna þess sjálfs og þegna þess skuli nánar gætt í hinu landinu.

V.

16. gr. — Stofna skal dansk-íslenzka ráðgjafarnefnd, sem í eru að minnsta kosti 6 menn, annar helmingur kosinn af Ríkisþingi Danmerkur og hinn helmingurinn af Alþingi Íslands.

Sérhvert lagafrumvarp, sem varðar nánari meðferð mála þeirra, er um ræðir í sambandslögum þessum, og lagafrumvörp um sérmál annars hvors ríkisins, sem einnig varða hitt ríkið og stöðu og réttindi þegna þess, skal hlutaðeigandi stjórnarráð leggja fyrir nefndina til álita, áður en þau eru lögð fyrir Ríkisþing eða Alþingi, nema það sé sérstaklega miklum vandkvæðum bundið. Nefndinni ber að gera tillögur um breytingar á þeim frumvarpsákvæðum, sem hún telur koma í bága við hagsmuni annars hvors ríkisins eða þegna þess.

Nefndin hefir enn fremur það hlutverk, annaðhvort eftir tilmælum stjórnanna eða af eigin hvötum, að undirbúa samning lagafrumvarpa, er miða að samvinnu milli ríkjanna og samræmi í löggjöf þeirra, og að taka þátt í samvinnu um sameiginlega löggjöf á Norðurlöndum.

Nánari fyrirmæli um tilhögun og starfsemi nefndarinnar setur konungur eftir tillögum frá stjórnum beggja landa.

17. gr. — Nú rís ágreiningur um skilning á ákvæðum sambandslaga þessara, sem stjórnirnar geta ekki jafnað með sér, og skal þá skjóta málinu til gerðardóms 4 manna, og kýs æðsti dómstóll hvors lands sinn helming þeirra hvor. Gerðardómur þessi sker úr ágreiningnum og ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, skulu úrslitin falin oddamanni, sem sænska og norska stjórnin á víxl eru beðnar að skipa.

VI.

18. gr. — Eftir árslok 1940 getur Ríkisþing og Alþingi hvort fyrir sig, hvenær sem er krafist, að byrjað verði á samningum um endurskoðun laga þessara.

Nú er nýr samningur ekki gerður innan 3 ára, frá því að krafan kom fram, og getur þá Ríkisþingið eða Alþingi hvort fyrir sig samþykkt, að samningur sá, sem felst í þessum lögum, sé úr gildi felldur. Til þess að ályktun þessi sé gild, verða að minnsta kosti 2/3 þingmanna, annaðhvort í hvorri deild Ríkisþingsins eða í sameinuðu Alþingi, að hafa greitt atkvæði með henni, og hún síðan vera samþykkt við atkvæðagreiðslu kjósenda þeirra, sem atkvæðisrétt hafa við almennar kosningar til löggjafarþings landsins. Ef það kemur í ljós við slíka atkvæðagreiðslu, að 3/4 atkvæðisbærra kjósenda að minnsta kosti hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og að minnsta kosti 3/4 greiddra atkvæða hafi verið með samningsslitum, þá er samningurinn fallinn úr gildi.

VII.

19. gr. — Danmörk tilkynnir erlendum ríkjum, að hún samkvæmt efni þessara sambandslaga hafi viðurkennt Ísland fullvalda ríki, og tilkynnir jafnframt, að Ísland lýsi yfir ævarandi hlutleysi sínu og að það hafi engan gunnfána.

20. gr. — Sambandslög þessi ganga í gildi 1. desember 1918.

og Zahle munu hafa verið á því að slíkar viðræður yrðu að bíða stríðsloka.

Afdrifaríkar kosningar í Danmörku

Kosið var til danska þingsins 11. maí 1918 og hélt ríkisstjórn Zahles naumlega velli, en einungis munaði einu þingsæti milli stjórnar og stjórnarandstöðu í neðri deild þingsins að þeim loknum. Hóf Zahle í kjölfarið þegar að leita samstöðu á þinginu um skipun samninganefndar, sem fara ætti til Íslands um sumarið og ræða sambandsmálið. Eftir nokkrar deilur á danska þinginu varð úr að þrír af fjórum flokkum skipuðu menn í nefndina, en íhaldsmenn vildu ekki taka þátt í viðræðum um sambandsmálið meðan á ófriði stæði. Þá heimtuðu þeir að viðræðurnar færu fram í Kaupmannahöfn frekar en Reykjavík, en varð ekki að ósk sinni. Var danska nefndin skipuð 15. júní þeim J.C. Christensen, Erik Arup, Fredrik Borgbjerg og Christopher Hage og var hann formaður nefndarinnar. Danska sendinefndin hélt til Íslands hinn 21. júní. Sama dag skipaði Alþingi Íslands fjóra þingmenn í samninganefndina, einn úr hverjum flokki. Bjarni Jónsson frá Vogi varð fulltrúi Sjálfstæðisflokks þversum, framsóknarmenn völdu Þorstein M. Jónsson í nefndina og Heimastjórnarmenn og Sjálfstæðisflokkur langsum tilnefndu þá Jóhannes Jóhannesson og Einar Arnórsson í samninganefndina.

Fyrsti fundur samninganefndarinnar var haldinn 1. júlí í kennarastofu háskólans í Alþingishúsinu, en þar fóru allir fundir hennar fram. Kom þegar í ljós að mikið bar á milli afstöðu Íslendinga og Dana og sagði Einar Arnórsson svo síðar frá: „Kom Íslendingunum ásamt við Danina um fátt, enda lenti þegar í karpi nokkru milli sumra nefndarmanna.“

Danska nefndin lagði til að Ísland og Danmörk yrðu „frjáls og sjálfstæð“ ríki, með sameiginlegan þjóðhöfðingja og sameiginlegan ríkisborgararétt, og yrði hvort tveggja ævarandi og óuppsegjanlegt. Skyldu Danir fara með sameiginleg mál ríkjanna þar til annað væri ákveðið og yrðu þjóðþing beggja ríkja að samþykkja þær breytingar. Þetta var hins vegar óaðgengilegt fyrir Íslendinga, sem lögðu meðal annars áherslu á að Ísland og Danmörk yrðu sögð „ frjáls og fullvalda“ (d. suveræn) frekar en „frjáls og sjálfstæð“ (d. selvstændige) og að þegnréttur yrði ekki sameiginlegur milli landanna.

Munu fulltrúar beggja ríkja hafa lýst tilboðum hins sem algjörlega óaðgengilegum, og greindi Þorsteinn M. Jónsson frá því í *Stúdentablaðinu* árið 1958 að sig minnti að J.C. Christensen hefði orðið klökkur eftir þriðja fund nefndarinnar og sagt að „ekki myndi nú annað að gera fyrir þá Danina, en stíga á skipsfjöl og sigla heim“.

Samkomulag næst

Þrátt fyrir það héldu viðræðurnar áfram en gengu erfiðlega. Matthías Johannessen, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins og barnabarn Jóhannesar Jóhannessonar, hafði síðar eftir Lárusi, syni Jóhannesar, að það hefði oftar en einu sinni komið fyrir að fundi væri frestað eða slitið þegar allt var að komast í öngþveiti. Jóhannes hefði þá boðið dönsku nefndarmönnunum í kaffi heim til sín en hann átti þá heima í Þórshamri við hliðina á Alþingishúsinu. „Hvort það var tilviljun eða ekki skal ég láta ósagt en þá vildi venjulega svo til að vinur hans, Jón Magnússon forsætisráðherra, rakst inn, jafnvel bakdyramegin, og tók þátt í kaffidrykkjunni.“ Vildi Lárus ekki segja hvaða áhrif það hefði haft á gang málsins en hann taldi víst að mikið af nefndarvinnunni hefði farið fram á bak við tjöldin. Þá rifjaði Þorsteinn M. Jónsson upp árið 1958, að enginn hefði „unnið betur og verið meir á verði en hinn hægláti forsætisráðherra Íslands og sennilega hefur hann oft talað við dönsku nefndarmennina og sannfært þá um að þeir yrðu að ganga að mestu leyti að kröfum íslendinga ef samningar ættu að takast.“ Þá sagði Þorsteinn einnig ljóst að danska sendinefndin hefði verið staðráðin í að ná samningum og að hún hefði líklega einsett sér það áður en þeir héldu til Íslands.

Dagana 9.-11. júlí var skipuð undirnefnd með þeim Bjarna frá Vogi, Einari, Hage og Arup og átti hún að ráða fram úr aðalágreiningsatriðunum. Gekk vinnan á fundum undirnefnd-

▶ SJÁ SÍÐU 22

MORGUNBLADID
AUKABLAÐ

Nýi sáttmáli

Forslag
til
Dansk-islandsk Forbundslov.

Frumvarp
til
dansk-íslenskra sambandslaga.

Aukablað Morgunblaðsins hinn 27. júlí 1918, þegar loksins mátti birta frumvarp til nýrra sambandslaga, skartaði stærstu fyrirsögn ársins 1918, Nýi sáttmáli.

arinnar vel og dró nokkuð saman milli Íslendinga og Dana en enn greindi á um nokkur atriði. Föstudaginn 12. júlí var komið að úrslitastundu. Danska sendinefndin féllst þar loksins á að Ísland yrði sagt fullvalda auk þess sem þeir komu til móts við Íslendinga um uppsagnarákvæði samningsins. Þótti þar mikið hafa unnist til þó að enn væri ágreiningur um ýmis atriði. Höfðu aðstæður þá breyst svo á einni viku, að nú töldu menn engar líkur á því að samningarnir myndu sigla í strand.

Hinn 18. júlí var endanlegur samningur borinn undir Alþingi og naut hann þar stuðnings 38 þingmanna en tveir þingmenn úr Sjálfstæðisflokki þversum, þeir Benedikt Sveinsson og Magnús Torfason, sátu hjá. Var samningurinn í kjölfarið undirritaður af öllum nefndarmönnum auk íslensku ráðherrana þriggja. Héldu dönsku nefndarmennirnir heimleiðis með Islands Falk daginn eftir, og voru þeir kvaddir með virktum.

Staðfesting sambandslaganna

En eftir var að staðfesta samninginn. Hann var borinn upp að nýju á Alþingi til endanlegrar samþykktar í september, og urðu nokkrar umræður um það. Kom þó fljótlega í ljós að einungis þeir Benedikt, sem sat í neðri deild, og Magnús, sem sat í efri deild, voru á móti. Töldu þeir einkum að ákvæði samningsins um jafnan þegnrétt Íslendinga og Dana gæti komið í bakið á Íslendingum síðar meir.

Samkvæmt stjórnarskrárbreytingunum 1915 átti að leggja allar breytingar á sambandi Íslands og Danmerkur í dóm þjóðarinnar, og var því boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu 19. október 1918. Þrátt fyrir mikla áeggjan dagblaðanna reyndist kjörsókn dræm, en einungis 13.653, eða sem nemur 43,8% kjósenda mættu á kjörstað. Vilji þeirra sem greiddi atkvæði var þó skýr, en 12.411 manns, 90,9% kjósenda, sögðu já við samningnum.

Á danska þinginu var tekist hart um málið í nóvember, en þar lögðust íhaldsmenn eindregið gegn því í báðum deildum, þar sem verið væri að sundra ríkiseiningu Danmerkur. Urðu þeir hins vegar undir í atkvæðagreiðslum um samninginn þar sem hinir þrír flokkarnir stóðu einhuga að baki honum.

Var þá síðasta hindrunin að baki. Hinn 30. nóvember, daginn fyrir gildistöku samningsins, báru Zahle og Jón Magnússon upp lögin í sitt hvoru lagi, annars vegar á dönsku og hins vegar á íslensku undir konung í ríkisráðinu danska. Samþykkti hann þau bæði, ásamt konungsúrskurði um íslenskan þjóðfána. Fullveldi Íslands var í höfn.

Heimildir:
Einar Arnórsson, „Alþingi árið 1918“, *Skírnir* 104:1 (1930), bls. 323-364.
Gísli Jónsson, *1918. Fullveldi Íslands 50 ára 1. desember 1968*, Reykjavík 1968.
Gunnar Þór Bjarnason, *Hinir útvöldu. Sagan af því þegar Ísland varð sjálfstætt ríki árið 1918*, Reykjavík 2018.
Matthías Johannessen, *Klofningur Sjálfstæðisflokksins gamla 1915, undanfari og afleiðing*. Reykjavík, 1971.
Þorsteinn M. Jónsson, „Nýi sáttmáli“, Stúdentablaðið 35:3, bls. 7-15.

Hverjir sátu í nefndunum?

Samninganefnd Dana var skipuð hinn 15. júní 1918 af Kristjáni 10. Danakonungi. Í henni sátu fulltrúar allra flokka á danska þinginu nema íhaldsmanna, sem vildu alls ekki bera neina ábyrgð á þeim viðræðum sem þarna stóðu til.

Christopher Friedenreich Hage (f. 28. nóvember 1848 – d. 16. ágúst 1930), hagfræðingur og stórkaupmaður í Kaupmannahöfn. Hann var kjörinn á þing árið 1881, fyrst um sinn sem frjálslyndur hægri maður, en færðist yfir á vinstri væng danskra stjórnmála með tímanum. Engu að síður var hann þó á hægri væng Radikale Venstre. Hage varð fjármálaráðherra árið 1901-1905, og tók einnig við samgönguráðuneytinu frá árinu 1902. Árið 1916 varð hann aftur ráðherra, en fyrst um sinn án ráðuneytis, en tók síðar við embætti verslunarmálaráðherra.

Í bók Gunnars Þórs Bjarnasonar er sagt að meginástæðan fyrir því að Hage er valinn hafi sennilega verið sú að hann var á hægri væng stjórnarflokksins, og því væri hann ásættanlegri fyrir stjórnarandstöðuna en aðrir ráðherrar. Þar kann þó einnig að hafa spilað inn í, að Hage var talinn „stórvitur maður með Dönum“ og „flestum mönnum færari að orða vel lagafrumvörp og samninga.“

Erik Ipsen Arup (f. 22. nóv. 1876 – d. 23. sept. 1951), prófessor í sagnfræði við Kaupmannahafnarháskóla og um hríð skjalavörður í utanríkisráðuneyti Danmerkur og fyrrum ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu. Arup skrifaði síðar á ferli sínum mörg merk sagnfræðirit, þar á meðal sögu Danmerkur fram til 1624 í tveimur bindum, sem komu út á árunum 1925-1932. Arup vakti mikla athygli á sínum tíma með sagnaritun sinni, en hann lagði meiri áherslu á efnahag og þróun heldur en stjórnmál og utanríkismál. Þá fór Arup ekki leynt með andúð sína á þjóðernishyggju og föðurlandssinnuðum goðsögnum, og var hann því sakaður um goðgá af sumum kollegum sínum.

Arup sat ekki á þingi, en var engu að síður valinn sem fulltrúi Radikale Venstre í sendinefndina árið 1918. Skipan Arups virðist einkum hafa ráðist af tvennu, því að þingmeirihlutinn var svo naumur að ekki mátti sjá af þingmanni í ferðina, og svo hinu að Arup var „kunnugur sögu Íslands og stjórnmálabaráttu“, eins og sagði í Óðni um skipan nefndarinnar.

Christopher F. Hage

Erik Ipsen Arup

Jens Christian Christensen

Frederik H. J. Borgbjerg

Jens Christian Christensen (f. 21. nóvember 1856 – d. 19. desember 1930), einnig þekktur sem „Bismarck jósku heiðanna“, var fulltrúi Venstre í nefndinni en hann gegndi þá embætti aðstoðarráðherra um málefni stríðsins. Christensen var einn af helstu leiðtogum Venstre og lengi talinn meðal valdamestu manna í dönskum stjórnmálum. Christensen var kennslumálaráðherra á árunum 1901-1905 en tók svo við forsætis- og landvarnaráðuneytinu. Gegndi hann því embætti milli 1905 og 1908 þegar Alberti-hneykslið svonefnda neyddi hann úr embætti. Christensen var ekki ókunnugur Íslandi, en hann kom hingað með Friðriki 8. í Íslandsheimsókn hans árið 1907 í krafti embættis síns sem forsætisráðherra. Síðar gegndi hann embætti kirkjumálaráðherra.

Christensen var mjög kunnugur sjálfstæðismáli Íslendinga, þar sem hann sat í millilandanefndinni 1908 sem skilaði af sér Uppkastinu, og segir Gunnar Þór í bók sinni að þær viðræður sem og örlög Uppkastsins hafi setið í honum. Þrátt fyrir hneykslismálið sem hrakti hann úr forsætisráðherrastólnum voru völd hans og ítök um þetta leyti sögð gríðarmikil, og hefur hann jafnan verið talinn meðal fremstu stjórnmálamanna Dana á 20. öldinni.

Frederik Hedegard Jeppesen Borgbjerg (f. 10. apríl 1866 – d. 15. janúar 1936) var fulltrúi sósíal-demókrata í nefndinni. Borgbjerg stundaði guðfræðinám, en gaf sig snemma að stjórnmálum og varð fljótt einlægur lýðræðis- og lýðveldissinni. Hann var kjörinn á þing árið 1898 og sat samfleytt á þingi til dánardægurs 1936. Þá sat hann einnig í borgarstjórn Kaupmannahafnar frá 1898-1904 og aftur milli 1905 og 1913. Borgbjerg var einnig ritstjóri Social-Demokraten (sem síðar fékk heitið Aktuelt), málgagns Sósíal-demókrataflokksins, á árunum 1911-1924 og 1926-1929.

Borgbjerg vakti hvarvetna athygli fyrir mikinn skeggvöxt sinn, en Einar Arnórsson sagði að hann væri frægur af „lýðmælsku sinni og skeggi, því að hann er manna skeggprúðastur, og unir sér vel í konungsveislum, þótt hann sé sósíalisti“. Borgbjerg var talinn meðal helstu leiðtoga sósíaldemókrata á þingi og gegndi hann tvisvar ráðherraembætti eftir Íslandsförina, fyrst félagsmálaráðherra 1924-1926 og síðan menntamálaráðherra 1929-1935.

Alþingi skipaði samninganefnd sína 21. júní 1918, sama dag og danska sendinefndin lagði af stað til landsins. Allir flokkarnir fjórir sem áttu sæti á þingi fengu sinn fulltrúa í nefndina, og tókst að halda sambandsmálinu utan flokkadrátta hér.

Jóhannes Jóhannesson (17. janúar 1866 - 7. febrúar 1950) var formaður nefndarinnar og fulltrúi Heimastjórnarflokksins. Jóhannes var sýslumaður í Húnavatnssýslu 1894-1896, var skipaður bæjarfógeti í Reykjavík árið 1918 og gegndi því starfi til ársloka 1928. Hann sat einnig í millilandanefndinni 1908, líkt og J.C. Christensen hafði gert. Jóhannes var fyrst kosinn á Alþingi árið 1900 og sat þar nær óslitið til ársins 1931. Hann var forseti sameinaðs Alþingis frá 1918 til 1921 og aftur milli 1924 og 1926. Gísli Jónsson sagði í bók sinni *1918*, að Jóhannes hefði þótt með „allra höfðinglegustu mönnum um sína daga“.

Bjarni Jónsson frá Vogi (13. október 1863 -18. júlí 1926) var fulltrúi Sjálfstæðisflokksins þversum í nefndinni. Hann var þekktur sem einn helsti baráttumaður Íslendinga fyrir sjálfstæði. Bjarni var sagði mikill mælskumaður og harður baráttumaður. Bjarni var einn af þeim sem leiddu baráttuna gegn „uppkastinu“ 1908 á sínum tíma. Voru hann og samflokksmenn hans stundum sakaðir um að sýna af sér fullmikla þvermóðsku þegar kom að sjálfstæðismálunum. Bjarni var einnig málfræðingur og kennari við lærða skólann 1895-1904 og dósent í latínu og grísku við Háskóla Íslands frá árinu 1915. Hann ritstýrði ýmsum blöðum á ferli sínum og var mjög umhugað um framtíð íslenskrar tungu.

Jóhannes Jóhannesson

Bjarni Jónsson frá Vogi

Einar Arnórsson

Þorsteinn M. Jónsson

Einar Arnórsson (24. febrúar 1880 - 29. mars 1955) var fulltrúi Sjálfstæðisflokksins langsum. Hann var 38 ára árið 1918, en þótti bera af í lagakunnáttu. Hann lauk lögfræðiprófi í Kaupmannahöfn árið1906 og hóf kennslu við Lagaskólann í Reykjavík árið 1908. Einar var skipaður prófessor í lögum við Háskóla Íslands þegar háskólinn var stofnaður 1911 og gegndi því fram til 1915 þegar hann varð ráðherra Íslands, en Einar hafði fyrst verið kjörinn á Alþingi ári fyrr. Hann sat tvisvar á þingi, fyrst 1914–1919 og síðan 1931–1932, þá fyrir Sjálfstæðisflokkinn yngri. Einar tók að nýju við prófessorsembætti þegar hann lét af ráðherrastörfum í ársbyrjun 1917. Einar varð stjórnmálaritstjóri bæði Morgunblaðsins og Ísafoldar veturinn 1919–1920.

Einar var skipaður dómari við Hæstarétt árið 1932 og gegndi því embætti til árins 1945, fyrir utan árin 1942-1944, þegar leitað var til Einars og hann beðinn um að sitja í utanþingsstjórninni. Gegndi hann þar embætti dóms- og menntamálaráðherra.

Einar sagði síðar frá því að hann hefði verið ófús til þess að taka sæti í samninganefndinni, þar sem hann var sá eini nefndarmanna sem ekki hafði setið í fullveldisnefndum Alþingis fyrr um veturinn.

Þorsteinn M. Jónsson (20. ágúst 1885 - 17. mars 1976) var fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni. Hann var heimiliskennari á Akureyri 1905-1906 og kennari við barnaskólann á Seyðisfirði 1907–1908. Þorsteinn stofnaði unglingaskóla í Borgarfirði eystra 1909 og stýrði barnaskólanum þar til 1919. Á sama tíma rak Þorsteinn búskap á Hvoli í Borgarfirði 1910–1918 og í Stóru-Breiðuvík 1918–1921, auk þess sem hann rak smábátaútgerð í Bakkagerði 1913–1918 og kaupfélagið þar 1918–1921. Þorsteinn var alþingismaður Norður-Múlasýslu frá 1916–1923, en sinnti eftir þingsetuna aftur kennslustörfum og búskap, auk þess sem hann hóf bókaútgáfu 1924 sem hann rak lengi. Þá var hann bæjarfulltrúi á Akureyri árin 1942-1956 og forseti bæjarstjórnar frá árinu 1944. Þorsteinn var yngstur nefndarmanna, og lifði hann jafnframt lengst þeirra.

Hjarta lands og þjóðar

Verið velkomin að kynnast sögu og náttúru Þingvalla

Glæsileg sýning
í gestastofu þjóðgarðsins
á Þingvöllum

Opin alla daga 9-18

www.thingvellir.is

ÞINGVELLIR
ÞJÓÐGARÐUR

Hin víðfræga ljósmynd Magnúsar Ólafssonar hefur mótað hugmyndir fólks um fullveldistökuna fram á þennan dag.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Magnús Ólafsson

Stærsta stund Íslandssögunnar

Boðað var til hátíðahalda í miðbæ Reykjavíkur og víðar í tilefni af fullveldisstofnuninni. Hátíðahöldin voru viljandi höfð lágstemmd, þar sem spænska veikin var þá nýbúin að valda gríðarlegum usla. En hvernig fór dagurinn fram?

Stefán Gunnar Sveinsson sgs@gmail.com

Um undanfarna áratugi hafa vitrustu og bestu menn þjóðar vorrar barist fyrir viðurkenningu Dana á sjálfsögðum rétti vorum til þess að ráða einir högum vorum. Nú er viðurkenningin fengin, svo ótvíræð að ekki verður um deilt. Í dag sezt íslenzka þjóðin á bekk með fullvalda þjóðum heimsins.“ Svo hljóðaði forsíðugrein Morgunblaðsins hinn 1. desember 1918, daginn sem sambandslagasamningurinn milli Íslands og Danmerkur gekk í gildi.

Svo vel vildi til, að vel viðraði á hinum fyrsta degi hins frjálsa og fullvalda ríkis. Í Morgunblaðinu var deginum lýst svo: „Dagurinn í gær var mesti blíðviðrisdagur, sem komið hefir lengi, og lagði forsjónin þannig sinn skerf til þess að þessi merkilega stund gæti orðið sem hátíðlegust.“ Tímaritið Lögrétta bætti um betur og sagði að þennan dag hefði veðrið verið „svo fagurt sem fremst má verða um þetta leyti árs, skýlaus himinn, frostlaust og kyrrt, svo að það merktist að eins á reykjunum upp frá húsunum, að sunnanblær var í lofti, og ýtti hann móðunni, sem yfir bæinn legst í logni, hægt og hægt norður á flóann. Sveitirnar voru auðar og mjög dökkar yfir að líta, en hrím á hæstu fjöllum, og sló á það roða við sólaruppkomuna.“

Ríkisstjórnin hafði boðað að hátíðarhöld myndu hefjast við stjórnarráðið um kl. 11.45 og byrjaði fólk að streyma um hálftólfleytið úr öllum áttum að Lækjartorgi. Í lýsingu Morgunblaðsins segir að mannfjöldinn hafi safnast allt í kring um stjórnarráðsblettinn, en þeir sem sérstaklega hafði verið boðið að vera við athöfnina hefðu tekið sér stöðu við dyr Stjórnarráðshússins. Þá mynduðu liðsmenn af varðskipinu Islands Falk heiðursfylkingu á stjórnarráðsblettinum.

Kl. 11.45 hófst svo athöfnin á því að lúðraflokkur undir stjórn Reynis Gíslasonar lék „Eldgamla Ísafold“. Sigurður Eggerz fjármálaráðherra, er þá gegndi störfum forsætisráðherra meðan hann var í Kaupmannahöfn, flutti þá ræðu í tilefni dagsins, þar sem hann fjallaði meðal annars um þátt allra Íslendinga í því að koma á fullveldi landsins. Sigurður lauk ræðu sinni á nokkrum orðum um mikilvægi fánans sem merki hins fullvalda ríkis. Um það leyti sem Sigurður lauk máli sínu var tjúgufáni dreginn að húni á stjórnarráðshúsinu. Vildi svo vel til að vindblærinn var þá svo mikill að fáninn þandist.

Danir hylla hið fullvalda ríki

Hafði verið mælst til þess að bæjarbúar myndu draga íslenskan fána upp um leið og verið væri að flagga ríkisfánanum en ekki fyrr. Urðu Reykvíkingar svo við þeim tilmælum að bærinn varð á einni svipstundu sveipaður miklum hátíðarblæ.

Meðan fáninn var dreginn að húni heyrðist 21 skot frá danska varðskipinu Islands Falk í hyllingarskyni við fána hins fullvalda ríkis. Flutti Victor Lorenz Lorck, skipstjóri Islands Falk, ræðu á dönsku í kjölfarið, en hann var viðstaddur athöfnina sem æðsti fulltrúi Danmerkur hér á landi. Sagði hann að með hyllingu varðskipsins væri strax frá fyrstu stundu hins unga ríkis sýnt af hálfu Dana að það væri „einlægur vilji dönsku þjóðarinnar að fullnægja sambandslögunum á sem hollustusamlegastan hátt“.

Lorck bætti við að Ísland og Danmörk væru enn tengd saman nánum böndum, eins og „tveir fullveðja, norrænir bræður“ og sagði hann að danska þjóðin væri þess fullviss að þeir bræður myndu taka höndum saman í innileik og gagnkvæmu trausti við að „leysa af hendi hin mörgu verkefni, sem hinir merku og nýju tímar, er nú taka við, leggja bæði

Hátíðahöld utan Reykjavíkur

Fullveldinu var fagnað víðar en í Reykjavík. Um 300 Íslendingar komu saman í Kaupmannahöfn og héldu daginn hátíðlegan. Sagði í Morgunblaðinu 4. desember að hátíðin hefði farið prýðilega fram, en þar var meðal annars stofnaður sjóður til hjálpar sjúkum og bágstöddum á Íslandi og söfnuðust um 3.000 krónur í hann.

Í Ósló var gleðinni þjófstartað, en þar fögnuðu Íslendingar fullveldinu 30. nóvember. Komu þeir saman á heimili Ólafíu Jóhannesdóttur og flutti hún þar ræðu og færði Norðmönnum þakkir fyrir þann stuðning sem þeir hefðu sýnt Íslendingum í sjálfstæðisbaráttu sinni.

Á Ísafirði var fullveldinu fagnað 1. desember, en tekið var fram í blöðunum að jafnframt hefði verið ákveðið að halda aftur upp á það 1. janúar 1919, þar sem menn voru enn að jafna sig eftir spænsku veikina.

Á Akureyri voru fánar dregnir upp um allan bæinn um morguninn. Sagði í Akureyrarblaðinu Íslendingi að Geir Sæmundsson, vígslubiskup á Hólum, hefði minnst fullveldisins á predikunarstólnum „á mjög snotran hátt“. Þá sendi bæjarfógetinn á Akureyri Stjórnarráði Íslands „snjallt heillaóskaskeyti fyrir hönd sýslu- og bæjarbúa“. Voru þó hátíðahöldin sögð lágstemmd miðað við Reykjavík.

Ljósmyndasafn Íslands/ Þorleifur Þorleifsson

Þessi ljósmynd eftir Þorleif Þorleifsson sýnir Victor Lorenz Lorck, skipherra á varðskipinu Islands Falk, standa fyrir framan Stjórnarráðið í þann mund sem fáni Íslands var dreginn að húni.

Hátíðarræða Sigurðar Eggerz 1. desember 1918

Íslendingar! Hans hátign konungurinn hefur staðfest sambandslögin í gær, og í dag ganga þau í gildi. Ísland er orðið viðurkennt fullvalda ríki.

Þessi dagur er mikill dagur sögu þjóðar vorrar. Þessi dagur er runninn af þeirri baráttu, sem háð hefur verið í þessu landi allt að því í heila öld. Hún hefur þroskað oss, baráttan, um leið og hún hefur fært oss að markinu. Saga hennar verður ekki sögð í dag. Hún lifir í hjörtum þjóðarinnar.

Þar lifir einnig minning þeirra, sem með mestri trúmennsku hafa vakað yfir málum vorum. Hér engin nöfn. Þó aðeins eitt, sem sagan hefur lyft hátt yfir öll önnur á sínum breiðu vængjum. Nafn Jóns Sigurðssonar. Hann var foringinn meðan hann lifði. Og minning hans hefur síðan hann dó verið leiðarstjarna þessarar þjóðar.

Í dag eru tímamót. Í dag byrjar ný saga, saga hins viðurkennda íslenska ríkis. Fyrstu drættina í þeirri sögu skapar sú kynslóð, sem nú lifir, frá þeim æðsta, konunginum, til þess, sem minnstan á máttinn. Það eru ekki aðeins stjórnmálamennirnir, er miklu ráða um mál þjóðarinnar, sem skapa hina nýju sögu. Nei, það eru allir. Bóndinn, sem stendur við orfið og ræktar jörð sína, hann á hlutdeild í þeirri sögu, daglaunamaðurinn, sem veltir steininum úr götunni, hann á hlutdeild í þeirri sögu, sjómaðurinn, sem situr við árarkeipinn, hann á þar hlutdeild. Allir, sem inna lífsstarf sitt af hendi með alúð og samviskusemi, auka veg hins íslenska ríkis. Og sú er skylda vor allra.

Hans hátign konungurinn hefur, með því að undirskrifa sambandslögin, leitt þá hugsjón inn í veruleikann, sem vakti fyrir föður hans, Friðrik konungi 8., sem öðrum fremur hafði djúpan skilning á málum vorum. Og í gær hefur konungurinn gefið út úrskurð um þjóðfána íslands, sem blaktir frá því í dag yfir hinu íslenska ríki. Hlýr hugur hinnar íslensku þjóðar andar á móti konungi vorum.

Fáninn er tákn fullveldis vors. Fáninn er mynd þeirra hugsjóna, sem þjóð vor á fegurstar. Hvert stórverk, sem unnið er af oss, eykur veg fánans. Hvort sem það er unnið á höfunum, í baráttunni við brim og úfnar öldur, eða á svæði framkvæmdanna, eða í vísindum og fögrum listum. Því göfugri sem þjóð vor er, þess göfugri verður fáni vor. Vegur hans og frami er frægð þjóðar vorrar og konungs vors. Vér biðjum alföður að vaka yfir íslenska ríkinu og konungi vorum. Vér biðjum alföður að styrkja oss til að lyfta fánanum til frægðar og frama. Gifta lands vors og konungs vors fylgi fána vorum. Svo drögum vér hann að hún.

hinni íslenzku og dönsku þjóð á herðar“.

Lorck sagði jafnframt að venjulega væri ekki auðvelt að skilja tilfinningar annarra, en að þó teldi hann að hinir íslensku bræður sínir myndu skilja að það væri ekki „í alla staði auðvelt hinni dönsku þjóð, sem hingað til hefir fundið til þess að hún var smáþjóð, að taka þátt í því sem skeður í dag“. Hins vegar myndi Guð, sem elskaði rétt en hataði órétt, launa hinni dönsku þjóð fyrir það að hafa látið sér „umhugað um, að gera eigi bræðraþjóð sinni rangt til í þessu máli“. Bað Lorck í framhaldinu Guð um að blessa bæði framtíð Íslands og Danmerkur og að lokum að hann myndi varðveita konunginn.

Lúðraflokkur Reynis Gíslasonar lék þá lagið „Kong Christian stod ved højen mast“, hátíðarsöng þjóðhöfðingja Danmerkur. Að því loknu hrópaði Ágúst H. Bjarnason prófessor „Lengi lifi konungur vor, hans hátign Kristján 10.“ og fagnaði mannfjöldinn því með níföldu húrrahrópi fyrir konungi ríkjanna tveggja.

Vaxandi bróðurþel og samvinna

Jóhannes Jóhannesson bæjarfógeti, forseti sameinaðs þings og formaður íslensku samninganefndarinnar í sambandsmálinu flutti þar næst minni Danmerkur, og þakkaði dönskum stjórnvöldum fyrir að viðurkenna fullveldi landsins. „Oss er þetta því ljúfara og skyldara sem Danmörk er fyrsta ríkið, sem viðurkennt hefir fullveldi Íslands og hefir nú síðast sýnt oss þann mikla sóma og hið hlýja bróðurþel, að láta herskip bíða hér, eingöngu til þess að heiðra fána vorn við þetta tækifæri og láta í ljósi samúð sína við oss og samfagna oss á þessari stundu,“ sagði Jóhannes.

Sagðist Jóhannes þess fullviss að hann talaði fyrir munn hvers einasta Íslendings þegar hann léti í ljós þá innilegu ósk og von, að Danmerkurríki mætti „eflast og blómgast, að óskir og vonir, sem því hafa verið hjartfólgnar um mörg ár,megi rætast og að ætíð megi fara vaxandi bróðurþel og samvinna milli dönsku og íslenzku þjóðanna, báðum til gagns og sóma“.

Í kjölfarið var leikinn þjóðsöngur Danmerkur, „Der er et yndigt land“ og var hrópað húrra fyrir Danmörku. Athöfninni við Stjórnarráðið lauk svo á því að Sigurður Jónsson hrópaði „Lengi lifi hið íslenska ríki“, og segir í Ísafold að „varð þá húrrahrópsþörfin svo mikil að aldrei ætlaði enda að taka.“ Lúðraflokkurinn flutti að lokum „Ó, Guð vors lands“, og var þá hinni lágstemmdu athöfn við Stjórnarráðið lokið. Kom blöðunum saman um að hún hefði farið vel og virðulega fram. Mun hafa verið nokkur mannfjöldi í bænum fram eftir kvöldi. Þá var fullveldisskemmtun haldin í Iðnó, sem haldin var að tilstuðlan einstaklinga. Var ágóðanum af skemmtuninni varið til hjálparstarfsemi vegna spænsku veikinnar.

Enginn „tiltakanlegur fagnaðarblær“

Í Morgunblaðinu var hins vegar kvartað yfir því að Íslendingar hefðu lítið látið bera á tilfinningum sínum þennan dag. „Íslendingar eru þannig skapi farnir, að þeir láta ógjarna bera á tilfinningum sínum. Þeir hrífast ekki eins og aðrar þjóðir af því sem fram fer, eða láta að minnsta kosti ekki á því bera. Þetta kemur einna bezt í ljós á hátíðlegu stundunum, og svo var einnig í gær. Það virtist ekki vera neinn tiltakanlegur fagnaðarblær yfir þeim mikla mannfjölda, sem safnast hafði saman til að fagna fullveldinu, hvort sem það hefir stafað af skilningsleysi á þýðingu viðburðarins, eða meðfæddu dullyndi þjóðarinnar.“

Þrátt fyrir það sagði í Morgunblaðinu að „hátíðlegur blær“ hefði verið „að ýmsu leyti“ yfir athöfninni. „Það mátti sjá á mörgum, að þeir fundu að stundin, sem leið um hádegið í gær, var alvöruþrungin stund, og lengi munu menn minnast augnabliksins, þegar klofinn, íslenskur fáni sveif að hún í fyrsta sinn.“ Að lokum nefndi Morgunblaðið að tvær fánastengur hefðu staðið auðar fyrir aftan stjórnarráðshúsið, en þar hafði venjulega verið flaggað danska fánanum, Dannebrog, við hlið íslenska fánans. Var það mjög táknrænt að sögn blaðsins. „Þær minntu á síðasta þáttinn í fullveldisbaráttunni og klofni fáninn sýndi að nýtt tímabil var hafið í sögu þjóðarinnar.“

Ljósmynd/Magnús Ólafsson

Þegar styttan af fyrsta ráðherranum, Hannesi Hafstein, var tilbúin 1931 þótti við hæfi að afhjúpa hana á fullveldisdaginn. Mikið fjölmenni sótti athöfnina við Stjórnarráðið.

Fullveldisdagurinn í 100 ár

Afmælis fullveldisins 1. desember hefur ávallt verið minnst með einhverjum hætti. Veðurfar takmarkaði útihátíðir frá upphafi. Stúdentar tóku daginn snemma í fóstur. Það dró úr vægi fullveldisdagsins þegar 17. júní var valinn þjóðhátíðarardagur við stofnun lýðveldis 1944. Hér er stiklað á stóru um sögu dagsins.

Guðmundur Magnússon gudmundur@mbl.is

Fullveldisdagurinn 1. desember hefur aldrei verið haldinn með sama hátíðarbrag og tíðkast hefur 17. júní frá stofnun lýðveldis 1944. Afmælis fullveldisins 1918 hefur þó ávallt verið minnst með einhverjum hætti frá 1919.

Samkvæmt samningnum um samband Íslands og Danmerkur sem gerður var í júlí 1918 skyldu sambandslögin taka gildi – og Ísland þar með verða fullvalda ríki – 1. desember sama ár. Dagsetningin var líklega tilviljun. Þessi dagur hafði þá enga sérstöðu á Íslandi. En fyrst varð að samþykkja samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi og á þjóðþingum beggja landanna. Íslendingar gengu rösklega til verksins. Alþingi samþykkti sambandslagafrumvarpið 2. september og lögin voru staðfest í þjóðaratkvæðagreiðslu 19. október með tæplega 93% gildra atkvæða. Danska þingið var svifaseinna. Frumvarpið var ekki afgreitt fyrr en 29. nóvember og þá voru lögin send konungi sem staðfesti þau daginn eftir. Skeyti um það barst til Íslands þann sama dag.

„Þarf að finna hentugri dag“

Samkoman sem haldin var við Stjórnarráðshúsið 1. desember virðist hafa verið undirbúin með afar litlum fyrirvara, enda var hún stutt og fábrotin. Kannski voru menn ekki sannfærðir um að Danir myndu samþykkja lögin tímanlega. Líklegra er þó að hér gæti áhrifa spænsku veikinnar sem um þær mundir lá eins og mara yfir þjóðlífinu öllu. Í Reykjavík höfðu á þriðja hundrað manns látist á stuttum tíma í nóvember. Hinn 25. nóvember mátti lesa í Morgunblaðinu að fullveldishátíð væri í undirbúningi meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn 1. desember. „Eigi vitum vér til þess að nokkuð slíkt sé í undirbúningi hér, en óneitanlega væri það þó vel viðeigandi, þó einhverjir erfiðleikar ef til vill kunni að vera á því sökum veikindanna.“

Og blaðið bætti síðan við þessum orðum: „En framvegis verður erfitt að halda fyrsta dag desembermánaðar hátíðlegan sem þjóðhátíðardag Íslendinga. Daginn ber upp á versta tíma ársins, þegar allra veðra er von og hátíðahöld undir berum himni í flestum tilfellum ómöguleg. Það þarf þá að finna einhvern hentugri dag til þess að minnast sjálfstæðis Íslands framvegis á viðeigandi hátt.“

Fagnaðarblæ skorti

Samkoman við Stjórnarráðið 1. desember 1918 hófst kl. 11 að morgni. Nokkur hundruð manns voru viðstödd. Blásið var í lúðra og ræður fluttar og klukkan 12 stundvíslega var nýi ríkisfáninn, tjúgufáninn, dreginn að húni í fyrsta sinn. Íslenskir fánar voru síðan dregnir upp víðast hvar í bænum að ósk stjórnarráðsins. Víða voru skreytingar í verslunargluggum. Engin önnur opinber samkoma var haldin, en um kvöldið var þó efnt til fagnaðar í Iðnó sem sum blöðin kölluðu fullveldisskemmtun.

Í frásögn Morgunblaðsins af samkomunni við Stjórnarráðshúsið daginn eftir segir: „Íslendingar eru þannig skapi farnir að þeir láta ógjarna bera á tilfinningum sínum. Þeir hrífast ekki eins og aðrar þjóðir af því sem fram fer, eða láta að minsta kosti ekki á því bera. Þetta kemur einna bezt í ljós á hátíðlegu stundunum, og svo var einnig í gær. Það virtist ekki vera neinn tiltakanlegur fagnaðarblær yfir þeim mikla mannfjölda, sem safnast hafði saman til að fagna fullveldinu, hvort sem það hefir stafað af skilningsleysi á þýðingu viðburðarins eða meðfæddu dullyndi þjóðarinnar.“

Stúdentar taka daginn í fóstur

Ársafmælis fullveldisins 1919 var minnst með því að fánar voru dregnir á stengur víðs vegar um land. Sums staðar voru skip í höfnum fánum skreytt. Lúðrafélagið Harpa lék nokkur lög framan við Stjórnarráðshúsið. Byrjað var á „Ó guð vors lands“ og endað á „Eldgamla Ísafold“. Ræðuhöld urðu engin. Frí var gefið í skólum Reykjavíkur og flestum búðum bæjarins var lokað um hádegi og svo var víðar í kaupstöðum. Meiri var viðhöfnin ekki þegar Íslendingar höfðu verið sjálfstæð þjóð í eitt ár. En sú venja skapaðist að gefa frí í skólum þennan dag. Ennfremur var verslunum og skrifstofum lokað eftir hádegi.

Þáttaskil urðu árið 1922 þegar stúdentar tóku fullveldisdaginn svo að segja í fóstur. Þeir efndu til samkomu með ræðuhöldum í Nýja bíói í Reykjavík. Að henni lokinni var gengið í skrúðgöngu að Alþingishúsinu, þar sem Háskólinn var þá til húsa. Blaðið Lögrétta sagði að mikill mannfjöldi hefði þá verið á Austurvelli og lúðrasveit hefði leikið ættjarðarlög. Háskólarektor ávarpaði fólkið af svölum þinghússins.

Næstu áratugina urðu svipaðar samkomur á vegum stúdenta uppistaðan í hátíðarhöldunum í Reykjavík á fullveldisdaginn. Þetta voru fyrst og fremst menntamannasamkomur. Dansleikir að kvöldi dagsins voru þó öllum opnir. En samkomur sniðar að þörfum hins breiða fjölda voru engar og ekki er að sjá að nein tilbreyting hafi verið í boði fyrir börnin sem þó fengu frí úr skólunum. Stúdentar merktu sér fullveldisdaginn enn sterkar með því að gera fjársöfnun til byggingar stúdentagarðs að einu höfuðatriði dagskrárinnar. Svo var um langt árabil. Þá hefur það lengi verið hluti af dagskrá fullveldisdagsins hjá stúdentum að forystumenn þeirra leggi blómsveig á leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallagarði.

Í stærri kaupstöðum úti á landi voru gjarnan einhverjar samkomur þennan dag þar sem fyrirmenn fluttu ræður um sjálfstæðisbarátt-una. Þegar héraðsskólar með heimavistum

komu til sögu á fjórða áratugnum var dagsins minnst þar með samkomuhaldi.

Eftir að Útvarpið kom 1930 var farið að hafa þar sérstaka fullveldisdagskrá sem hlustendur um land allt gátu notið. Útvarpað var frá samkomu stúdenta og síðan var sérstök hátíðardagskrá um kvöldið með fyrirlestrum og tónlist. Allar götur síðan hefur Ríkisútvarpið minnst fullveldisafmælisins með einhverjum dagskrárliðum.

Nýr þjóðhátíðardagur

Á árunum fram að lýðveldisstofnuninni 1944 var stundum talað um 1. desember sem þjóðhátíðardag Íslendinga. Slíkt orðalag var þó ekki algengt í blöðunum.

Líkleg örlög fullveldisdagsins eftir stofnun lýðveldisins voru gerð að umtalsefni í Vísi 1943: „Stúdentar hafa beitt sér fyrir hátíðahöldunum 1. desember til þessa. Hafa þau ekki náð til almennings svo sem skyldi og dagurinn því ekki verið sannkallaður þjóðhátíðardagur. Til þess er hann á marga lund illa fallinn; íslenzkt veðurfar er óstöðugt, ekki sízt á vetrum, og brugðið getur til beggja vona um hvort hátíðahöldum megi uppi halda eða ekki í myrkasta skammdeginu. Verður því að gera ráð fyrir að valinn verði annar þjóðhátíðardagur heppilegri, hvort sem stúdentar kunna enn um skeið að fagna 1. desember. Sem þjóðhátíð er dagurinn úr sögunni að þessu ári liðnu, en annar dagur bjartari og hlýrri kominn í staðinn.“

Þetta gekk eftir. Eftir stofnun lýðveldis 17. júní 1944 var ákveðið að 1. desember skyldi framvegis vera einn hinna lögskipuðu fánadaga „í minningu þess, að þann dag árið 1918 gengu sambandslögin í gildi, en með þeim var Ísland viðurkennt frjálst og fullvalda ríki,“ eins og það var orðað í tilkynningu ríkisstjórnarinnar í nóvember það ár. Síðan sagði: „17. júní 1944 var lýðveldi stofnað á Íslandi. Mun því sá dagur hér eftir verða þjóðhátíðardagur Íslendinga eins og 1. desember var frá 1918-1944.“

„Enginn ljómi lengur“

Þremur árum eftir lýðveldisstofnun hugleiddi Víkverji Morgunblaðsins örlög fullveldisdagsins með þessum orðum: „Fullveldisdagurinn okkar gamli – fyrsti desember – er að verða svona hvorugt. Hann er ekki hátíðisdagur nema að hálfu leyti og það er enginn ljómi yfir honum lengur í augum almennings. Við höfum fengið nýjan þjóðhátíðardag og það eru stúdentar einir sem halda upp á daginn með skrúðgöngum og ræðuhöldum. Í sumum atvinnugreinum er 1. desember ennþá hálfur frídagur, en margar stéttir kjósa nú að vinna allan 1. desember og fá í stað þess laugardaginn fyrir páska fyrir heilan frídag. En 1. desember er ennþá fánadagur og er fyrirskipað að flagga á opinberum byggingum og einstaklingarnir fylgja á eftir. Það er sjálfsagður siður. En hætta er á að með tímanum verði 1. desember venjulegur skammdegisdagur og menn gleymi því smátt og smátt hversvegna hann var einu sinni haldinn hátíðlegur. Dagurinn verður sennilega í framtíðinni ekki nema stúdentadagur og bundinn við þá eina. Það er vel til fundið hjá stúdentum að velja sér fyrsta des. sem hátíðisdag og vonandi halda þeir nafni dagsins á lofti á ókomnum árum.“

Auk þess að vera fánadagur var fullveldisdagurinn áfram næstu árin frídagur í skólum og verslunum og skrifstofum var yfirleitt lokað eftir hádegi. Það breyttist líka. Árið 1963 úrskurðaði sérstakur kjaradómur um kaup og kjör opinberra starfsmanna og síðar verslunarmanna. Þar var m.a. kveðið á um frídaga og var niðurstaðan sú að 1. desember skyldi ekki teljast almennur frídagur. Skólar höfðu þó áfram sérstöðu. Þeir gáfu frí alveg til ársins 1995 þegar kennarar féllust á það með kjarasamningi við ríkið að kennsluskylda skyldi vera þennan dag. Frá því er aðeins sú undantekning að dagurinn sé valinn sem starfsdagur í skólum; þá fá nemendur frí en kennarar funda.

Hátíðarhöldin 1. desember 2018 eru vegleg enda afmælið stórt. En hvað svo verður um fullveldisdaginn og dagskrá hans sker reynslan ein úr um.

Morgunblaðið/ÞÖK

Forystumenn háskólastúdenta arka með blómsveig að leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallagarði 1. desember 2006.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Bankahrunið var mörgum ofar í huga en fullveldisafmælið 1. desember 2008. Hér er framgöngu Seðlabankans mótmælt.

Ljósmynd/Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Nemendur Menntaskólans við Hamrahlíð minntust fullveldisins 1971 með skopstælingu á hersýningu.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, segir að fullveldið hafi reynst Íslendingum vel.

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Framtíðin er í okkar höndum

Fullveldistakan 1918 snerist að miklu leyti um það að sýna bæði Íslendingum og öðrum þann kraft sem býr í íslensku þjóðinni, segir Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands. Hann segist jafnframt vera bjartsýnn á framtíðina.

Stefán Gunnar Sveinsson sgs@mbl.is

„Fullveldið hafði, og hefur enn, geysimikla þýðingu,“ segir Guðni Th. Jóhannesson, 6. forseti lýðveldisins, um þann merka áfanga sem vannst í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga hinn 1. desember 1918. Hann bendir meðal annars á að ekki aðeins hafi Ísland þar náð stöðu frjáls og fullvalda ríkis, heldur hafi einnig falist í sjálfum sambandslögunum fyrirheit um algera lausn undan erlendu valdi, að Íslendingar gætu lýst yfir fullu sjálfstæði þegar tímaskeiði sambandslaganna lyki. „Fullveldisyfirlýsingin 1918 var stór áfangasigur og eitt síðasta skrefið á leiðinni til fulls sjálfstæðis.“

Efasemdaraddir árið 1918

Guðni bætir við að fullveldið hafi ekki bara snúist um stjórnskipulega stöðu Íslands sem sérstaks ríkis. „Íslendingar þurftu að vilja verða fullvalda, finna að þeir gætu staðið á eigin fótum og til þess að svo mætti verða þurfti traustar efnahagslegar stoðir. Það verður að segjast eins og er að í aðdraganda fullveldisheimtar voru þeir til, bæði hér heima og úti í hinum stóra heimi, sem höfðu efasemdir um að Ísland gæti staðið eitt og sér í ólgusjó heimsins.“

Þær efasemdir höfðu ekki síst skapast vegna styrjaldarinnar sem olli hér miklum búsifjum. Guðni bendir þó á að þrengingar stríðsáranna hafi einnig sýnt Íslendingum að þeir þurftu ekki að reiða sig á sambandið við Dani. „Styrjöldin skóp ýmsan vanda fyrir okkur, hér varð vöruskortur, kolaskortur, við seldum stóran hluta togaraflotans vegna þrenginga. Það var ekki bjart framundan í efnahagslegu tilliti árið 1918 en stríðið hafði þó sýnt okkur um leið að við þurftum ekki á nánu efnahagslegu sambandi við Dani að halda.“

Annað sem kom Íslendingum til góða í lok heimsstyrjaldarinnar var sá andi sjálfsákvörðunarréttar þjóða sem sveif yfir vötnum. Guðni bendir á að fullveldisheimt Íslendinga hafi ekki orðið í neinu tómarúmi heldur hafi lok styrjaldarinnar leitt til þess að fjöldi sjálfstæðra ríkja spratt upp, einkum í austurhluta Evrópu. „Við nutum þessara vinda sem blésu um álfuna og það hefði verið mjög undarleg niðurstaða ef Íslendingar hefðu sagt við sjálfa sig: Reynum að hverfa aftur til þess ástands sem var fyrir 1914.“

Lýðveldisstofnunin ristir dýpra

Guðni bendir hins vegar einnig á að fullveldið hafi ekki endilega þótt sjálfgefið, jafnvel eftir að það var komið í höfn. „Og vissulega var það svo á 4. áratug síðustu aldar, með heimskreppu og öfgum, fasisma, nasisma og kommúnisma, að óttast mátti um fullveldi Íslands. Laust fyrir seinna stríð voru Íslendingar líka í kröggum, í mestu vandræðum með að standa skil á afborgunum lána erlendis.“ Síðari heimsstyrjöldin breytti hins vegar öllu, segir Guðni. „Okkur hættir til að sjá söguna sem röð óumflýjan legra viðburða, að sögunni hlyti að hafa undið fram sem raun ber vitni, en í ljósi þess óróa sem geisaði í álfunni á fjórða áratugnum er skiljanlegt að menn eins og Sveinn Björnsson, sendiherra og síðar fyrsti forseti lýðveldisins, hafi talið í aðdraganda stríðsins að það gæti verið hollt fyrir Íslendinga að halda til frambúðar í konungssambandið við Dani.“ Rás viðburðanna breytti hins vegar þeirri skoðun Sveins og fleiri, þannig að þeir komust að þeirri niðurstöðu að full skil við Dani væru sjálfsögð. „Um það var þó ekki einhugur í hildarleiknum hvort bíða bæri stríðsloka og alveg óhætt að velta yfir því vöngum núna hvorir hafi haft betri málstað að verja, svonefndir lögskilnaðarmenn eða hraðskilnaðarmenn, en svo fór sem fór.“

Spurður hvers vegna stofnun lýðveldis virðist vera fyrirferðarmeiri í þjóðarsálinni en fullveldisstofnunin segir Guðni það í raun skiljanlegt, því að með lýðveldinu hafi Ísland losnað formlega undan erlendu valdi fyrir fullt og allt. Fullveldisstofnunin virki því frekar eins og áfangasigur í sjálfstæðisbaráttunni. Auk konungssambands hafi Danir séð um utanríkismál í okkar umboði til 1940 og danskir ríkisborgarar hafi notið hér fullra réttinda til jafns við Íslendinga. Þá liti hin sögulega minning af viðburðunum sjálfum einnig viðhorf fólks. „Ef við berum saman 17. júní 1944 á Þingvöllum, þar sem tugþúsundir komu saman, og viðburðinn fyrir framan Stjórnarráðið 1. desember 1918, þá er lýðveldisstofnunin miklu magnþrungnari og merkari í minningunni. Einnig má hafa í huga að fullveldisdagurinn 1918 var í skugga spænsku veikinnar,“ segir Guðni.

Þá gæti einnig sú einfalda staðreynd að annar dagurinn er að sumri til og þar af leiðandi hentugri til hátíðarhalda haft sitt að segja. „17. júní er fæðingardagur Jóns Sigurðssonar, sem gnæfir yfir aðra í sjálfstæðissögu Íslendinga. Að því leytinu til er líka vel til fundið að hampa þeim degi frekar en öðrum,“ segir Guðni.

Sýndum hvað í okkur býr

Guðni segir aðspurður að fullveldið hafi reynst Íslendingum mjög vel á þeim hundrað árum sem liðin eru frá endurheimt fullveldis. „Það má alveg fara í þá hugarleikfimi að ímynda sér Ísland án fullveldis en niðurstaðan yrði alltaf sú að þá hefði þjóðinni að minnsta kosti ekki vegnað betur, því að fullveldið snerist að miklu leyti um það að sýna sjálfum okkur og öðrum hvað í okkur býr.“

Guðni segir að að vissu leyti megi líkja þessu við að vaxa úr grasi og fara úr foreldrahúsum. „Þeim vegnar ekki öllum vel sem vita af skjólinu heima og forðast þess vegna að standa á eigin fótum.“

Guðni bendir einnig á að hugmyndin um hvað felist í fullveldi hafi breyst á þessum

Guðni segir að lýðveldisstofnunin 1944 hafi að mörgu leyti rist dýpra í þjóðarsálinni en fullveldisheimtin 1918.

Morgunblaðið/Jón Sen

Sönn ættjarðarást sameinar

Guðni segist aðspurður hafa velt nokkuð í ræðu og riti fyrir sér þeim mun sem felst í fyrra starfi hans sem sagnfræðings og núverandi embættisskyldum hans, sér í lagi þegar kemur að túlkun sögulegra viðburða. „Það er nánast skrifað í starfslýsingu þjóðhöfðingja hvarvetna að þeim beri að vera bjartsýnir og horfa á það sem sameinar fólk frekar en það sem sundrar því. Um leið ber öllum sagnfræðingum og þeim sem vinna í hinu svonefnda fræðasamfélagi að vera gagnrýnir í hugsun og láta sig engu varða hvað valdhöfum þykir henta hverju sinni.“ Guðni segist sannfærður um að hægt sé að gera hvort tveggja. „Við getum verið gagnrýnin en bjartsýn um leið. Þótt við bendum á það sem miður hefur farið og fer enn í okkar samfélagi, og þótt við bendum á að við eigum ekki alltaf sameiginlega hagsmuni, getum við líka reynt að finna okkar sameiginlegu þræði, sameiginlegan vilja til betra samfélags.“ Guðni tekur líka dæmi úr heimi íþróttanna. „Ég er mikill áhugamaður um íþróttir og hef sagt við suma kollega mína í fræðunum að enginn geti áttað sig á heilbrigðri ættjarðarást nema sá eða sú hafi farið á landsleik, staðið í stúkunni með löndum sínum, kyrjað þjóðsönginn, fengið gæsahúð og fundið tár á hvarmi.“ Stuðningur við landslið Íslands er því að mati Guðna gott dæmi um það hvernig ættjarðarást getur verið sameinandi afl þótt hafa beri í huga þann mun sem sé á leik og alvöru lífsins. „En sönn ættjarðarást á ekkert skylt við þjóðrembu eða gort. Dramb er falli næst, það ættum við nú að hafa lært. Sönn ættjarðarást á að sameina okkur í stuðningi við hvert annað, í umburðarlyndi og víðsýni. Sönn ættjarðarást felur í sér virðingu fyrir náttúru landsins og menningararfi. Hún gerir okkur kleift að skilgreina okkar sjálfstæði og þjóðerni þannig að við getum tekið vel á móti þeim sem hingað flytjast til að vinna og láta gott af sér leiða, vera fullgildir samfélagsborgarar þótt þeir geti ekki rakið ættir sínar til Egils Skallagrímssonar eða Auðar djúpúðgu, innflytjenda síns tíma.“

hundrað árum. „Við höfum frá fyrsta degi mótað fullveldi okkar og lagað það að nýjum straumum, aukið það hér, deilt því þar. Þessu munum við halda áfram. Árið 1918 þótti það órjúfanlegur hluti okkar fullveldis að við lýstum yfir ævarandi hlutleysi í ófriði. Þannig yrði fullveldið tryggt, að við stæðum utan hugsanlegs ófriðar og átaka í heiminum. Í síðari heimstyrjöldinni hurfum við frá þessu í verki, og nánast í orði líka. Eftir lýðveldisstofnun og lok seinna stríðs var það fyrst órjúfanlegur hluti sjálfstæðis okkar að hér yrði ekki her á friðartímum. Svo uxu viðsjár í heiminum og meirihluti þings og ugglaust samfélagsins í heild komst að þeirri niðurstöðu að við yrðum að endurskilgreina fullveldið, að fullveldi og sjálfstæði gæti staðist þótt hér væri erlendur her og við aðilar að varnarbandalagi.“

Sú niðurstaða var þó ekki fengin án átaka og gat af sér ýmsar áskoranir. „Menningarlegt fullveldi okkar fólst í því að vernda íslenska tungu fyrir erlendum áhrifum, meðal annars með baráttu gegn því að erlent sjónvarp flæddi yfir land og lýð.“ Guðni bætir við að eflaust myndi þeim sem leiddu þá baráttu vera um og ó núna, þegar erlent afþreyingarefni streymir óheft um netið. „Samt getum við sagt við okkur sjálf að menningarlegt fullveldi okkar er tæpast í voða. 21. öldin er öld hnattvæðingar og síaukinna samskipta og þá dugar ekki að óttast útlönd og áhrif þaðan. Þjóð með sjálfstraust mætir bara slíkum áskorunum og öðrum, og stendur sterkari á eftir.“

Umburðarlyndi er lykillinn

Talið berst í þessu samhengi að stöðu íslenskrar tungu, sem vegur svo þungt í menningararfi okkar. „Ég er raunsær og bjartsýnn á framtíð íslenskrar tungu. Við verðum einfaldlega að una því að málið mun þróast eins og það hefur alltaf gert,“ segir Guðni. Engu að síður mæti Íslendingar nú nýjum áskorunum. „Þá sérstaklega í heimi tækninnar, þar sem við getum í sífellt ríkari mæli talað við tæki og tól og gefið þeim skipanir, en eins og sakir standa ekki á íslensku. Þetta er einfaldlega viðfangsefni sem við þurfum að leysa.“

Þá þurfi einnig að hafa í huga að íslenskt samfélag hafi breyst á undanförnum árum. „Hér búa þúsundir manna sem vilja læra íslensku en gera það auðvitað ekki í einu vetfangi, þurfa aðstoð við það og munu tala með hreim og gera mistök eins og við hin gerum reyndar líka ef út í það er farið. Gagnvart þessum Íslendingum þurfum við að vera umburðarlynd. Við skulum taka undir orð veðurfræðingsins frá Þýskalandi þegar hann kvaddi þá í kútinn sem kvörtuðu undan erlendum hreim hans með því að segja: „Þeir skilja sem vilja.“ Í því felst okkar umburðarlyndi, enda reiðum við okkur á það þegar við förum til útlanda og töllum til dæmis dönsku með okkar sterka íslenska hreim,“ segir Guðni.

„Þannig að ég óttast ekki framtíð íslenskrar tungu, hún er í okkar höndum. Við megum ekki pína okkur eða fyllast svartnætti yfir einhverri ímyndaðri og glataðri gullöld íslenskunnar. Sú var aldrei raunin, er ekki raunin og verður ekki raunin. Aftur á móti ber okkur gera það sem í okkar valdi stendur til þess að íslensk tunga vaxi og dafni.“

Guðni segir að ein leið til þess sé til dæmis að tryggja að merkingar og heiti séu á íslensku frekar en ensku. „Hingað til Bessastaða streymir fjöldi ferðamanna dag hvern og þeir finna staðinn þó að hvergi standi á skilti: „Presidential residence“.“ Guðni bendir á að ferðamennirnir komi hingað til þess að kynnast bæði íslenskri náttúru og íslenskri menningu og íslenskar merkingar séu hluti af þeirri menningu, þó að sjálfsögð kurteisi sé að skilti og heiti séu líka á ensku þegar þess þyki þörf.

En hvernig sér Guðni fyrir sér að Ísland verði að hundrað árum liðnum? „Mín von og trú er að Ísland verði þá áfram frjálst og fullvalda ríki, lýðveldi í hópi annarra ríkja á alþjóðavettvangi þar sem alþjóðalög eru virt, mannréttindi í heiðri höfð og náið samstarf milli þjóða, eftir þörfum og óskum hvers og eins. Ég vona og trúi að heilbrigð ættjarðarást búi þá í brjósti fólks sem verði eins ólíkt og það er margt, og hér muni ríkja frelsi til orðs og æðis í samfélagi sem einkennist af samkennd, samvinnu og samúð.

Ég er bjartsýnn fyrir hönd okkar Íslendinga og allra landsmanna. Framtíðin er í okkar höndum. Auðvitað vitum við aldrei hvað morgundagurinn ber í skauti sér en forðumst ótta og tortryggni, biturð og lítt grundaða fortíðarþrá. Það er mun betra að búa sig undir óræða framtíð með von og sjálfstraust í brjósti.“

Morgunblaðið/Hari

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, FORSÆTISRÁÐHERRA ÍSLANDS OG FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA

Hundrað ára fullveldi

Þegar Íslendingar fögnuðu fullveldi þann 1. desember 1918 var mjög erfitt ár senn á enda. Harður vetur, spænska veikin, Kötlugos; allt hafði lagst á eitt til að reyna þolrif landsmanna. Hátíðahöldin voru því skipulögð með hófstilltum hætti en samt varð margt sem lagðist á sveif með Íslendingum. Veðrið var fagurt. Íslenski fáninn var dreginn að hún í fyrsta sinn. Þegar fullveldinu var lýst fyrir framan Stjórnarráðið ætlaði húrrahrópunum aldrei að linna.

Fullveldið skipti landsmenn máli. Sá sigur sem var staðfestur þann 1. desember 1918 sýndi að miklu má áorka þó að ytri aðstæður séu ekki endilega hagfelldar. Saga fullveldisins hefur æ síðan einkennst af sóknarhug sem oft hefur skilað okkur langt. Íslendingar voru fámennasta þjóð sögunnar til að keppa á Heimsmeistaramóti karla í knattspyrnu í sumar og er það afrek í sjálfu sér. Þó að íslenska viðhorfið sé reyndar að það sé ekki nema sjálfsagt að ná árangri á við miklu stærri þjóðir.

Svipaður baráttuandi liggur á bak við stofnun Háskóla Íslands, byggingu Landspítalans, uppbyggingu menningarstofnana og baráttu fjöldahreyfinga á borð við verkalýðshreyfinguna og kvennahreyfinguna sem breyttu samfélagi okkar til góðs. Almannatryggingar og vinnulöggjöf, fæðingarorlof og leikskólar; allt eru þetta mikilvægar stoðir samfélagsins sem við byggjum nú. Hið fullvalda Ísland 2018 væri líklega óþekkjanlegt þeim sem söfnuðust fyrir framan Stjórnarráðið 1918. Saga fullveldisins hefur ekki verið saga værðar og hvíldar. Unnið hefur verið unnið sleitulaust til að ná þeim mikla árangri sem náðst hefur. En margir draumar hafa ræst og Ísland trónir nú á toppi ýmissa þeirra lista sem mæla hagsæld og velferð. Samfélagið hefur orðið fjölbreyttara, uppruni landsmanna er nú fjölbreyttari en árið 1918 og þeir eiga ólíka sögu og bakgrunn.

Aflgjafi að árangri

Það er ekki nokkur vafi á því að fullveldið reyndist aflgjafi til að ná öllum þessum árangri. Við vildum ráða örlögum okkar sjálf og það reyndist farsælt þó að við höfum ekki liðið gegnum öldina átakalaust. Hitamál hafa reglulega skipt þjóðinni í ólík horn þar sem tekist hefur verið á um ólík sjónarmið. Ekki síst hefur það verið á vettvangi alþjóðlegra samskipta en líka í kjarabaráttu og jafnréttisbaráttu. Þegar áföll hafa dunið yfir hafa landsmenn sett þessi mál til hliðar og staðið saman sem einn.

Samstaða mun skipta máli í þeim áskorunum sem blasa við fullveldinu á komandi öld. Loftslagsbreytingar munu hafa veruleg áhrif á alla mannlega tilveru. Þar þurfum við að snúa vörn í sókn. Fyrstu skrefin hafa verið stigin með nýrri stórhuga aðgerðaáætlun í loftslagsmálum þar sem stefnt er að orkuskiptum í samgöngum og stóraukinni kolefnisbindingu en fyrir liggur að endurskoða þarf áætlunina reglulega og fylgja henni aftur af krafti og baráttuhug ef árangur á að nást.

> Það er ekki nokkur vafi á því að fullveldið reyndist aflgjafi til að ná öllum þessum árangri. Við vildum ráða örlögum okkar sjálf og það reyndist farsælt þó að við höfum ekki liðið gegnum öldina átakalaust.

Tæknibreytingar eru önnur stór áskorun sem mun hafa áhrif á öll svið mannlegs lífs; menntakerfi, vinnumarkað, stjórnmál og mannleg samskipti. Þær verða í forgrunni í allri stefnumótun stjórnvalda næstu árin með það að markmiði að tæknin þjóni fólki en ekki öfugt. Í öllum þeim umbreytingum má aldrei missa sjónar á mennskunni og mannúðinni sem verður að vera okkar leiðarljós.

Enginn verði skilinn eftir

Enn ein áskorunin er sú að tryggja að um leið og við tökumst á við þessar áskoranir stuðlum við um leið að auknum jöfnuði. Það er vel þekkt að miklar samfélagsbreytingar hafa oft þau áhrif að einhverjir hagnast og aðrir eru hliðarsettir. Við sjáum merki um að tæknibyltingin hefur haft þessi áhrif nú þegar. Því er mikilvægt að jöfnuður og velferð allra verði í öndvegi á næstu öld fullveldisins, að enginn verði skilinn eftir.

Við hátíðahöld dagsins var lögð áhersla á að hlusta eftir sjónarmiðum barna og ungs fólks. Það segir mikið um samfélag hvernig það býr að börnum og það er sérstakt umhugsunarefni að andleg vanlíðan ungs fólks virðist fara vaxandi þrátt fyrir ytri velmegun. Það er sérstakt verkefni að tryggja að menntakerfið mæti öllum börnum á þeirra eigin forsendum og eins að öll börn fái jöfn tækifæri. Enn fremur þarf aðgengi barna að góðri heilbrigðisþjónustu að vera tryggt. Síðast en ekki síst eiga raddir barna að heyrast oft og víða og áhrif þeirra á samfélag okkar að aukast.

Á árinu höfum við minnst þess með ýmsum viðburðum um land allt að 100 ár eru liðin síðan íslenska þjóðin fékk fullveldi. Í dag ná þessi hátíðahöld hámarki með sérstakri hátíðadagskrá og viðburðum víða um land. Ég hvet landsmenn alla til að taka þátt en gefa sér líka tíma til að ígrunda hvert skuli stefna næstu hundrað árin og hvað skiptir okkur mestu máli. Eru það langir og strangir vinnudagar? Skoðanaskipti á samfélagsmiðlum um alla skapaða hluti í frítímanum? Kapphlaup um að eiga sem mest og helst meira en nágranninn? Eða liggur mesti ágóðinn í góðri samveru? Stöldrum við og sjáum fegurðina í mannlegu samfélagi.

Gleðilega hátíð.

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

BJARNI BENEDIKTSSON, FJÁRMÁLARÁÐHERRA OG FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Frjáls og fullvalda

Ég get ekki ímyndað mér Ísland öðruvísi en frjálst og fullvalda. Samt er í raun svo stutt síðan veruleikinn var allt annar hér á landi. Margra alda undirokun erlendra ríkja setti mark sitt á þjóðlífið og sjálfsmynd okkar, en undir því oki kraumaði samt löngunin og þörfin til að vera sjálfstæð. Að ráða okkur sjálf, án afskipta annarra, sama hvað sú ákvörðun kynni að hafa í för með sér.

Við vorum ein fátækasta þjóð Evrópu og bjuggum meðal annars við lélegan húsakost. Það kom ekki í veg fyrir að við byggðum vel yfir menningararf okkar, því einhvers staðar blundaði vissan um að það væri mikilvægt að „þjóðin reyni að varðveita þann andlega auð, sem hún hefir fengið í arf frá umliðnum öldum, og reyni að leiða góða andlega strauma frá umliðna tímanum inn í nútímann og ókomna tímann," eins og sagt var í umræðum á þingi þegar tillagan um að reisa Safnahúsið við Hverfisgötu var lögð fram árið 1894. Tilefnið var að minnast 50 ára afmælis endurreisnar Alþingis með myndarlegum brag. Þetta var mikið fyrirtæki og ekki óumdeilt, enda tók það tímann sinn að undirbúa bygginguna. Frá því tillagan kom fram og byggingin reis hafði Ísland fengið heimastjórn og uppkastinu, fyrsta frumvarpinu til sambandslaga verið hafnað, en þar þótti Íslendingum ekki nógu langt gengið við að tryggja stöðu og réttindi landsins. Nefna má, til marks um hversu stórt var hugsað á þessum tíma, að byggingarframkvæmdin kostaði sem svarar til um tæplega 20% af tekjum ríkissjóðs árið 1909, árið sem húsið var tekið í notkun. Ef sama hlutfalli yrði varið til byggingarinnar nú, myndi það þýða um 170 milljarða króna útgjöld. Til samanburðar má nefna að heildarkostnaður við nýjan Landspítala verður um 80-100 milljarðar.

Stórhugurinn skilaði okkur lengra

En sennilega hefur það verið slíkur stórhugur sem hefur skilað okkur lengra en búast mætti við, miðað við hina frægu höfðatölu. Útlendingar furða sig nefnilega oft á því hvernig svona smáþjóð fari að því að vera sjálfri sér næg og í raun svo miklu meira en það. Ég held að enginn ætli að halda því fram að þetta átak sem við þurftum að gera til að komast á þennan stað hafi verið auðvelt. Það var heldur ekki það sem Íslendingar í upphafi 20. aldar gerðu ráð fyrir, en vissan um að árangurinn af erfiðinu myndum við uppskera sjálf, sem þjóð meðal þjóða, hvatti áa okkar áfram.

> Ég held að enginn ætli að halda því fram að þetta átak sem við þurftum að gera til að komast á þennan stað hafi verið auðvelt. Það var heldur ekki það sem Íslendingar í upphafi 20. aldar gerðu ráð fyrir, en vissan um að árangurinn af erfiðinu myndum við uppskera sjálf, sem þjóð meðal þjóða, hvatti áa okkar áfram.

Og við höfum uppskorið. Þetta land skarar fram úr í lífskjörum. Okkur hefur tekist á einungis öld að fara frá því að vera bláfátæk í að verða ein best stæða þjóð álfunnar. Við höldum uppi þjónustu, mennta- og menningarstarfsemi sem sæmir milljóna

þjóð og eigum framsækið, fjölbreytt og öflugt atvinnulíf. Þetta er ekkert minnihátt- ar afrek, þegar litið er til baka á þær aðstæður sem Íslendingar bjuggu við fyrir einungis einni öld. Atvinnuhættir voru fábreyttir og við treystum alfarið á landbúnað og fiskveiðar. Aðrar atvinnugreinar vógu lítið í þjóðarbúskapnum.

Gátum brugðist hratt við aðstæðum

Ég hitti í vikunni erlendan fjármálaráðherra sem vildi fræðast um það hvernig Ísland hefði rifið sig upp úr kreppunni eftir fall bankanna. Ég sagði eins og er að þar hefði margt unnið með okkur, ekki síst það að hafa sjálfstæðan gjaldmiðil sem hefði aukið samkeppnishæfni landsins þegar við þurftum mest á því að halda. Hann hefði unnið með sveigjanlegum vinnumarkaði og svo hefði ferðaþjónustan verið hvalreki. En fyrst og fremst hefði þetta snúist um það að geta brugðist hratt við aðstæðum og tekið sjálfstæðar ákvarðanir sem á margan hátt voru þvert á ráðleggingar og kröfur stórþjóða og alþjóðastofnana. Hugsanlega má segja að það hafi ekki verið án áhættu, en það var áhætta sem við tókum sjálf ákvörðun um að axla. Rétt eins og þegar langafar og langömmur okkar ákváðu í lok þessa erfiða árs, 1918, að það væri þess virði að halda út í óvissuna, frjáls og fullvalda, með lýðveldið innan seilingar.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON, FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS OG SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐHERRA

Samvinna í lykilhlutverki

Á 100 ára afmæli fullveldisins finnur maður fyrir nálægð sögunnar í hversdeginum. Lítur yfir farinn veg og sér hvernig hreyfingar samfélagsins dag frá degi verða efniviður í Íslandssöguna. Finnur fyrir ákveðnum þunga á öxlunum en á sama tíma stolti yfir því að fá að taka þátt í sögu þjóðarinnar sem stjórnmálamaður og formaður þess flokks sem hefur í sinni 102 ára sögu haft gríðarleg áhrif á framþróun Íslands. Framsókn á stóran þátt í uppbyggingu atvinnutækifæra á tíma fullveldis Íslands og þá ekki síður í menntamálum og heilbrigðiskerfinu.

Okkur hefur farnast vel

Það verður víst ekki sagt um okkur Íslendinga að við séum fjölmenn þjóð. Þeim mun mikilvægari verður hver og einn og framlag hans til samfélagsins og þróunar þess. Kannski er það hluti af ástæðu þess hvað okkur hefur auðnast að hreyfa okkur hratt frá fábrotnu samfélagi til þess fjölbreytta og öfluga samfélags sem við byggjum í dag. Okkur Íslendingum hefur farnast vel sem fullvalda þjóð.

Samfélag okkar er ekki fullkomið frekar en önnur samfélög. Við erum þó lánsöm að búa við mikinn jöfnuð og líklega mesta samfélagslega hreyfanleika þannig að fólk getur unnið sig upp samfélagsstigann með hjálp öflugs menntakerfis og námslánakerfis sem sitjandi ríkisstjórn ætlar að breyta í átt að meiri stuðningi og jöfnuði en við höfum þekkt hér á landi áður. Menntun er lykilatriði í því að gefa fólki byr undir vængi og þá um leið samfélaginu. Menntun er grundvöllur allra framfara og við setjum ávallt manngildi ofar auðgildi.

Vélin sem knýr samfélagið

Atvinnulífið er vélin sem knýr samfélagið áfram. Framsókn hefur ávallt verið umhugað um að byggja upp sterkt og fjölbreytt atvinnulíf um allt land. Án atvinnu veikjast bæði samfélög og einstaklingar. Með atvinnu kemur styrkur og áræðni sem skilar fólki og byggðarlögum auknum lífsgæðum og samfélaginu öllu tekjum til að halda utan um þá sem minna mega sín. Stundum þarf að taka umdeildar ákvarðanir til að snúa vörn í sókn. Slíkt verður ávallt að gera með manngildið í öndvegi.

> Líklega hefur sjaldan verið nauðsynlegra að rödd og hugmyndafræði Framsóknar heyrist en einmitt nú þegar pólar stjórnmálanna verða ýktari. Nú er mikilvægt að hlusta vel á ólíkar raddir og leiða mál til lykta með samvinnu.

Frjálslyndi og farsæld

Síðasta öld er af mörgum kölluð öld öfganna. Á þeirri öld lék Framsókn og samvinnuhugsjónin oft lykilhlutverk í að leiða saman ólík öfl við stjórn landsins. Eins og segir í grunnstefnu flokksins aðhyllumst við frjálslynda hugmyndafræði og teljum farsælast að ná fram niðurstöðu með samvinnu ólíkra afla og hagsmuna sem byggð er á hófsemi og heiðarleika. Líklega hefur sjaldan verið nauðsynlegra að rödd og hugmyndafræði Framsóknar heyrist en einmitt nú þegar pólar stjórnmálanna verða ýktari. Nú er mikilvægt að hlusta vel á ólíkar raddir og leiða mál til lykta með samvinnu.

Sátt manns og náttúru

Framtíðin brosir við okkur. Framfarir eru stöðugar, bæði hvað varðar efnahag okkar og lýðræðislegt samfélag. Verkefni okkar stjórnmálamannanna er að þróa áfram samfélagið með því að skapa aðstæður og umhverfi sem gefur öllum tækifæri til að blómstra. Hvert skref sem tekið er verður að hlúa að þeim eiginleikum sem mikilvægastir eru fyrir manneskju og samfélag. Síðustu 100 ár hafa sýnt okkur að Íslendingum eru allir vegir færir. Nú bíður okkar allra verkefnið að efla og styrkja samfélagið í sátt manns og náttúru. Eins og áður er samvinnan þar í lykilhlutverki.

Ég óska Íslendingum öllum til hamingju á hundrað ára afmæli fullveldis Íslands.

Ljósmynd/Hörður Sveinsson

LOGI EINARSSON, FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

Gæfusmiðir

Skáldið Einar Bragi orti í Báruljóði:

> Lítill kútur – lék í fjöru – og hló,
> báran hvíta – barnsins huga – dró.
> Langrar ævi – yndi og vos – á sjó,
> báran svarta – bylti líki – og hló.

Í þessu áhrifaríka ljóði lýsir skáldið vel nöprum veruleika Íslendinga langt fram á okkar daga og sýnir hvað við erum lítil og máttvana gagnvart náttúruöflunum; jafnvel þeim sömu og eru undirstaða lífsafkomu okkar.

Á sama tíma og þau fæða okkur, klæða og seiða til sín í fegurð sinni, geta þau breyst í ófreskju í einu vetfangi, hrifsað til sín líf okkar eða kvalið seigdrepandi dauðdaga; skilið ástvini eftir berskjaldaða og agnarsmáa.

Með tímanum hefur mannskepnan lært að búa í haginn; hagnýta tækni, þannig að náttúran fer ekki jafn óblíðum höndum um okkur í amstri dagsins; en um leið höfum við gengið svo nærri þolmörkum hennar á mörgum sviðum að risastór skuggi hvílir yfir öllu mannkyninu. Eitt brýnasta verkefni okkar er að endurskoða algerlega umgengni um náttúruna, þannig að við stefnum ekki tilvist mannkyns og lífríkis, eins og við þekkjum, í voða.

Við Íslendingar þurfum að afla nýrrar þekkingar, vera varkár, nýta landið okkar skynsamlega með sjálfbærum hætti. En einnig að búa þannig um hnútana að við getum tekið þátt í verkefnum, sem eðli þeirra vegna krefjast fjölþjóðlegs samstarfs. Það er nauðsynlegt til að tryggja fullveldi okkar og styrkja það til framtíðar.

Getum tryggt mannsæmandi lífskjör

En á meðan náttúran getur verið duttlungafull og stundum miskunnarlaus er menningin verk okkar sjálfra. Skipting efnahagslegra og félagslegra gæða, skólar, öruggt húsnæði og heilbrigðisþjónusta eða auðlindastýring eru t.d. ekki náttúrulögmál – þar erum við sjálf okkar gæfu smiðir.

Við verðum því að hafa getu til að takast á við grundvallarverkefni samtímans. Með skynsamlegri samneyslu getum við tryggt hverjum einasta íbúa landsins mannsæmandi lífskjör og með nýrri stjórnarskrá fest þessi og önnur grundvallarréttindi enn betur í sessi.

> Nú þegar við höfum komið ár okkar vel fyrir borð verður nánasta framtíð að snúast um að tryggja öllum réttmæta hlutdeild í gæðum landsins.

Við þurfum líka að gangast við ábyrgð okkar sem manneskjur og muna hvaðan við komum. Það er of stutt síðan að Íslendingar gátu ekki brauðfætt börn sín og flúðu þúsundum saman vestur um haf í leit að betra lífi, til þess að við getum litið undan nú, þegar milljónir manna eru á flótta undan fátækt, stríði og loftslagsógnum.

Enn mikið verk að vinna

Hundrað ára afmæli fullveldis Íslands er vissulega merkilegur áfangi í sögu þjóðar sem lifði í árhundruð, ekki aðeins af náttúrunni heldur einnig þrátt fyrir hana. Það er full ástæða til að fagna þessum merku tímamótum og hugsa hlýtt til forfeðra okkar sem hafa með fórnfýsi, ódrepandi baráttuanda og bjartsýni að vopni gert okkur kleift að búa við þær aðstæður sem við gerum í dag. Jafnframt hvílir á okkur sú skylda að skila komandi kynslóðum landinu í jafn góðu, og helst betra ástandi en við tókum við því.

Nú þegar við höfum komið ár okkar vel fyrir borð verður nánasta framtíð að snúast um að tryggja öllum réttmæta hlutdeild í gæðum landsins. Þrátt fyrir að Ísland sé í dag 11. auðugasta þjóð í heimi hefur okkur ekki tekist það. Við lifum hvorki á meðaltölum né vísitölum og á meðan þúsundir barna lifa enn við skort og stórir hópar eiga erfitt með að ná endum saman er mikið verk að vinna.

Fullveldi þjóðar er vissulega dýrmætt og eitthvað til að gleðjast yfir en fölnar óneitanlega ef við getum ekki sýnt hvoru öðru virðingu og traust og tryggt öllum möguleika á að lifa við öryggi og reisn alla ævi.

Greinin er unnin úr ræðu sem flutt var á hátíðarfundi Alþingis 18. júlí.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

SMÁRI MCCARTHY, ÞINGMAÐUR PÍRATA

Öld stórra hugmynda

Á aldarafmæli fullveldisins líta ýmsir yfir farinn veg, enda verður glæsilegur árangur íslensku þjóðarinnar á síðustu öld lengi í manna minnum. Við breyttumst á hundrað árum úr því að vera veikburða nýlenda á jaðri heimsins í sjálfstæða burðuga þjóð meðal þjóða.

En það væri ekki úr vegi á þessum tímamótum að spyrja sig hvað við þurfum að gera til að fullveldishátíðin eftir hundrað ár – þ.e. árið 2118 – verði tífalt meira tilefni. Auðvitað veit enginn hvað framtíðin ber í skauti sér og fæstir spádómar eru líklegir til að reynast sannir út árið, hvað þá öldina. En afstaða okkar til framtíðarinnar byggist fyrst og fremst á tvennu: því sem við trúum að komi til með að gerast og því sem við viljum að gerist.

Besta tilfellið er auðvitað að okkar persónulega spá gangi eftir en að við fáum líka það sem við vildum.

En þegar við horfum á framtíðir í samhengi samfélaga vandast málið. Það er ekki nóg með að allir hafi sína persónulegu útgáfu af trú og vilja, heldur er stjórnkerfi til staðar sem hefur stundum sína eigin framtíðarsýn – sem er stundum alveg ótengd framtíðarsýn borgaranna. En slíkt myndi reynast okkur dýrkeypt, og því er betra að allir stilli saman strengi. Í það minnsta þurfum við sameiginlega sýn á hvað er líklegt að gerist.

Raunveruleikinn er ekki alltaf samvinnuþýður, en með góðum spám og góðri áætlanagerð getum við í það minnsta reynt að móta framtíð þjóðarinnar á hátt sem reynist okkur vel.

Stórar hugmyndir líklegri til árangurs

Það virðist algilt þegar skoðaðar eru tilraunir þjóða til að móta sína framtíð fram til þessa að stórar og skýrar hugmyndir eru mun líklegri til árangurs en litlar hugmyndir. Eins og arkitektinn Daniel Burnham orðaði það: „Gerið engar smáar áætlanir; þær skortir galdrana sem hræra í blóði manna og munu því líklegast að engu verða.“

Á móti kemur að stórar strategískar fjárfestingar í óljósri framtíð virðast borga sig þegar þjóðin stendur heil að baki þeim. Við getum tekið dæmi um Panamaskurðinn, Apollo-áætlun Bandaríkjanna, ARPANet-rannsóknarverkefnið sem leiddi af sér internetið, stofnun Airbus og vindorkufjárfestingar í Danmörku. Ekkert af þessu var örugg fjárfesting, en á bak við öll þessi stórverk manna voru stórar hugmyndir sterkra þjóða.

> Á sama hátt og Íslendingar hafa ítrekað á liðinni öld sameinast um stórvirki er nú tækifæri til að búa að góðri framtíð fyrir landið með því að ákveða saman að önnur öld íslensks fullveldis verði öld stórra hugmynda.

Það er svo opin spurning hvert við eigum að stefna þjóðinni.

Tækifæri fyrir næstu öld

Sumum þætti ágætis stórvirki að ljúka loks lýðveldisstofnun hér með upptöku á stjórnarskrá þjóðarinnar. Öðrum þætti gott að vinna markvisst að því að auka fjölbreytni í atvinnulífinu til að hlífa landinu við áföllum í einstökum atvinnugreinum. Einhverjir myndu sjá það sem stórvirki að taka upp stöðugan gjaldmiðil í landinu.

En þetta eru allt saman atriði sem má laga á örfáum árum ef vilji væri fyrir hendi.

Stærri hugmynd, sem yrði verulegur akkur í því fyrir Ísland að vinna að, er að verða fyrst allra landa til að ná kolefnishlutleysi. Þetta er hvorki lítil né auðveld hugmynd, því skömm okkar í dag hljóðar upp á 3 milljónir tonna koltvísýringsígilda á ári. Það er áberandi minna en flestra landa, en þó ástand sem þarf að laga. Fáum dylst mikilvægi þessa verkefnis, en það hefur minna verið fjallað um þá staðreynd að það land sem nær fyrst allra landa að ná hlutlausu kolefnisfótspori mun njóta gríðarlegrar velvildar í alþjóðasamfélaginu, og fyrirtæki frá því landi sem bjóða upp á loftslagslausnir munu geta selt öllum þær. Það má ekki vanmeta áhrifamátt þess að ríki og þjóð vinni samhent að þessu stóra markmiði.

Á sama hátt og Íslendingar hafa ítrekað á liðinni öld sameinast um stórvirki er nú tækifæri til að búa að góðri framtíð fyrir landið með því að ákveða saman að önnur öld íslensks fullveldis verði öld stórra hugmynda.

Morgunblaðið/Hari

SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON, FORMAÐUR MIÐFLOKKSINS

Raunveruleg áhrif fullveldisins

Þrátt fyrir framfarir á ótal sviðum eiga Vesturlönd í sögulegum vanda sem sér ekki fyrir endann á. Stoðirnar sem árangurinn var reistur á eru nú vanræktar. Ástæðurnar eru margar en meginskýringin gæti verið sú að of margir Vesturlandabúar líti á þau lífsgæði sem fólk býr við sem sjálfsögð og sjálfgefin. Þekkt er að lærdómur kynslóða af reynslu forveranna er jafnan minni en æskilegt væri. Hættan sem mörg velmegandi samfélög standa nú frammi fyrir stafar ekki hvað síst af því að of lítill gaumur er gefinn að því að aðstæðurnar sem við búum nú við eru afleiðing aldalangrar þróunar.

Löng saga og viðburðarík

Samfélög Vesturlanda og flest það sem bætir líf íbúa þeirra er afsprengi af aldalöngu samspili ýmissa þátta, stjórnkerfa, trúarbragða, heimspeki, vísinda o.s.frv. Það hvernig til tókst er síður en svo sjálfgefið. Þegar litið er yfir söguna eru lýðræði og almenn mannréttindi undantekning frekar en regla og enn býr mikill minnihluti mannkyns við það sem við teljum full réttindi og viðunandi kjör.

Nú þegar við fögnum 100 ára afmælinu er við hæfi að leggja mat á eðli fullveldisins og hlutverk og huga að því hversu mikið það hefur veitt okkur sem þjóð. Um leið og við minnumst þess að fullveldið kom ekki af sjálfu sér er mikilvægt að muna að það er ekki sjálfgefið að það viðhaldist.

Minnumst þess líka að fullveldið er nátengt lýðræðishugsjóninni. Þeirri hugmynd að fólk eigi að ráða samfélögum sínum sjálft. Samhliða því að standa vörð um fullveldið ættum við að efla lýðræðið fremur en að draga úr mætti þess með því að fela ólýðræðislegu stjórnkerfi hér á landi eða erlendis sífellt meiri völd. Það er eins með fullveldið og lýðræðið að árangurinn sem af því hlýst helgast af því hvernig með það er farið. En ef lýðræðið fær að virka sem skyldi ráða þó samfélög eigin örlögum.

Vörn í krafti fullveldis

Þótt hin miklu áhrif fullveldis blasi e.t.v. ekki við dags daglega eru ekki mörg ár síðan það reyndi á fullveldið og Íslendingar fengu að kynnast því hversu miklu máli það skiptir að við höfum eigin örlög í hendi okkar.

Erlend ríki og fjölþjóðastofnanir reyndu að innheimta af íslenskum almenningi skuldir sem einkarekin fyrirtæki höfðu stofnað til utan lögsögu Íslands. Meðal þeirra sem harðast gengu fram við innheimtu voru fulltrúar ríkja sem höfðu aukið á tjónið sem íslenskum almenningi var ætlað að greiða fyrir. Það var eingöngu í krafti fullveldis Íslands sem þeim tilraunum var hrundið.

Sókn í krafti fullveldis

Baráttan um hvert skyldi stefnt hélt áfram innan lands en sú barátta fór fram milli íslenskra stjórnmálaflokka og -manna og niðurstaðan varð sú að gripið var til efnahagsaðgerða sem eiga sér enga fyrirmynd og skiluðu fordæmalausum árangri.

Hinar fortakslausu aðgerðir sem gripið var til á árunum 2013-16 til að endurreisa efnahag landsins og bæta lífskjör landsmanna hefðu ekki verið mögulegar nema vegna þess að við réðum okkur sjálf og gátum tekið þær ákvarðanir sem við töldum best til þess fallnar að verja hagsmuni samfélagsins.

Áhugavert er að bera þróunina á Íslandi undanfarin ár saman við þróunina í löndum sem hafa gefið eftir meira af fullveldi sínu en við.

Grikkland var til að mynda látið leggja óviðráðanlegan skuldaklafa á almenning til framtíðar og ráðast í aðgerðir sem hafa ekki skilað öðru en ávinningi fyrir alþjóðlega banka og niðurskurði, atvinnuleysi og viðvarandi lífskjaraskerðingu fyrir gríska almenning.

> Við eigum forystumönnum sjálfstæðisbaráttunnar og fyrri kynslóðum Íslendinga mikið að þakka. Við þessi tímamót sýnum við þakklætið best með því að meta virði fullveldisins og átta okkur á því að það kom ekki af sjálfu sér og því að það er ekki sjálfgefið að það varðveitist.

Á sama tíma náði Ísland hraðasta efnahagslega viðsnúningi sem sögur fara af og gerði það í krafti fullveldisins.

Árangur í 100 ár

Engin þjóð hefur náð viðlíka framförum á sviði lífskjara og samfélagsinnviða undanfarin 100 ár og Íslendingar. Áhrifin birtust fljótt og tengingin við fullveldið var augljós.

Á undanförnum árum hefur að vísu borið á tilraunum til að gera minna úr árangri Íslendinga og miklum afrekum 20. aldarinnar. Þeir sem upplifðu breytingarnar voru hins vegar ekki í nokkrum vafa um áhrif fullveldisins og þegar kom að því að taka ákvörðun um hvort því skyldi fylgt eftir með lýðveldisstofnun var niðurstaðan nánast samhljóða.

Þjóðríki sem lýtur lýðræðislegri stjórn hefur reynst betur en nokkurt annað stjórnkerfi mannkynssögunnar. Ekkert lýðræðisríki hefur háð stríð við annað lýðræðisríki. Þó ber á því nú að grafið sé undan hugmyndinni um þjóðríki af þeim sem hallir eru undir vald alþjóðastjórnkerfa. Með því er um leið grafið undan lýðræðishugsjóninni. Þeir sem vilja lúta vilja almennings og verja fullveldi eru uppnefndir, jafnvel leitast við að rugla þeim saman við einangrunarsinna og poppúlista. Í hinni ósvífnu baráttu „alþjóðasinnanna“ hafa orðið til óvenju sérkennileg og áhrifamikil bandalög. Þar á bæ virðist lýðræði jafnvel talið varasamt fyrirbæri.

Meira en 1.000 ára saga

Fullveldið var afleiðing 1.000 ára sögu. Þótt hin eiginlega sjálfstæðisbarátta hafi orðið til á 19. öld, m.a. vegna áhrifa af hugmyndafræðilegri þróun á Vesturlöndum, hafði þrautseigja landsmanna öldum saman skapað jarðveginn sem réð úrslitum um að fullveldi náðist. Sagan, minningin um að Íslendingar hefðu eitt sinn verið sjálfstæð þjóð sem unnið hafði merkileg afrek, var ómetanleg hvatning í baráttunni fyrir endurheimt sjálfstæðis. Ekki er gott að segja hvernig sú barátta hefði gengið ef söguskýringar samkvæmt tísku samtímans hefðu ráðið för.

Sagan og menningin hafði líka úrslitaáhrif á að fullveldið nýttist eins vel og raun bar vitni. Áhersla á bókmenntir og lestrarkunnáttu frá upphafi Íslandsbyggðar varð til dæmis til þess að þjóðin var í stakk búin til að nýta tækifærin þegar þau gáfust.

Við eigum forystumönnum sjálfstæðisbaráttunnar og fyrri kynslóðum Íslendinga mikið að þakka. Við þessi tímamót sýnum við þakklætið best með því að meta virði fullveldisins og átta okkur á því að það kom ekki af sjálfu sér og því að það er ekki sjálfgefið að það varðveitist.

Fullveldið þarf að verja og það er sannarlega þess virði að verja það.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

INGA SÆLAND, FORMAÐUR FLOKKS FÓLKSINS

Hin fullvalda þjóð

Ísland varð frjálst og fullvalda ríki með gildistöku sambandslaganna 1. desember 1918. Segja má að þetta hafi verið einn merkasti áfanginn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar sem hafði þá staðið í hartnær eina öld. Lengi framan af var 1. desember merktur með rauðu í dagatalið. Hann var viðurkenndur frídagur sem þjóðin var stolt af. Hins vegar hefur þróunin orðið sú að lítið fer fyrir þessum stórmerka degi sem virðist hafa fallið í skuggann af lýðveldishátíðinni 17. júní. Íslendingar börðust af krafti fyrir fullveldinu þrátt fyrir að gera sér grein fyrir því hve það var í raun brothætt, við höfðum hvorki sterka innviði á þessum tíma né fjölbreytta atvinnuhætti. Aldrei höfum við dregið af okkur sem þjóð að berjast fyrir því sem við teljum þess virði að berjast fyrir. 1. desember 1918 er dagurinn þar sem við rákum smiðshöggið á fullveldisbaráttu okkar sem þá hafði staðið í hartnær 70 ár.

Sambandslagasamningurinn var um margt einstakur. Má þar sérstaklega nefna að í honum sást glögglega það sérstaka samband sem ríkti á milli þjóðanna tveggja er að honum stóðu þar sem önnur var á vissan hátt nýlenda hinnar. Samningurinn var einhliða uppsegjanlegur eftir 25 ár þannig að hann skyldi endurskoða 1943. Þar kvað á um að Íslendingar og Danir skyldu taka ákvörðun um áframhaldandi samband þjóðanna tveggja. Við þekkjum öll framhaldið.

Hinn 25. febrúar 1944 ályktaði Alþingi um að slíta formlega konungssambandinu við Danmörku og stofna lýðveldi. Þessi ályktun var í samræmi við sambandslögin frá 1918. Haldin var þjóðaratkvæðagreiðsla um ályktunina dagana 20.-23. maí 1944. Af þeim sem greiddu atkvæði voru 99,5% samþykkir sambandsslitum við Dani og 98,3% stofnun lýðveldisins. Íslenska þjóðin hafði talað og lagt sitt af mörkum til eigin sjálfstæðis og framtíðarfrelsis.

Staðan í dag

Staða Íslands nú er gjörbreytt frá tíma sjálfstæðisbaráttunnar. Við höfum undirgengist ýmsa milliríkjasamninga sem hafa miðað að því að efla stöðu okkar og styrk í samskiptum og samvinnu við aðrar þjóðir. Þrátt fyrir sjálfstæði okkar og oft á tíðum þjóðarstolt þá þurfum við á öflugu samstarfi við önnur ríki að halda til að viðhalda sterku, stöðugu hagkerfi. Svo má alltaf deila um það í ljósi sögunnar, hversu stöðugt það hagkerfi hefur verið. Í þessari stuttu grein verður ekki fjallað frekar um það heldur sný ég mér beint að samningnum sem veitti okkur aðgang að innri markaði Evrópusambandsins (hér eftir ESB).

EES-samningurinn

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (hér eftir EES) er viðamesti milliríkjasamningur sem Íslendingar hafa nokkru sinni gert. Það vita allir sem vita vilja að samningurinn er burðarás íslenska hagkerfisins. Þegar hann tók við vorum við að koma út úr djúpri kreppu sem hafði staðið lengi eða allt frá 1988-1994. Á þessum tíma voru háværar raddir um að samningurinn bryti í bága við 2. grein stjórnarskrárinnar. Niðurstaðan varð þó sú að sérfræðingar töldu að svo væri ekki enda tryggði samningurinn okkur skilyrðislaus yfirráð eigin auðlinda. Samningurinn tók gildi 1. janúar 1994, að undanskilinni 1. grein hans tæpu ári áður, þ.e. 13. janúar 1993. Á þeim tíma sem samningurinn var gerður byggðist hann á hinni svonefndu tveggja stoða lausn, þ.e. í stuttu máli hann byggðist ekki á þriggja stoða lausninni sem tilheyrir einungis þeim þjóðum sem eru fullgildir aðilar að ESB.

> Íslendingar börðust af krafti fyrir fullveldinu þrátt fyrir að gera sér grein fyrir því hve það var í raun brothætt, við höfðum hvorki sterka innviði á þessum tíma né fjölbreytta atvinnuhætti. Aldrei höfum við dregið af okkur sem þjóð að berjast fyrir því sem við teljum þess virði að berjast fyrir.

Þriðji orkupakkinn

Nú er mikill þrýstingur frá orkuþurfandi Evrópu að fá Íslendinga til að undirgangast hinn svokallaða þriðja orkupakka. Áður hafa stjórnvöld kvittað upp á orkupakka eitt og tvö með tilheyrandi kostnaði. Þá sérstaklega með hækkandi orkuverði til almennings. Sú furðulega staða virðist í burðarliðnum að hreinlega þvinga upp á okkur þriggja stoða lausninni eins og við séum aðildarríki Evrópusambandsins sem við erum alls ekki. Við höfum engum skyldum að gegna gagnvart EES-samningnum umfram þær sem við kvittuðum undir fyrir réttum 25 árum. Það liggur því ljóst fyrir að sá hræðsluáróður sem nú er rekinn af ESB-sinnum, sem vilja skilyrðislaust þvinga upp á okkur þriðja orkupakkanum á engan rétt á sér. Við erum ekki að brjóta EES-samninginn þótt við stöndum gegn því að afhenda orkuauðlindir okkar til Brussel. Við eigum ekki von á neinum refsingum eða hefndaraðgerðum þótt við höfnum þriðja orkupakkanum enda væri með því á engan hátt verið að brjóta gegn EES-samningnum.

Strax við samþykki orkupakkans erum við búin að afsala okkur yfirráðum á raforkunni. Ákvörðun um það hvort hingað verði lagður sæstrengur og við tengd við evrópska raforkunetið verður tekin í Brussel en ekki hér.

Lokaorð

Að lögum er Ísland fullvalda ríki. Skuldbindingar okkar varðandi EES-samninginn hafa ekkert breyst frá því að hann var fullgiltur í ríkisstjórn 1993. Ísland er ekki aðili að orkumarkaði ESB og þarf ekki að vera frekar en vill. Við erum sjálfbær um orku sem er gjörólíkt ástandinu víða í Evrópu.

Fullveldi okkar er varið í 2. grein stjórnarskrárinnar sem kveður á um þrískiptingu ríkisvalds. Eftir áratuga baráttu fyrir fullveldi íslensku þjóðarinnar er ég ekki tilbúin að afsala því nú. Þriðji orkupakkinn kemur okkur ekki við og því til staðfestingar er nóg að líta á landakortið.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR, FORMAÐUR VIÐREISNAR

Meira af frjálslyndi Jóns forseta

Engum blöðum er um það að fletta að fullveldið hefur haft ríka þýðingu fyrir Ísland. Það gildir um hvort tveggja: Efnahag og menningu þjóðarinnar.

Fullveldislögunum, eða sambandslögunum eins og þau heita formlega, svipar að því leyti til stjórnarskrár að þau geyma fyrst og fremst grundvallarákvarðanir um stöðu landsins. Með þeim fékk Ísland nýjan sjálfstæðan sess í samfélagi þjóðanna.

Þó að Íslandi hafi farnast vel þegar á heildina er litið á liðinni öld verður ekki fram hjá því horft að ýmis veigamikil ákvæði í fullveldislögunum hafa staðist misvel tímans tönn.

Ákvæði um hlutleysi og norrænt myntsamstarf

Eitt af þýðingarmestu ákvæðum laganna fól í sér yfirlýsingu um ævarandi hlutleysi. Um það var algjör einhugur. Eftir rúma tvo áratugi höfðu ytri aðstæður, sem við höfðum engin áhrif á, þó gert hlutleysið að engu. Samningar um hervernd Bandaríkjanna og ákvörðunin um aðild að Atlantshafsbandalaginu fólu svo í sér formlega kúvendingu frá fullveldislögunum.

Minnihluti þjóðarinnar taldi reyndar lengi vel að með þessu fráhvarfi frá stefnu sambandslaganna hefði Ísland í raun glatað fullveldi sínu. Svo kom að því fyrir tveimur árum að Alþingi samþykkti án mótatkvæða þjóðaröryggisstefnu þar sem því er slegið föstu að aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarf við Bandaríkin séu ein af forsendum fullveldis Íslands. Núverandi ríkisstjórn hefur ekki breytt þessari stefnu þrátt fyrir ólíkar áherslur stjórnarflokkanna til varnarsamstarfsins.

Með öðrum orðum: Hundrað árum síðar er einhugur á Alþingi um að treysta fullveldi landsins með gagnstæðum hætti við það sem fullveldislögin mæltu fyrir um. Við höfum hagnýtt frelsið til að endurmeta grundvallaratriði í ljósi breyttra aðstæðna. Það hefur reynst happadrjúgt.

Annað grundvallarákvæði fullveldislaganna mælti fyrir um að Ísland yrði áfram aðili að Norræna myntsambandinu meðan það héldist. Menn voru sem sagt á einu máli um að stöðug mynt í alþjóðlegu samstarfi treysti betur fullveldi landsins en sjálfstæð mynt sem ekki væri hlutgeng í milliríkjaviðskiptum sökum óstöðugleika. Þetta var mjög í anda hugsjóna Jóns forseta um frjáls viðskipti og hlutverk gjaldmiðla.

Vegna aðstæðna sem við réðum ekki við varð þetta ákvæði að engu þegar Norræna myntsambandið leystist upp skömmu eftir lok fyrri heimstyrjaldarinnar. Þannig urðu góð áform jafn skjótt að engu og við höfum aldrei náð tökum á gjaldmiðilsmálunum síðan. Ekki er ofmælt að það sé einn helsti vandi hagstjórnar á Íslandi.

Sterkari staða í fjölþjóðasamstarfi

Það reyndi fljótt á fullveldið í samskiptum við aðrar þjóðir. Aðeins þremur árum eftir að við urðum fullvalda ríki nýttu Spánverjar yfirburða stöðu sína í tvíhliða viðskiptasamningi og knúðu okkur til að falla að hluta frá vínbanni sem sett hafði verið á grundvelli þjóðaratkvæðis. Þannig tryggðum við áfram hindrunarlausan aðgang að mikilvægasta markaði landsins fyrir aðal útflutningsvöruna, saltfiskinn okkar.

Einhverjir geta sagt sem svo að Spánverjar hafi með þessu tekið af okkur fullveldisráðin um það hvernig skipa ætti áfengissölumálum hér. Í reynd var þetta þó aðeins lexía um þá einföldu staðreynd að í tvíhliða viðskiptasamningum hafa stærri og voldugri þjóðir jafnan undirtökin. Ég held á hinn bóginn að við höfum sýnt styrk ungrar og smárrar fullvalda þjóðar með því að semja. Og fengum meira að segja um tíma forskot á Norðmenn sem þráuðust við að gefa eftir vegna fullveldissjónarmiða.

> Það er enn svo að stöðugur gjaldmiðill sem er hlutgengur í milliríkjaviðskiptum myndi styrkja efnahagslega stöðu þjóðarinnar og þar með treysta fullveldið.

Reynslan hefur því kennt okkur að staða okkar sem lítillar þjóðar í viðskipta- og efnahagssamvinnu er sterkari í fjölþjóðasamstarfi. Þegar Bretar og Hollendingar gerðu kröfu á íslensk stjórnvöld um ríkisábyrgð á Icesave níu áratugum eftir Spánarsamningana réð það úrslitum að við gátum varist með reglum sem Evrópusambandið hafði sett um þessi efni og EFTA-dómstóllinn staðfesti.

Ef samband okkar við Breta hefði byggst á tvíhliða samningi er aftur á móti líklegt að farið hefði á sama veg og í glímunni við Spánverja. Með aðild að fjölþjóðlegum efnahags- og viðskiptasamningi, EES-samningnum, höfðum við ekki aðeins náð því marki að bæta efnahaginn heldur einnig að tryggja fullveldi landsins betur en í árdaga þess.

Þegar spurt er hver sé framtíð hins fullvalda Íslands er ekki efni til annars en bjartsýni um vöxt og viðgang þjóðarinnar. Fjölmörg verkefni blasa við. Í ljósi fullveldisafmælisins er þó nærtækast að horfa til þeirra áforma í fullveldislögunum sem okkur tókst aldrei að koma í framkvæmd.

Það er enn svo að stöðugur gjaldmiðill sem er hlutgengur í milliríkjaviðskiptum myndi styrkja efnahagslega stöðu þjóðarinnar og þar með treysta fullveldið. Núverandi skipan gjaldmiðilsmála veikir ekki aðeins þjóðarbúskapinn heldur er hún undirrót alvarlegs misréttis og ranglætis í samfélaginu. Sniðganga gagnvart gjaldmiðlinum birtist með ýmsum hætti hjá þeim sem það geta; og það er ekki almenningur. Ríkisvaldið lætur stærsta fyrirtæki sitt, Landsvirkjun, starfa utan krónuhagkerfisins. Flest öflugustu fyrirtækin hafa líka farið með samþykki ríkisvaldsins út úr krónuhagkerfinu. Smærri fyrirtæki og launafólk er á hinn bóginn knúið til að nota krónuna. Í þessu er falið misrétti sem erfitt er að verja og vandséð hvernig unnt er að styðja skynsamlegum rökum.

Frjálslyndi og víðsýni Jóns forseta

Í ritgerð eftir Ásgeir Jónsson hagfræðing sem birtist í riti Hins íslenska bókmenntafélags um hugsjónir og stefnumál Jóns Sigurðssonar í tilefni af tvöhundruð ára afmæli hans segir um þetta álitaefni: „Því er ljóst að hvorki Jón Sigurðsson né nokkur annar af leiðtogum sjálfstæðisbaráttunnar leit á sjálfstæða mynt og/eða sjálfstæða peningamálastjórn sem fullveldismarkmið í sjálfu sér. Af því sem Jón forseti ritaði verður ekki annað séð en hann hafi talið myntsamvinnu við önnur lönd heppilegan kost.“

Gjaldmiðilsmálið er stórt óleyst verkefni frá 1918. Á þessum tímamótum er í því sambandi alveg óhætt að segja hátt og skýrt: Meira, meira og enn meira af frjálslyndi og víðsýni Jóns forseta.

Að fengnu fullveldi: Ísland eða Sovét-Ísland?

Flestir ráðamenn þeirrar litlu þjóðar, sem varð fullvalda í skammdeginu fyrir hundrað árum, hafa fylgt fordæmi Staðarhóls-Páls, sem kraup forðum fyrir konungi með öðrum fæti, en stóð í hinn og sagði: Ég lýt hátigninni, en stend á réttinum.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson hannesgi@hi.is

Það var þegjandalegur mannfjöldi, sem safnaðist saman í kringum Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg sunnudaginn 1. desember 1918. Árið hafði hafist á einhverri mestu fimbultíð í manna minnum, Frostavetrinum mikla; mannskæð stórstyrjöld hafði geisað allt sumarið í Norðurálfunni; um haustið hafði spænska veikin borist til Íslands og kostað mörg hundruð mannslíf; Katla hafði gosið með svo miklum krafti, að eldstrókarnir sáust frá Reykjavík; og um miðjan nóvember höfðu fréttir hermt, að Norðurálfuófriðnum mikla væri að vísu lokið, en valdhöfum verið steypt af stóli í Þýskalandi og víðar. Á hádegi þennan vetrardag sveif íslenski ríkisfáninn að húni á Stjórnarráðshúsinu, og um leið voru fánar dregnir á stöng víðs vegar um bæinn og annars staðar á Íslandi. Tilkynnt var, að Ísland væri orðið fullvalda ríki í konungssambandi við Dana, eins og samist hafði um milli Íslendinga og Dana þá um sumarið. Frá ytri höfninni kvað við 21 skot frá dönsku varðskipi til heiðurs hinu nýja íslenska konungsríki. Lúðrasveit lék þjóðsöngva Danmerkur og Íslands, og gestir hrópuðu húrra fyrir konungi, Danmörku og Íslandi.

Hvenær varð Ísland ríki?

Því var mannfjöldinn við Stjórnarráðshúsið alvarlegur í bragði, að margt hafði gengið á árið á undan og ærin verkefni biðu einnig hins nýja ríkis, sem fámenn þjóð og fátæk hafði gerst svo djörf að stofna eftir sjötíu ára þref við Dani, sem voru lengi að skilja, að Íslendingar voru ekki Danir, þótt þeir vildu gjarnan vera vinir þessarar geðfelldu menningarþjóðar, sem tilviljun hafði tengt við Ísland allt frá 1380, er norska krúnan féll í hendur Danakonungi. Það er síðan álitamál, hvort þjóðin var í raun að endurheimta fornt fullveldi eða öðlast það í fyrsta sinn. Tvær kenningar um ríkið eru fyrirferðarmestar í stjórnmálaheimspeki. Aðra má kenna við Hegel, og hún er, að ríkið sé vettvangur málamiðlana, einingarafl. Samkvæmt henni mátti segja, að til hefði verið íslenskt ríki fullvalda þjóðar allt frá stofnun Alþingis sumarið 930, enda gerðu Íslendingar fyrsta milliríkjasamninginn (við Noreg) árið 1022. Meginstefið í Íslendingasögum er einmitt, hvernig miðla megi málum með einstaklingum, sem búa við lög án ríkisvalds. Þótt Íslendingar hefðu selt fullveldið í hendur Danakonungi með einveldishyllingunni 1662, endurheimtu þeir það, þegar hann afsalaði sér einveldi 1849, og Dana var aðeins að viðurkenna það, eins og Jón Sigurðsson, leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni, hélt fram. Hina kenninguna um ríkið setti Weber fram, en samkvæmt henni er það stofnun með einkarétt á að beita valdi á tilteknu svæði. Ef miðað er við þessa skilgreiningu, þá varð íslenskt ríki líklega ekki til fyrr en 1. desember 1918. Fyrir þann tíma höfðu Danir allt úrslitavald á Íslandi, og önnuðust þeir þess vegna til dæmis landhelgisgæslu, en heldur slælega. Það voru Danir, en ekki Íslendingar, sem gerðu samning við Breta 1901 um þriggja mílna landhelgi, sem rann ekki út fyrr en 1951.

Ekki verður hins vegar um það deilt, að íslenska konungsríkið, sem stofnað var 1. desember 1918, var ríki í skilningi beggja, Hegels og Webers: í senn vettvangur málamiðlana og stofnun með einkarétt á valdbeitingu. Tóku Íslendingar landhelgisgæslu smám saman í eigin hendur næstu tvo áratugi. Haustið 1921 reyndi mjög á hið veikburða íslenska ríki. Kommúnistar höfðu rænt völdum í Rússlandi fjórum árum áður og stefndu leynt og ljóst að heimsbyltingu. Árið 1921 neitaði hópur Íslendinga undir áhrifum þeirra að hlýða yfirvöldum, sem mælt höfðu að ráði lækna fyrir um brottvísun erlends gests þeirra, en hann hafði reynst vera með smitsjúkdóm í augum. Þurfti þá að safna varaliði til stuðnings lögreglu í því skyni að framfylgja boði yfirvalda. Næstu árin færðist þessi hópur í aukana og stofnaði haustið 1930 kommúnistaflokk Íslands, sem óðar gekk í Alþjóðasamband kommúnista. Hafnaði flokkurinn algerlega því stjórnarfyrirkomulagi, sem Íslendingar höfðu þegið með stjórnarskránni 1874 og gerði ráð fyrir sömu almennu mannréttindum og annars staðar á Vesturlöndum, dreifingu valdsins og takmörkun þess. Þessi flokkur vildi gera byltingu og safna öllu valdi saman á einni hendi, og skáld hans, Jóhannes úr Kötlum, kvað:

> Í hinum hörðu átökum um varnir landsins eftir síðari heimsstyrjöld nutu íslenskir kommúnistar og sósíalistar þess, að í menningarlífi landsins höfðu þeir yfirburði.

Sovét-Ísland,
óskalandið,
– hvenær kemur þú?

Árin 1929-1938 sendi íslenski flokkurinn alls 23 manns í leynilegar þjálfunarbúðir fyrir byltingarmenn í Moskvu, miklu fleiri hlutfallslega en nokkur annar kommúnistaflokkur í heiminum, enda tókst kommúnistum að sigra lögregluna í miklum götubardaga í Reykjavík 9. nóvember 1932, Gúttóslagnum svonefnda, eins og formaður kommúnistaflokksins, Brynjólfur Bjarnason, skrifaði hreykinn yfirboðurum sínum í Moskvu um skömmu síðar.

Hlutleysi og hervernd

Hið nýja konungsríki norður í Dumbshafi lýsti strax yfir hlutleysi, eins og Danir höfðu gert í Norðurálfuófriðnum mikla, og gekk ekki í Þjóðabandalagið, sem stofnað hafði verið eftir ófriðinn. En yfirlýsingar um hlutleysi eru marklitlar, nema eitthvert afl sé á bak við þær. Í raun og veru naut Ísland verndar breska flotans árin milli stríða. Bretar höfðu engan áhuga á að leggja Ísland undir sig, en þeir vildu koma í veg fyrir, að önnur stórveldi hefðu hér veruleg ítök. Væntanlega var það skýringin á því, að Ísland fylgdi ekki með, þegar Svíar fengu Noreg 1814 í sárabætur fyrir Finnland, þótt verið hefði norskt skattland. Bretar töldu sér ekki stafa nein hætta af Dönum. Þrátt fyrir óbeina vernd Breta fundu Íslendingar þó til vanmáttar síns fyrstu áratugi hins nýja konungsríkis. Brýnasta úrlausnarefnið var að selja fisk, einu vöruna, sem þjóðin átti nóg af. Þótt samþykkt hefði verið í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1908 að banna allan innflutning áfengis til landsins, hurfu Íslendingar til dæmis árið 1922 frá banni á innflutningi léttra vína að kröfu Spánverja, og þeir tóku ekki þátt í viðskiptaþvingunum Þjóðabandalagsins gegn Ítalíu árið 1935 vegna Eþíópíustríðsins. Vildu þeir ekki missa góða markaði fyrir fisk á Spáni og Ítalíu. Lengst gengu Íslendingar í að skerða fullveldið vegna viðskiptahagsmuna vorið 1939, þegar Hermann Jónasson, þá forsætis- og dómsmálaráðherra, lét að kröfu þýska ræðismannsins í Reykjavík gera upptæka bók um fangabúðir nasista.

Í Norðurálfuófriðnum mikla 1914-1918 höfðu Bretar tekið í sínar hendur stjórn allra siglinga til og frá Íslandi, og þegar seinni heimsstyrjöldin skall á, töldu þeir sig verða að koma í veg fyrir, að þýskir nasistar legðu undir sig landið, og hernámu það þess vegna vorið 1940. Var það vissulega frekleg skerðing á fullveldi Íslands, en í hjarta sínu voru flestir Íslendingar því samt fegnir, að Bretar hernámu landið, ekki Þjóðverjar, eins og Ólafur Thors trúði breska sendiherranum fyrir, þegar sá gekk á fund ríkisstjórnarinnar 10. maí 1940. Íslendingum tókst síðan með lagni og hyggindum að semja sem fullvalda þjóð við Bandaríkjamenn vorið 1941 um, að þeir tækju við hervernd landsins, en breska hernámsliðið hyrfi á brott. Með því sögðu Íslendingar í raun skilið við hlutleysisstefnuna frá 1918. Þótt kommúnistar, sem nú kölluðu sig sósíalista, hefðu hægt um sig í baráttunni fyrir Sovét-Íslandi fyrstu árin eftir að Hitler réðst á sinn fyrri bandamann, Stalín, sumarið 1941, hófu þeir eftir stríð harða baráttu gegn frekara varnarsamstarfi við Vesturveldin, eins og Einar Olgeirsson, formaður Sósíalistaflokksins, fékk fyrirmæli um í Moskvu á leynifundi með Georgí Dímítrov haustið 1945. Áttu lögreglan og varalið hennar fullt í fangi með að ráða við ofbeldisseggi úr þeirra röðum í götuóeirðum í Reykjavík árin 1946 og 1949. Sósíalistar nutu þessi árin miklu meira fylgis en kommúnistaflokkar í öðrum Norðurálfulöndum, fengu hvorki meira né minna en 19,5% atkvæða í þingkosningunum 1946 og sama hlutfall árið 1949. Voru orsakirnar eflaust margþættar.

Gegn íslenskum þjónum hins austræna jötuns

Í hinum hörðu átökum um varnir landsins eftir síðari heimsstyrjöld nutu íslenskir kommúnistar og sósíalistar þess, að í menningarlífi landsins höfðu þeir yfirburði. Þeir höfðu eftir fyrirmælum frá Alþjóðasambandi kommúnista stofnað Félag byltingarsinnaðra rithöfunda árið 1933, bókaútgáfuna Heimskringlu árið 1935 og bókafélagið Mál og menningu árið 1937, en það varð strax öflugt. Nokkrir kunnustu rithöfundar landsins voru ákafir stalínistar, þar á meðal Halldór Kiljan Laxness og Þórbergur Þórðarson að ógleymdum Jóhannesi úr Kötlum. Vörðu þeir með ráðum og dáð ofbeldisverk rússnesku ráðstjórnarinnar, árásirnar á Pólland og Finnland 1939, hernám Eystrasaltsríkja 1940 og valdarán kommúnista í löndum Mið- og Austur-Evrópu eftir stríð, jafnframt því sem þeir vísuðu á bug frásögnum ótal sjónarvotta um fjöldaaftökur, hungursneyðir af mannavöldum, þrælabúðir og nauðungarflutninga. En nú risu nokkrir dáðustu rithöfundar þjóðarinnar upp gegn íslenskum þjónum hins austræna jötuns. Þeir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, Tómas Guðmundsson og Guðmundur G. Hagalín höfðu allir staðið ungir menn við Stjórnarráðshúsið 1. desember 1918 og horft á, þegar íslenski ríkisfáninn var í fyrsta sinn dreginn að húni. Davíð minntist þá föður síns og annarra eyfirskra bænda, sem höfðu rætt um sambandsmálið í baðstofunni heima í Fagraskógi: „Hver átti að ráða hér ríkjum? Íslendingar sjálfir. Þeir höfðu helgað sér landið með blóði og sveita og þúsund ára erfðum.“ Tómasi fannst hann standa frammi fyrir þjóð, sem komin væri um langan veg út úr nótt og dauða, en hefði lifað af vegna þess, að hún hefði varðveitt vonina um þennan dag í hjarta sínu. Hagalín sá fyrir sér ósýnilega fylkingu frá fyrri tíð, frækna foringja, en líka vaðmálsklædda bændur og sjómenn í skinnstökkum, sem átt hefðu sér draum um frelsi og fullveldi.

> Kalda stríðið stóð ekki milli tveggja stórvelda, heldur um það, hvort vestræn lýðræðisríki ættu að veita fyrirhugaðri heimsbyltingu kommúnista og landvinningum Rússa viðnám.

Hagalín varð fyrstur til að skera upp herör gegn liðsmönnum Sovét-Íslands. Hann birti þegar árið 1943 bókina *Gróður og sandfok* um óholl áhrif kommúnista í íslensku menningarlífi. Tómas flutti kvæði á Árnesingamóti í júní

Icesave-samningurinn, sem gerður var sumarið 2009, hefði haft í för með sér fullkomið afsal fullveldisins. Hér er honum mótmælt við Bessastaði.

Morgunblaðið/RAX

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi varaði við erindrekum erlends valds í ræðu á héraðsmóti Sjálfstæðisflokksins 1958.

Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

Tómas Guðmundsson reis upp til varnar andlegu frelsi á fundi Stúdentafélags Reykjavíkur 1950. Hann taldi því ógnað í ríkjum kommúnista.

1948, skömmu eftir valdarán kommúnista í Tékkóslóvakíu:

> Og ofbeldishneigðin, sem herjar á þjóðir og lönd,
> fær hvergi dulist, hve títt sem hún litum skiptir.
> — í gær var hún máske brún þessi böðulshönd,
> sem blóðug og rauð í dag sínu vopni lyftir.

Á þjóðhátíðardaginn 17. júní 1949, skömmu eftir að Íslendingar höfðu gengið í Atlantshafsbandalagið til að verja fullveldi sitt, orti Tómas:

> En vit, að öll þín arfleifð, von og þrá
> er áskorun frá minning, sögu og ljóðum,
> að ganga af heilum hug til liðs við þá,
> sem heiminn vilja byggja frjálsum þjóðum.

Tómas mælti líka fyrir andlegu frelsi á fjölmennum fundi Stúdentafélags Reykjavíkur í janúar 1950, þar sem Þórbergur Þórðarson var til andsvara. Benti Tómas á, að nú væri komin til sögunnar ný tegund þrælahalds, andleg ánauð, þar sem ríkið reyndi ekki aðeins að stjórna gerðum manna, heldur líka hugsun.

Til varnar vestrænni menningu

Ræða Tómasar Guðmundssonar á fundinum 1950 er birt í bókinni *Til varnar vestrænni menningu*, sem Almenna bókafélagið gefur út í tilefni 100 ára fullveldis 1. desember 2018

▶ SJÁ SÍÐU 40

ásamt sex öðrum ræðum, sem íslenskir menntamenn fluttu gegn Sovét-Íslandi næstu árin, fram til 1958. Skrifa ég formála og skýringar, og er bókin aðgengileg ókeypis á Netinu. Aðra ræðuna í bókinni flutti Gunnar Gunnarsson undir yfirskriftinni „Vestræn menning og kommúnismi“ á Heimdallarfundi í nóvember 1954. Gunnar hafði þá getið sér meiri frægðar erlendis en nokkur annar íslenskur rithöfundur. Rakti hann dæmi um yfirgang ráðstjórnarinnar eftir stríð og taldi Íslendinga njóta heiðurs og trausts með aðild að Atlantshafsbandalaginu. Næst efndi Heimdallur til fundar um umsvif kommúnista í íslensku menningarlífi vorið 1955, og þar héldu Hagalín, séra Sigurður Pálsson í Hraungerði og Kristmann Guðmundsson rithöfundur ræður, sem líka birtast í þessari bók. Hagalín brá upp mynd af Sovét-Íslandi, eins og það yrði eftir valdatöku kommúnista, og studdist við reynsluna í Mið- og Austur-Evrópu. Séra Sigurður Pálsson skýrði, hvernig kommúnismi gengi gegn hugmyndum kristinna manna um almenn mannréttindi. Kristmann Guðmundsson furðaði sig á því, að kommúnistar ættu meira fylgi að fagna á Íslandi en annars staðar á Vesturlöndum. Sjöttu ræðuna í þessari bók flutti skáldið Sigurður Einarsson í Holti á Heimdallarfundi vorið 1956, skömmu eftir sögulegar uppljóstranir í Rússlandi um Stalín og stjórnartíð hans. Rifjaði hann háðslega upp lofsöngva íslenskra stalínista um hinn látna harðstjóra. Sjöundu ræðuna hélt Davíð Stefánsson frá Fagraskógi á héraðsmóti Sjálfstæðisflokksins á Austurlandi sumarið 1958. „Enn eru til menn, sem hylla harðstjórana,“ mælti Davíð. „Ennþá stynja þjóðir undir hernaðaroki, föðurlönd eru gerð að fangabúðum, frelsishetjur hengdar að húsabaki.“

Ræðurnar sjö voru allar fluttar í Kalda stríðinu, sem geisaði frá valdaráni kommúnista í Tékkóslóvakíu 1948 til hruns Berlínarmúrsins 1989. Þetta stríð stóð ekki milli tveggja stórvelda, heldur um það, hvort vestræn lýðræðisríki ættu að veita fyrirhugaðri heimsbyltingu kommúnista og landvinningum Rússa viðnám. Á sama hátt snerust stjórnmáladeilur á Íslandi ekki um, hvort hér ætti að vera varnarlið, heldur hvort hið íslenska ríki, sem stofnað hafði verið 1. desember 1918, tryggði fullveldi sitt með þátttöku í vörnum vestrænna þjóða. Tómas Guðmundsson orðaði þetta skýrt á fullveldisdaginn 1. desember 1954: „Það er fjarstæða ein, sem kommúnistar og reyndar fleiri vilja telja mönnum trú um, að höfuðklofningurinn í þjóðmálum sé nú milli þeirra, sem fylgjandi eru hersetu, og hinna, sem henni eru andvígir. Mörkin eru þvert á móti milli þeirra, sem vilja efla og styrkja lýðræði og frelsi landsmanna, og hinna, sem hneppa vilja allar þjóðir í fjötra kommúnismans.“

Með herverndarsamningnum við Bandaríkin sumarið 1941 hófst það, sem kalla mætti „Bandarísku öldina“ í sögu Íslendinga. Tveir aðrir mikilvægustu áfangar á þeirri braut voru

> Þjóðrækni höfundanna sjö var ekki þjóðremba, enda hafa Íslendingar aldrei beitt aðrar þjóðir ofbeldi. Stolt þarf ekki að vera dramb.

aðild að Atlantshafsbandalaginu vorið 1949 og varnarsamningur við Bandaríkin sumarið 1951. Nú höfðu Íslendingar í fyrsta og eina skiptið í sögu sinni eignast voldugan bakhjarl. Þess vegna gátu þeir, eftir að þeir voru lausir undan samningi Dana og Breta frá 1901, fært fiskveiðilögsöguna út fjórum sinnum þrátt fyrir harðvítuga andstöðu Breta í öll skiptin. Til að selja fisk nutu þeir líka góðs af auknu viðskiptafrelsi um heim allan. En eftir hrun kommúnismans í Rússlandi töldu Bandaríkjamenn með réttu eða röngu ekki lengur þörf á varnarliði á Íslandi og virtust líka gera ráð fyrir, að Ísland gæti sótt stuðning til grannríkja sinna í Norðurálfunni. Þetta reyndist rangt. Frá því að Bandaríkjamenn lögðu þegjandi og hljóðalaust niður herstöðina á Miðnesheiði haustið 2006, hefur Ísland átt fáa vini, eins og berlega kom í ljós í bankahruninu tveimur árum síðar.

Morgunblaðið/Ólafur K. Magnússon

Í ræðu á fjölsóttum Heimdallarfundi í nóvember 1954 leiddi Gunnar Gunnarsson rök að því, að hið fullvalda íslenska ríki ætti samleið með öðrum vestrænum lýðræðisríkjum innan Atlantshafsbandalagsins. Saman yrðu þau að verjast ógninni úr austri.



Spegillinn **birti skopmynd af því, þegar Guðmundur G. Hagalín og Kristmann Guðmundsson sögðu helsta áróðursmanni kommúnista, Kristni E. Andréssyni, til syndanna á Heimdallarfundi 1955.**

„Ég lýt hátigninni, en stend á réttinum“

Höfundarnir sjö, sem eiga ræður í bókinni *Til varnar vestrænni menningu*, skírskota til hinnar sterku þjóðernisvitundar, sem bar landsmenn áfram í andstreymi liðinna alda og fann sér stjórnmálafarveg í stofnun fullvalda ríkis 1. desember 1918. Þjóðrækni þeirra var hins vegar ekki þjóðremba, enda hafa Íslendingar aldrei beitt aðrar þjóðir ofbeldi. Stolt þarf ekki að vera dramb. Flestir ráðamenn þeirrar litlu þjóðar, sem varð fullvalda í skammdeginu fyrir hundrað árum, hafa fylgt fordæmi Staðarhóls-Páls, sem kraup forðum fyrir konungi með öðrum fæti, en stóð í hinn og sagði: „Ég lýt hátigninni, en stend á réttinum.“ Þeir hafa verið raunsæir, en um leið fastir fyrir. Jón Sigurðsson vissi vel, þegar skilja átti að fjárhag Íslands og Danmerkur, eins og gert var 1871, að Danir myndu ekki samþykkja útreikninga hans á því, hvað þeir skulduðu Íslendingum eftir margra alda óstjórn. En hann vildi ekki þiggja ölmusu, heldur fá skaðabætur, sem talist gætu réttmætar. Og þegar Kristján IX. konungur bauð Jóni í höll sína eftir að hafa skrifað undir stjórnarskrána 1874, bjóst hann líklega við því, að gestur sinn myndi lýsa yfir sérstakri ánægju. En Jón sagði aðeins kurteislega: „Þetta er góð byrjun, yðar hátign.“ Þegar Kristján X. jós skömmum yfir Íslendinga á ríkisráðsfundi í Kaupmannahöfn haustið 1913, stóð Hannes Hafstein Íslandsráðherra upp, kvaðst ekki geta setið undir þessum orðum um þjóð sína og gekk út. Sneri hann aftur á fundinn, eftir að danskir ráðherrar höfðu krafist þess, að konungur bæði hann afsökunar. Erlendir samningamenn tóku líka til þess, hversu fast þeir Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson héldu jafnan á hagsmunum Íslendinga, en þeir fóru með utanríkismál hvor á eftir öðrum á hinu örlagaríka tímabili frá 1944 til 1953.

Það er því undrunarefni, hvernig íslenskir ráðamenn lyppuðust niður fyrir útlendingum fyrstu árin eftir bankahrunið, beygðu bæði hné ólíkt Staðarhóls-Páli. Að frumkvæði þáverandi ríkisstjórnar og Seðlabanka hafði í neyðarlögunum frá 6. október 2008 verið leitast við að takmarka ábyrgð og skuldbindingar íslenska ríkisins vegna fyrirsjáanlegs falls bankanna. En sú ríkisstjórn, sem tók við í febrúarbyrjun 2009, flýtti sér að gera hroðalegan samning þá um sumarið í hinni svokölluðu Icesave-deilu við Breta, sem hefði meðal annars falið í sér, að þeir hefðu getað gert fasteignir íslenska ríkisins erlendis upptækar og lagt hald á íslensk skip í breskum höfnum og íslenskar flugvélar á breskum flugvöllum,

> Ísland þarf líka að stækka inn á við, og það gerist aðeins, ef við, sem nú lifum, slítum ekki sálufélaginu við þær þrjátíu og fimm kynslóðir, sem byggðu landið á undan okkur.

teldu þeir um vanefndir að ræða, en úr ágreiningi áttu breskir dómstólar að skera. Svo virtist sem Íslendingar héldu ekki lengur uppi fullvalda ríki, heldur væru sigruð þjóð. Mér til nokkurrar undrunar studdi þorri samkennara minna í Háskóla Íslands samninginn. En í ljós kom, að Íslendingar voru ósigraðir á sálinni, og felldu þeir þetta afsal fullveldisins eftirminnilega í þjóðaratkvæðagreiðslu á útmánuðum 2010. Guldu aðeins 1,8% kjósenda jáyrði við samningnum. Þá reyndust Bretar allt í einu vera reiðubúnir að gera miklu hagstæðari samning, þótt svo færi að lokum, að erlendir dómstólar úrskurðuðu, eins og eðlilegt var, að íslenska ríkið hefði ekki borið fjárhagslega ábyrgð á viðskiptum einkaaðila.

Sigurvegararnir hafa ekki skrifað söguna

Hvað skýrir undanlátssemi þeirra, sem völdin höfðu árin 2009-2013? Hvers vegna höfðu þeir ekki sama sjálfstraustið og hinn þögli, en stolti mannfjöldi, sem stóð við Stjórnarráðshúsið 1. desember 1918? Sú væri kaldhæðni sögunnar, ef ein skýringin skyldi vera, að þeir teldu sig ekki lengur hafa þann volduga bakhjarl, sem Bandaríkin voru fram til 2006, því að ráðherrarnir í ríkisstjórn þessara ára komu allir upphaflega úr Alþýðubandalaginu nema forsætisráðherrann, Jóhanna Sigurðardóttir (að undanteknum tveimur utanflokkamönnum, sem sátu í eitt ár). Alþýðubandalagið, arftaki Sósíalistaflokksins, hafði alla tíð fjandskapast við Bandaríkjamenn. En ef til vill er önnur skýring fólgin í þeirri þversögn, að sigurvegararnir skrifuðu ekki söguna, eftir að Kalda stríðinu lauk með fullum sigri vestræns lýðræðis. Nú í nokkra áratugi hafa arftakar þeirra kommúnista og sósíalista, sem ráku Heimskringlu og Mál og menningu fyrir erlent fé, reynt í kennslubókum og yfirlitsritum, iðulega með opinberum stuðningi, að móta hug þeirra kynslóða, sem hafa verið að vaxa úr grasi. Þeir hafa markvisst gert lítið úr sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og þjóðernisvitund, jafnframt því sem þeir hafa reynt eftir megni að koma í veg fyrir umræður um ódæði kommúnismans, sem kostaði samkvæmt *Svartbók kommúnismans* hundrað milljón mannslíf á tuttugustu öld. Háskóli Íslands var stofnaður á hundrað ára afmæli Jóns Sigurðssonar, svo að æskulýður landsins gæti lesið íslenskar bókmenntir, ekki danskar, numið íslensk lög, ekki dönsk, lært íslenska sögu, ekki danska. En ég veit af eigin raun, að þar eru allnokkrir, sem tala jafnan niður land og þjóð og mæla ekki lengur á íslensku, heldur ensku og jafnvel belgísku. Við útfærslu fiskveiðilögsögunnar í fjórum áföngum 1952-1976 stækkaði Ísland út á við. En Ísland þarf líka að stækka inn á við, og það gerist aðeins, ef við, sem nú lifum, slítum ekki sálufélaginu við þær þrjátíu og fimm kynslóðir, sem byggðu landið á undan okkur.

Höfundur er prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Egils Hvítöl hefur verið elskað af íslensku þjóðinni síðan 1913

Gamla góða Hvítölið

ER NÚNA KOMIÐ Í DÓS

Egils

ÍSLENSKT gjöriðsvo vel

Fullveldi Íslands og alþjóðasamvinna í 100 ár

Íslendingar hafa allt frá upphafsárum fullveldis leitast við styrkja efnahagslega, pólitíska og menningarlega stöðu sína með náinni samvinnu við nágrannaríki sín.

Baldur Þórhallsson baldurt@hi.is

Ísland hefur leitast eftir náinni samvinnu við nágrannaríki allt frá fullveldisstofnun 1. desember 1918. Þannig hafa landsmenn náð að styrkja efnahaginn, tryggja öryggi og renna styrkari stoðum undir menningu og nýsköpun. Samvinnan hefur verið það náin og á þeim forsendum að í raun er hægt að tala um að Ísland hafi leitað skjóls hjá vinaþjóðum. Allt frá landnámi hefur Ísland verið í skjóli stærri og voldugri ríkja þó að vissulega hafi verulegur kostnaður fylgt náinni samvinnu á stundum. Í þessari grein verður leitast við að greina hvernig íslenskir ráðamenn hafa frá fullveldisstofnun leitast við að styrkja fullveldi Íslands.

Stærð ríkja virðist ekki skipta sköpum þegar kemur að velsæld og mörg smáríki hafa sýnt fram á að þau eru fullfær um að byggja upp skilvirka stjórnsýslu. Í samanburði við stór ríki eru lítil ríki hins vegar háðari alþjóðaviðskiptum vegna lítils heimamarkaðar og eiga erfiðara með að verjast utanaðkomandi áföllum. Einnig þurfa þau að vera meira vakandi fyrir því að nýjustu straumar og stefnur berist til þeirra. Auk þessa þá getur stjórnsýsla lítils ríkis og þar með talið utanríkisþjónusta aldrei orðið eins umfangsmikil og stórs ríkis.

Ofangreind staða smáríkja kallar á að þau bregðist við og íhugi vandlega hvernig þau tryggi sem best fullveldi sitt. Samkvæmt kenningunni um skjól í smáríkjafræðum, afsprengi alþjóðastjórnmála, leita lítil ríki skjóls hjá einstaka ríkjum og alþjóðastofnunum til að tryggja góð lífskjör, varnir og nýtímavæðingu. Þannig greinir skjólskenningin að smáríki sækist eftir þrenns konar skjóli; efnahagslegu, pólitísku og félagslegu. Með því að leita skjóls leitast smáríki við að draga úr líkum á því að þau verði fyrir ytri áföllum, fá aðstoð við að glíma við áföll ef þau dynja yfir og njóta í kjölfarið hjálpar við endurreisn.

Bjarni Benediktsson ræðir hér við Dean Acheson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna á árunum 1949-1953, en sterk tengsl Íslands við Bandaríkin veittu Íslandi ekki bara hernaðarlegt skjól, heldur einnig diplómatískt skjól í landhelgismálunum að mati höfundar.

Efnahaglegt skjól

Þrátt fyrir harða sjálfstæðisbaráttu lögðu íslenskir ráðamenn sig fram um það að vinna náið með dönskum stjórnvöldum á millistríðsárunum til að styrkja nýfengið fullveldi.

Danmörk hætti beinum fjárstuðningi til Íslands við fullveldisstofnun en hélt áfram að skilgreina Ísland sem hluta af dönsku markaðssvæði. Þetta skipti sköpum fyrir útflutning frá landinu þar sem oft var krafist vöruskipta í viðskiptum og innflutningur sem ekki kom Íslendingum að notum fór til Danmerkur. Samskipti landanna rofnuðu hins vegar þegar Þjóðverjar hernámu Danmörku vorið 1940.

Ísland leitaði einnig efnahaglegs skjól hjá Bretlandi en íslensk stjórnvöld tengdu krónuna við breska pundið á fyrri hluta 3. áratugarins. Þetta leiddi til stöðugasta gengistímabils í sögu Íslands sem varði til ársins 1939. Eftir gengisfellingu það ár var krónan tengd bandaríkjadal og hélst sú tenging í áratug.

Hernám Breta árið 1940 var vissulega áfall fyrir fullvalda þjóð en Bretar tryggðu alþjóðaviðskipti og herverndarsamningurinn við Bandaríkin sem gerður var árið 1941 tryggði ekki einungis varnir heldur einnig viðskipti og umfangsmikla uppbyggingu innanlands og efnahagsaðstoð. Í lok styrjaldarinnar hafði skjól Breta og Bandaríkjanna gert Ísland að einu ríkasta landi heims.

Erfitt er að sjá fyrir sér efnahag Íslands án stuðnings Bandaríkjanna á eftirstríðsárunum og þeirrar fjárhagslegu aðstoðar sem Bandaríkin veittu Íslandi allt til ársins 2006. Sama má segja um mikilvægi þess að vera hluti af dönskum markaði á millistríðsárunum þó að minna hafi farið fyrir því í opinberri umræðu.

Ein meginástæða þess að íslensk stjórnvöld ákváðu að gerast stofnaðilar að Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í lok seinni heimsstyrjaldarinnar var viðleitni til að styrkja efnahagslega stöðu landsins á óvissutímum. Ísland naut um langt árabil sérfræðiþekkingar, styrkja og hagstæðra lána frá þessum stofnunum og nú síðast í kjölfar bankahrunsins. Norðurlöndin veittu Íslendingum einnig mikilvægt skjól með því að taka þátt í fjármögnum láns á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir hrun. Þau veittu Íslandi einnig fjárhagsstuðning við inngönguna í EFTA árið 1970.

> Fullveldi Íslands hefur verið tryggt með því að leita skjóls og almennt hafa stjórnvöld forðast að standa ein á báti án formlegra bandamanna í ólgusjó alþjóðastjórnmála.

Eftir að draga fór úr beinum efnahagsstuðningi Bandaríkjanna á 7. áratug síðustu aldar áttu íslensk stjórnvöld ekki annan kost en að reyna að tryggja hagstæðari markaðsaðgang að mörkuðum Evrópuríkja. En samhliða EFTA-aðildinni og áður en að aðildinni að EES kom höfðu Íslendingar notið efnahagslegs skjóls af sameiginlegum norrænum vinnumarkaði.

Íslensk stjórnvöld hafa þannig ætíð leitað efnahagslegs skjóls með því að tryggja sér aðild að stærri markaði og með þátttöku í alþjóðlegu regluverki sem setur leikreglur á markaðnum. Þetta hefur styrkt efnahagslegt fullveldi Íslands.

Pólitískt skjól

Sú staðreynd að dönsk stjórnvöld sáu um framkvæmd utanríkisstefnu Íslands á millistríðsárunum tryggði að þau veittu mikilvægt diplómatískt skjól við gerð viðskiptasamninga. Íslensk stjórnvöld höfðu í fyrstu enga burði, hvorki þekkingarlega né stjórnsýslulega, til að sinna þessari samningagerð. Dönsk stjórnvöld tryggðu einnig pólitískt skjól sem landið þurfi á að halda með landhelgisgæslu alveg fram að síðari heimsstyrjöldinni. Landhelgisgæslan nýtur enn í dag umtalsverðs skjóls af samvinnu við dönsk stjórnvöld.

Danmörk var hins vegar, allt frá byrjun 19. aldar, of veikburða til að veita Íslandi skjól þegar mest á reyndi, það er í Napóleónstríðunum og fyrri og seinni heimsstyrjöldinni. Í seinni heimsstyrjöldinni tóku Bandaríkin við sem skjólsveitandi af Bretum og í kjölfarið veitti varnarsamvinnan við Bandaríkin og aðildin að NATO ekki aðeins hernaðarlegt skjól heldur einnig diplómatískt skjól þegar kom að útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Ísland nýtur einnig diplómatísks skjóls af náinni samvinnu við ríki Norðurlandanna innan alþjóðastofnana og í samningaviðræðum við önnur ríki.

Íslands naut skjóls af reglum og viðmiðum alþjóðakerfisins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna rétt eins og skjólskenningin kveður á um. Fullveldi lítilla ríkja ber að virða rétt eins og fullveldi stærri ríkja. Ísland naut ekki síst alþjóðlegrar þróunar í hafrétti, þegar kom að útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Breytingar í hafrétti, sem bundu hendur stærri og voldugri ríkja, gerðu Íslandi kleift að stækka fiskveiðilögsöguna.

Í kjölfar brotthvarfs bandaríska hersins árið 2007 hafa íslensk stjórnvöld brugðið á það ráð að gera öryggissamninga við önnur nágrannaríki eins og Kanada, Noreg, Danmörku og Bretland og tryggja tímabundnar loftvarnir með viðveru flugherja Finnlands og Svíþjóðar og tiltekinna NATO-ríkja á landinu. Ísland nýtur einnig góðs af náinni tæknisamvinnu við Noreg hvað varðar netöryggi og varnarmál.

Þessi ríki gegna því veigameira hlutverki í vörnum landsins en áður, þar sem þau eru orðin beinir skjólsveitendur. Aðildin að Schengen hefur einnig veitt víðtækara og mikilvægara skjól en margir töldu í fyrstu að yrði raunin, sérstaklega á sviði lögreglusamstarfs.

Að þessu sögðu má draga þá ályktun að það pólitíska skjól sem Ísland hefur notið í formi varna og utanríkisþjónustu, og viðmiða og leikreglna alþjóðakerfisins, hafi skipt sköpum fyrir fullveldi landsins.

Félagsleg skjól

Þrátt fyrir mikil áhrif bandarískrar menningar og nýsköpunar á landsmenn frá stríðsárunum héldu íslensk stjórnvöld áfram að leita fyrst og fremst eftir félagslegu skjóli hjá Norðurlöndunum, einkum Danmörku. Leitað var fyrirmynda við áframhaldandi uppbyggingu stjórnsýslunnar og velferðarkerfisins og íslensk löggjöf á mörgum sviðum tók áfram mið af danskri löggjöf.

Eftir síðari heimsstyrjöldina tók Kaupmannahöfn fljótlega aftur við sem miðstöð íslenskra stúdenta erlendis þar sem þeir héldu

Davíð Oddsson forsætisráðherra og Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra bera saman bækur sínar í atkvæðagreiðslu um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið árið 1993.

Morgunblaðið/Sverrir



Varðskip Dana við Íslandsstrendur, Islands Falk, var tekið í notkun 1906 og sinnti hér landhelgisgæslu formlega til 1921. Danir aðstoðuðu þó Íslendinga við gæsluna allt fram að upphafi síðari heimsstyrjaldar og Landhelgisgæslan nýtur enn í dag umtalsverðs skjóls af samvinnu við dönsk stjórnvöld.

áfram að njóta aðgangs að menntun og öðrum félagslegum gæðum danska velferðarkerfisins. Norðurlandasamvinnan veitti landsmönnum einnig mikilvægt skjól eins og ferða- og atvinnufrelsi og aðgang að mennta og velferðarkerfum ríkjanna fjögurra.

Möguleikar Íslendinga til að mennta sig á Norðurlöndunum og straumar og stefnur sem fylgdu samskiptum milli landanna hafa líklega verið vanmetnir í gegnum tíðina. En án þeirra má efast um að tekist hefði að byggja upp öflugt mennta- og heilbrigðiskerfi sem er sambærilegt við það sem best gerist í heiminum, það er á Norðurlöndunum.

Þegar mest hefur þrengt að í efnahagsmálum hafa landsmenn getað notið þeirra gæða sem opinn aðgangur að Norðurlöndum hefur boðið upp á eins og þegar síldin hvarf í lok 7. áratugarins og eftir hrunið 2008.

Einnig má nefna að aðgangur íslenskra námsmanna að námi í Evrópu hefur skipt sköpun fyrir menntun landsmanna, einkum háskólamenntun, og með EES-samningunum hefur vísinda- og menningarsamstarf við Evrópuríki stóraukist. Þannig standa stærri og um leið fjölþættari vísinda- og menningarsamfélög Íslendingum opin og skapa grundvöll og um leið skjól fyrir öflugra samfélag hér á landi.

Samfélagið er þannig líklegra en ella til að blómstra og skapa framtíð fyrir nýjar kynslóðir og styrkja fullveldi Íslands.

Fullveldi smáríkja

Íslendingar hafa allt frá upphafsárum fullveldis leitast við að styrkja efnahagslega, pólitíska og menningarlega stöðu sína með því að leita skjóls hjá voldugum nágrannaríkjum og hjá alþjóðastofnunum þegar þær komu til sögunnar. Þannig hefur fullveldi Íslands verið tryggt og styrkt með því að leita skjóls og almennt hafa stjórnvöld forðast að standa ein á báti án formlegra bandamanna í ólgusjó alþjóðastjórnmála.

Lítil ríki þurfa að sjálfsögðu að reyna að takmarka þá ókosti sem náin samvinna og skjól getur falið í sér. Það geta þau gert með því gangast ekki undir íþyngjandi skuldbindingar og beita þar með fullveldinu bæði til þess að tryggja hagstætt skjól og koma í veg fyrir að skjólið verði þrúgandi.

Höfundur er prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Greinin er byggð á kafla í bókinni *Fullveldi Íslands í 99 ár: Safn ritgerða til heiðurs dr. Davíð Þór Björgvinssyni sextugum.*

Hvaða þýðingu hefur fullveldið haft fyrir Íslendinga? Hvaða þýðingu mun það hafa í framtíðinni? Morgunblaðið leitaði til nokkurra valinkunnra einstaklinga eftir svörum við þessum spurningum.

STYRMIR GUNNARSSON, FYRRVERANDI RITSTJÓRI MORGUNBLAÐSINS

Sjálfstæðisbaráttu smáþjóðar lýkur aldrei

Okkur fer fækkandi, sem fæddumst, þegar danskur kóngur var enn þjóðhöfðingi Íslands. Hvernig upplifðum við sjálfstæðisbaráttuna? Ég get ekki talað fyrir aðra en mig en hér á eftir fara hugleiðingar eins í þeim hópi, sem fæddust á árinu 1938.

Það var ekki bezta veður á Þingvöllum hinn 17. júní 1944, þegar sex ára drengur tók þátt í hátíðahöldunum við stofnun lýðveldis á Íslandi með fjölskyldu sinni og Sveinn Björnsson var kjörinn forseti á Alþingi, í kosningu sem sýndi glögglega sundurlyndi meðal ráðamanna um hver skyldi taka við því embætti.

Styrmir Gunnarsson

Þrennt situr eftir í minningunni: Veðrið, upplifun barns af tali fullorðna fólksins um að danski kóngurinn væri í fýlu út í okkur Íslendinga, sem gerði það að verkum, að mér var alltaf heldur illa við Kristján konung X. Og umferðaröngþveitið á heimleið, sennilega vegna þess, að dr. Bjarni Jónsson, síðar yfirlæknir á Landakoti (sem var giftur föðursystur minni) fór út úr bílnum og tók til við að stjórna umferðinni.

Þremur árum seinna var ég á annarri hátíð, Reykholtshátíðinni 1947, og fann fyrir þjóðarstolti, þegar Ólafur krónprins Noregs, kom til Íslands með fríðu föruneyti og gaf hinni sjálfstæðu þjóð styttu af Snorra Sturlusyni, sem norski myndhöggvarinn Gustav Vigeland hafði gert.

Eitthvað hefur verið unnið að því á mínu æskuheimili að innræta mér þjóðerniskennd. Mér voru gefnar allar Íslendingasögur sem Íslendingasagnaútgáfan gaf út en fyrsta bókin kom út 1946. Jólagjöfin árið 1947, þegar ég var níu ára var Virkið í norðri, fyrsta bindi, eftir Gunnar M. Magnúss, og næstu tvö bindin, sem komu í kjölfarið, sennilega til þess að upplýsa mig um flókna stöðu smáþjóðar vegna legu landsins en þetta ritverk fjallar um Ísland í stríðinu.

Sú tilfinning er sterk frá þeim árum að kennsla í sögu lands og þjóðar í barnaskóla hafi stuðlað að tvennu: skapað með okkur heilbrigða þjóðerniskennd og jafnvel eins konar andúð á Dönum, sem við kölluðum „bauna“.

Lýðveldisstofnunin á Þingvöllum 17. júní 1944 var vel sótt, þrátt fyrir rigninguna.

Morgunblaðið/Jón Sen

Næstu árin færðist sjálfstæðisbaráttan yfir á Melavöllinn. Í huga okkar strákanna í Vesturbænum, urðu Gunnar Huseby, Clausensbræður, Finnbjörn Þorvaldsson, Torfi Bryngeirsson og fleiri frjálsíþróttamenn þeirra tíma eins konar táknmynd sjálfstæðrar þjóðar, vegna frábærrar frammistöðu á íþróttamótum í öðrum löndum. Við vorum stoltir af frammistöðu þeirra og þjóð okkar.

Svo tóku nýir sigrar við. Friðrik Ólafsson varð stóra nafnið í samfélagi þeirra tíma, ungur að árum, vegna frábærs árangurs á skákmótum í öðrum löndum. Hann varð enn ein táknmynd þess í okkar huga, að við sem sjálfstæð þjóð værum menn með mönnum. Og ekki var verra að komast í nálægð við goðsögnina. Við, æskuvinir Ragnars Arnalds, (síðar formanns Alþýðubandalagsins), fórum oft heim með honum eftir skóla. Þar voru stundum eldri bróðir hans Jón Laxdal Arnalds (faðir Eyþórs Arnalds) og vinir hans, þar á meðal Friðrik Ólafsson. Við litlu strákarnir hvísluðust á um það að maðurinn í stofunni á Sundlaugavegi 26, mundi kannski verða heimsmeistari í skák.

Kennari okkar í Íslandssögu í þriðja bekk í Menntaskólanum í Reykjavík var Þórhallur Vilmundarson (Jónssonar landlæknis). Í ljósi framangreinds „undirbúnings“ var ég mjög opinn fyrir innblásinni kennslu hans á sögu lands og þjóðar, þótt við værum þá þegar á öndverðum meið um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamninginn við Bandaríkin.

Sá innblástur skilaði sér í verki sumarið eftir þriðja bekk í MR. Ég hafði verið í sveit í fimm sumur hjá góðu og merku fólki á Hæl í Flókadal í Borgarfirði og vildi kynnast búskaparháttum í öðrum löndum. Sumarið 1955 gerðist ég landbúnaðarverkamaður í Danmörku. Þegar ég mætti til vinnu á fyrsta degi kl. sex að morgni á kornökrum á Langagergaard á Sjálandi (skammt frá Ballerup og Maalöv) setti ég fram harðar kröfur um „Handritin heim“ við þrjá verkamenn, sem þar unnu með mér. Einn þeirra var frá Jótlandi og talaði óskiljanlega dönsku. Þeir vissu ekki hvað ég var að tala um en mér fannst ég hafa lagt mitt af mörkum í baráttunni um handritin heim.

Næsti tindur í sjálfstæðisbaráttunni var í hátíðasal Háskóla Íslands hinn 1. júní 1961. Ólafur V. Noregskonungur var í opinberri heimsókn. Það var stórkostleg upplifun, nærð af þjóðarstolti og þjóðerniskennd, að hlýða á Davíð Stefánsson, skáld frá Fagraskógi, flytja konungi Noregs kvæði. Þegar þetta glæsilega skáld með djúpri hljómfagurri röddu hóf flutning kvæðisins og sagði:

> Kom heill um höf,
> herra konungur.

fannst okkur ungum háskólanemum „allt sem áður var í samskiptum þjóðanna fyrir þúsund árum (fá) hlutdeild í þessari hátíðlegu stund og sá tími sem hefur liðið frá því Óttarr svarti flutti Ólafi helga höfuðlausn sína, hvarf eins og dögg fyrir sólu, varð eitt andartak“, eins og Morgunblaðið sagði réttilega daginn eftir.

Sjálfstæðisbaráttunni lauk ekki 17. júní 1944 á Þingvöllum. Sjálfstæðisbaráttu smáþjóðar lýkur aldrei eins og átökin um aðild að Evrópusambandinu sýna. En mikilvægum áfanga lauk kl. 23.59, þegar síðasti brezki togarinn sigldi frá Íslandsmiðum hinn 1. desember 1976.

Undir miðnætti það kvöld stóð ég í prentsmiðju Morgunblaðsins í Aðalstræti og skoðaði forsíðu næsta dags í blýi. Fyrirsögnin var fimm dálka yfir þvera forsíðu: Brezku togararnir yfirgáfu landhelgina í nótt. Mig langaði til að bæta við undirfyrirsögn: Og koma ALDREI aftur. En stóðst þá freistingu. Það má ekki lýsa skoðunum í fyrirsögn á fréttum.

Með brottför togaranna var 200 mílna fiskveiðilögsaga Íslands tryggð. Þar höfðu komið við sögu í lokabaráttunni vinir mínir og samstarfsmenn í Sjálfstæðisflokknum, Eyjólfur Konráð Jónsson, Geir Hallgrímsson og Matthías Bjarnason.

Rúmum 30 árum seinna, sumarið 2009, samþykkti Alþingi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þá hófst ný barátta um sjálfstæði Íslands. Sú tilraun var brotin á bak aftur en þáverandi ríkisstjórn, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, gerði þau alvarlegu mistök að draga umsóknina ekki til baka með formlegum hætti.

Nú stendur yfir nýr kafli í þessari sögu og kaflaheitið er Orkupakki 3.

Sjálfstæðisbaráttu smáþjóðar lýkur aldrei.

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR, REKTOR LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Kjarninn varðveittur í tungumálinu

Fullveldi – líkt og felst í orðsins hljóðan – hverfist um það vald sem þjóð tekur sér til fulls ákvörðunarréttar um sín eigin málefni, hag og framtíðarsýn . Orðið er því nátengt hugmyndum okkar um sjálfstæði, lögsögu, landfræðileg og menningarleg mæri.

Ólíkt því sem ætla mætti eru hugmyndir okkar um fullveldishugtakið þó langt frá því að vera meitlaðar í stein. Þvert á móti fljóta þær í farvegi sem markast af óstöðugum breytum tíðaranda, túlkunarmöguleika og margvíslegra hugmynda um afstöðu lýðveldisins Íslands til annarra þjóða sem og ólíkra málaflokka. Hver sá sem reynir að skilgreina fullveldið gerir það út frá tilteknu sjónarhorni, tíma og markmiði.

Á sviði menningar eru fjölmörg dæmi um áhugaverða nálgun á fullveldishugtakinu; á hugmyndum okkar um hvað í fullveldinu felst. Það veigamesta er tungumálið. Íslensk tunga varðveitir þann kjarna sjálfsímyndar okkar – sem þjóðar jafnt sem einstaklinga – þar sem tjáningin, sjálf formgerð hugsananna, á sér stað. Sem slíkt er tungumálið því órofa þáttur í öllum okkar athöfnum og svo nátengt hugsuninni að fæstir geta greint hvort kemur fyrst; hugsun eða orð.

Fríða Björk Ingvarsdóttir

Þar sem tungumálið hefur mótast á tíma sem er svo miklum mun víðari en lífsferli einstaklinga er einnig í því fólgin tenging okkar við arf kynslóðanna, söguna, umhverfi og atlæti árhundraða. Ef tengslin við tunguna rofna rofnar einnig skilningur okkar á þeim jarðvegi sem við sprettum úr á hverjum tíma fyrir sig. Það sama á við um listir okkar og menningararf. Gildir þá einu til hvaða listgreinar er litið. Ef við hlúum ekki að og fjárfestum í þeirri listrænu tjáningu sem sprettur úr okkar eigin menningu munum við glata þeirri menningarlegu fótfestu sem aldirnar hafa hlaðið undir samtímann.

Fullburða og framsækið fullveldi hlýtur að fela í sér þekkingu á því hver við erum og hvaðan við komum inn í samtímann. Slík þekking er því undirstaða allrar kröfugerðar eða viðmiða fyrir hönd okkar sjálfra sem og aðkomu okkar að sameiginlegum yfirþjóðlegum markmiðum.

Í því sambandi er mikilvægt að halda þeirri staðreynd til haga að þótt hnattvæðing umturni stöðugt og brjóti niður ýmis hugmyndafræðileg kerfi sem verið hafa við lýði um langan aldur, þá er hnattvæðing einnig upphaf nýrrar þróunar, nýrra kerfa og viðmiða sem hvert fullvalda ríki hlýtur að vilja taka þátt í að móta. Einmitt út frá sérstöðu sinni hvort heldur hún mótast af menningu, hnattstöðu, atvinnulífi eða öðrum innviðum.

Listirnar auka skilning á innra sem ytra eðli samfélagsins í stóru sem smáu og marka ásamt tungumálinu bæði sérstöðu okkar og samhengi við hina stærri heimsmynd. Á hundrað ára afmæli fullveldisins er því ekki síst mikilvægt að líta inn á við til að auka slagkraftinn út á við. Þróun opins og umburðarlynds þjóðfélags með sterka tengingu við þá þætti sem vörðuðu leiðina til samtímans – sjálfa menninguna – er án efa farsælasta leiðin til að takast á við þá ábyrgð sem fullveldinu fylgir í glímunni við ögranir framtíðar.

SANNA MAGDALENA MÖRTUDÓTTIR, BORGARFULLTRÚI SÓSÍALISTAFLOKKSINS

Fullveldi fjöldans, ekki aðeins hinna fáu

Fullveldi felur í sér sjálfstæði, það að hafa fullt vald yfir málum sínum. Nú fagnar Ísland aldarafmæli fullveldisins. Þegar ég velti því fyrir mér hugsa ég um fullveldið sem mikilfenglegan lið í sögu þjóðarinnar þar sem eyjarskeggjar náðu að brjótast undan yfirvaldi annarra yfir málefnum þeirra. Við hér á Íslandi fögnum því að hafa fengið valdið til að ráða því hvernig málunum yrði háttað á okkar eigin landi, nú og til framtíðar. En hvað felst raunverulega í því að vera fullvalda þjóð? Hvað þýðir það nákvæmlega og hvernig birtist það okkur hér á landi?

Til að ná sem fyllstum skilningi á þýðingu orða og hugtaka finnst mér alltaf gott að kafa í merkingu þeirra til að átta mig nákvæmlega á því hvað felist í þeim. Hvað merkir eiginlega orðið fullveldi? Hvaða þýðingu hefur það fyrir okkur? Það vita sennilega flestallir hvað fullveldi þýðir en hver er birtingarmynd þess hér á landi? Eins og ég kom inn á áðan þýðir fullveldi í raun sjálfstæði. Það er skýringin sem orðabókin gefur mér. Ef við yfirfærum hugtakið fullveldi, táknrænt yfir á einstaklinginn, þá mæti líta svo á að í því felst að hafa fullt vald yfir málum sínum og að viðkomandi hafi getu til þess að móta líf sitt sjálfur og hafi

Sanna Magdalena Mörtudóttir

tækifæri til að taka ákvarðanir sem séu viðkomandi fyrir bestu.

„Frelsi“ og „fullveldi“ eru orð sem við heyrum oft samhliða hvort öðru. Með því að hugsa um fullveldi á táknrænan hátt hefði maður haldið að með fullveldinu gæti enginn tekið af einhverjum frelsið til að taka ákvarðanir um þau mál sem snerta hagsmuni viðkomandi. Eða þannig skil ég það allavega. En hvað gerist þegar þetta val hefur verið tekið af fólki? Þegar þú hefur ekki valdið til að taka ákvörðun sem er þér fyrir bestu? Þar sem þú neyðist til þess að sætta þig við óboðlegar aðstæður vegna utanaðkomandi kringumstæðna sem sjá um að taka valið fyrir þig. Því miður búum við í samfélagi þar sem hlutfallið á milli þeirra sem eiga mikla fjármuni og þeirra sem eiga litla sem enga, fer sífellt vaxandi og margir búa við slæm efnahagsleg kjör. Í þeim sporum hafa einstaklingar því oft ekki vald til að móta líf sitt eftir eigin höfði.

Því spyr ég; Hversu frjáls ertu þegar þú neyðist til að verja stærstum hluta ráðstöfunartekna þinna í leigu á lítilli íbúð, því þú finnur ekkert á viðráðanlegu verði á leigumarkaðnum? Hversu frjáls ertu þegar allur þinn tími er undirlagður í vinnu, aukavinnu númer eitt og aukavinnu númer tvö, að viðbættum smásvefni inni á milli, til að eiga í þig og á, þar sem láglaunavinnustaðir landsins bjóða ekki upp á mannsæmandi laun fyrir fullt starf? Hversu frjáls ertu þegar þú neyðist til að sætta þig við ömurleg kjör sem lífeyrisþegi, því ríkisstjórn þjóðarinnar kemst upp með það að brjóta á mannréttindum öryrkja og eldri borgara ár eftir ár?

Þá eru einstaklingar sviptir frelsinu til öruggs lífs, þegar rík þjóð hendir þeim sem sækja um alþjóðlega vernd hér á landi út í óvissuna því hún telur sig ekki færa um að taka á móti fleiri aðilum sem koma hingað til lands frá öðrum löndum til að skapa sér betra líf. Við virðumst oft ríghalda í þá ímynd að fullveldi þjóðarinnar skerðist á einhvern hátt og verði ógnað um leið og utanaðkomandi aðilar koma hingað til lands, þegar sannleikurinn er sá að fjölbreytnin er það sem auðgar samfélagið okkar. Það er því ekki nema von að maður velti því fyrir sér fyrir hvern fullveldið sé og hvernig framtíð okkar fullvalda þjóðar muni líta út ef við höldum áfram á þessari braut. Braut þar sem lítill hluti þjóðarinnar, stjórnvöld, fjármagnseigendur og gróðafyrirtæki hafa mest að segja um stefnumótun þjóðarinnar í málum sem viðkoma almenningi.

Fullveldi; rétturinn og valdið til þess að stjórna sér sjálfur, án þess að utanaðkomandi aðilar eða stofnanir skipti sér þar af málum. Ég get ekki séð að hér ríki fullveldi fyrir alla, heldur virðumst við búa við fullveldi fárra. Fáir útvaldir sem hafa völdin til þess að móta líf allra hinna sem hér búa. Hér er mikilvægt að taka það fram að fullveldi er ekki það sama og lýðræði. Hér ríkir ekki sú lýðræðislega þjóðskipan þar sem ein rödd jafngildir einu atkvæði, heldur virðist hér ein króna hafa eitt atkvæði. Því fleiri krónur sem einstaklingur eða stofnun hefur til umráða því meiri völd til að móta stefnur sem hafa áhrif á almenning. Með nýfrjálshyggjunni sem ruddi sér til rúms í okkar sjálfstæðu þjóð á tíunda áratugnum fékk fjármagn aukið vægi á kostnað almennings. Með aukinni einstaklingshyggju hefur áherslan færst yfir á það að hver aðili beri ábyrgð á sjálfum sér og við virðumst hafa misst sjónar á því að enginn er eyland, heldur erum við samfélag. Fögnum fullveldinu með samstöðu. Samstöðu sem berst fyrir fullveldi fjöldans með áherslu á valddreifingu og aukinni lýðræðisvæðingu innan samfélagsins.

ÁSGERÐUR RAGNARSDÓTTIR, DÓMARI VIÐ HÉRAÐSDÓM REYKJAVÍKUR

Fullveldi og framsal valdheimilda

Á þeirri öld sem nú er liðin frá því að Ísland var lýst frjálst og fullvalda ríki með sambandslögunum frá 1918 má fullyrða að orðið hafi verulegar breytingar á hugmyndum manna um hvað felist í fullveldi og sér í lagi að hvaða marki megi takmarka það. Ástæða þessa er einkum vaxandi þátttaka Íslands í alþjóðlegu samstarfi og framsal á tilteknum valdheimildum til alþjóðastofnana, svo sem þeirra stofnana sem starfa á grundvelli EES-samningsins. Samhliða hefur risið umræða um að með slíku samstarfi sé fullveldi ríkisins skert, enda sé ákvörðunarvald um eigin málefni fært frá innlendum stofnunum til erlendra aðila í síauknum mæli.

Ásgerður Ragnarsdóttir

Stjórnarskráin er byggð á þeirri forsendu að Ísland sé fullvalda ríki og stendur hún í þeim skilningi vörð um fullveldið. Hún er þögul um heimild til að framselja valdheimildir ríkisins en þó hefur verið gengið út frá því að það sé heimilt innan ákveðinna marka sé tekin lögmæt ákvörðun um það. Það fer saman við það sjónarmið að í fullveldinu felist réttur ríkja til að takast á hendur þjóðréttarlegar skuldbindingar og að þátttaka íslenska ríkisins í alþjóðasamstarfi sé í þeim skilningi beiting á fullveldinu. Hér á landi hefur skapast venjuhelguð regla um framsal valdheimilda ríkisins og hafa fræðimenn leitast við að draga ályktanir um inntak reglunnar með hliðsjón af beitingu hennar í framkvæmd, svo sem vegna upphaflegrar aðildar Íslands að EES-samningnum og síðari innleiðingar gerða sem stafa frá Evrópusambandinu. Aftur á móti er ekki einhugur um inntak og umfang þessarar reglu, þar með talið um hver séu ytri mörk heimilaðs framsals. Leiðir það óhjákvæmilega til þess að réttarstaðan er óljós.

Frá því að EES-samningurinn tók gildi árið 1994 hafa skuldbindingar íslenska ríkisins aukist verulega og hefur samstarfið krafist

Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Magnús Ólafsson

Stofnun Hæstaréttar Íslands hinn 16. febrúar 1920 var talin mikilvægur liður í fullveldi Íslands. Sveinn Björnsson, síðar fyrsti forseti lýðveldisins, stendur fyrir miðri mynd.

þess að valdheimilir séu framseldar í vaxandi mæli til stofnana EES. Almennt er viðurkennt að lögfesting samningsins hafi á sínum tíma reynt verulega á mörk stjórnarskrárinnar og því fór fjarri að samhugur væri um hvort þörf væri á stjórnarskrárbreytingu. Nefnd þeirra fjögurra sérfræðinga í lögum, sem leitað var til, taldi að framsal valdheimilda samkvæmt samningnum stæðist stjórnarskrá og vísaði einkum til þess að framsalið væri „skýrt afmarkað, ekki umfangsmikið eða verulega íþyngjandi fyrir einstaklinga eða lögaðila“.

Sé litið til stöðunnar í dag, um aldarfjórðungi síðar, má ljóst vera að íslenska ríkið hefur framselt valdheimildir í talsverðum mæli til stofnana EES og hefur þeim jafnframt verið eftirlátið vald til að taka íþyngjandi ákvarðanir gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum hér á landi, svo sem með álagningu sekta og beinum afskiptum af rekstri fyrirtækja. Hér má nefna sem dæmi að samkvæmt reglum Evrópusambandsins um fjármálaeftirlit, sem voru innleiddar hér á landi haustið 2016, hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) heimild til að taka íþyngjandi ákvarðanir gagnvart íslenskum stofnunum og fyrirtækjum á fjármálamarkaði sem geta meðal annars náð til þess að stöðva starfsemi þeirra. Frumkvæði að slíkum ákvörðunum og undirbúningur þeirra er í höndum sérstakra eftirlitsstofnana, sem starfa á vettvangi Evrópusambandsins, og á Ísland ekki aðild að þeim. Þá má jafnframt nefna að vegna breytinga á samkeppnisreglum EES-samningsins var með samkeppnislögum nr. 44/2005 lögfest ákvæði sem felur efnislega í sér að ákvarðanir ESA eru í ákveðnum tilvikum bindandi fyrir íslenska dómstóla við úrlausn mála þar sem þeir fara með dómsvald. Hefur löggjafinn þar með bundið hendur dómstóla í ákveðnum skilningi vegna reglna EES-réttar.

Telja verður líklegt að álitaefni um mörk heimils framsals muni aukast í framtíðinn og væri það í takt við þróun í regluverki Evrópusambandsins þar sem sjálfstæðum eftirlitsstofnunum eru í auknum mæli veittar valdheimildir gagnvart einstaklingum og lögaðilum. Skýrt dæmi um þetta er þriðji orkupakki Evrópusambandsins sem hefur upp á síðkastið verið tilefni umræðu um mörk heimils framsals valdheimilda hér á landi.

Það er í öllu falli ljóst að þær forsendur sem voru taldar styðja þá upphaflegu afstöðu að ekki væri þörf á stjórnarskrárbreytingu vegna aðildar Íslands að EES-samningnum hafa breyst og að valdframsal er mun meira en gert var ráð fyrir í upphafi. Í því sambandi er athyglisvert að höfundar sumra þeirra álitsgerða, sem aflað hefur verið vegna innleiðingar gerða, hafa lagt áherslu á að jafnvel þó að framsal samkvæmt einstakri gerð sé talið standast stjórnskipulega sé ekki þar með sagt að breytingarnar virtar heildstætt teljist innan ramma stjórnarskrárinnar.

Það hefur lengi verið til umræðu hvort setja skuli sérstakt ákvæði í stjórnarskrá um framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana, en tillögur um slíkt hafa ekki náð fram að ganga. Fræðimenn hafa bent á að slíkt ákvæði gæti í reynd styrkt og treyst fullveldið í sessi þar sem heimild til framsals valdheimilda yrðu settar skorður í stjórnarskrá. Með slíku ákvæði væri þannig ekki ætlunin að auka möguleika til framsals einstakra valdheimilda, heldur að tryggja að skýr skilyrði, sem Alþingi hefði fyrir fram samþykkt, lægju slíkri ákvörðun til grundvallar. Frá lagalegu sjónarhorni verður það í öllu falli að teljast varhugavart að byggja framsal valdheimilda á óskráðri reglu sem ekki er sammæli um hvað varðar inntak og umfang.

Morgunblaðið/Ómar

Hundrað ár af ævisögu þjóðar

Nýr sálmur eftir sr. Hjálmar Jónsson frumfluttur í Dómkirkjunni á morgun. Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi lagið. Vildi leggja eitthvað af mörkum á tímamótunum, segir Hjálmar. Textinn kallaði sterkt á laglínuna, segir Hildigunnur.

Björn Jóhann Björnsson bjb@mbl.is

Sálmurinn hér til hliðar er eftir séra Hjálmar Jónsson, fv. dómkirkjuprest, sem hann samdi í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins. Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi lag við sálminn og verður frumflutningur á verkinu í hátíðarmessu í Dómkirkjunni á morgun, sunnudag, kl. 11, í tilefni aldarafmælis fullveldisins. Dómkórinn mun flytja verkið.

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, prédikar og sr. Sveinn Valgeirsson og sr. Elínborg Sturludóttir þjóna fyrir altari. Kári Þormar dómorganisti stýrir tónlistarflutningi og Dómkórinn syngur. Einnig verður frumflutt lag Hildigunnar við ljóðið *Fjöregg* eftir Magneu J. Matthíasdóttur, auk annarrar tónlistar.

„Við séra Sveinn, eftirmaður minn sem sóknarprestur Dómkirkjunnar, vorum að spjalla saman og hann lýsti áhuga sínum á að fá nýjan sálm, lag og ljóð, fyrir þetta tilefni. Dómkirkjan er mér kær og mig langaði að leggja örlítið af mörkum," segir séra Hjálmar um tilurð nýja sálmsins, 100 ár.

Hildigunnur Rúnarsdóttir segist ekki hafa fengið mikinn tíma til að semja lagið en það hafi síðan gengið hratt og vel fyrir sig.

„Ég fékk textann á mánudegi, lét hann þroskast í huganum, byrjaði að semja lagið á fimmtudegi og síðan var lagið tilbúið á laugardegi. Lagið er skrifað sérstaklega við sálm séra Hjálmars. Textinn er bráðfallegur og kallaði mjög sterkt á laglínuna og svo fylgdu hinar raddirnar í kjölfarið. Þetta er í fyrsta skipti sem ég fæ texta frá Hjálmari til að semja tónlist en vonandi ekki það síðasta," segir Hildigunnur.

Hún segir það stundum gerast að lagasmíðarnar verði til með skjótum hætti. „Eitt besta lag sem ég hef samið tók lengri tíma fyrir mig að hreinskrifa í nótnaskriftarforritinu en það tók mig að semja það."

Hundrað ár

Hundrað ár af ævisögu þjóðar,
augnablik á kvarða tilverunnar.
Aldir koma, aldir fara hljóðar,
eins og hendi veifað burtu runnar.
Flest er breytt og bætt um landsins hagi,
blessast hefur líf af öllu tagi.
Brýnt er enn þótt aukist mannsins geta
eilíft gildi kristins siðar meta.
Lát mig finna leið til þess sem göfgar,
ljómi dýrðar þinnar hugann fylli.
Gef mér trú sem forðast ógn og öfgar,
eflir frið og kærleik fólks í milli.

Samskiptamátinn í dag er áhyggjuefni

Hjálmar segist hafa verið með margvíslegt í huga þegar sálmurinn varð til. Í hundrað ára sögu fullveldisins hafi ýmislegt breyst.

„Fyrir 100 árum var allt öðruvísi en nú er. Mér finnst það stundum gleymast. Ísland var fátækasta land Evrópu og flestra ríkja heimsins. Nú erum við í fremstu röð á flesta grein. Dómkirkjuprestarnir jarðsettu hundruð manna sem létust í Spönsku veikinni. Nú eru Íslendingar veikir fyrir Spáni, ferðast þangað þúsundum saman á ári og kaupa sér jafnvel hús þar. Það er flest breytt til batnaðar í ytri skilyrðum lífsins á Íslandi. Það er sannarlega þakkarefni á 100 ára afmæli fullveldis."

Hjálmar segir að við hefðum gott af því sem þjóð að hugleiða nú um stundir að kynslóðirnar á undan skiluðu miklum árangri til framfara, þrátt fyrir alla erfiðleikana á fyrri tímum.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Séra Hjálmar Jónsson samdi textann.

Morgunblaðið/Hanna

Hildigunnur Rúnarsdóttir samdi lagið.

„Það sem mér finnst áhyggjuefni er samskiptamátinn í dag. Það falla stór orð, gífuryrði, stundum eins og fólk skilji hvert annað því verr sem það talast fleira við, svo vitnað sé óbeint í Nóbelsskáldið. Markmið samræðna og samskipta ætti að vera viljinn til þess að ná saman. Þannig þarf það að vera í samfélagi sem vill efla friðinn, kærleikann, réttlætið fyrir alla. Fá niðurstöðu í hvert mál samkvæmt réttum leikreglum. Við þurfum líka að leggja meiri áherslu á virðingu fyrir öðru fólki, samstarfsfólki og samferðafólki í lífinu," segir Hjálmar.

Ættum öll að taka okkur á

„Mér finnst það svo dapurt að sífellt er reynt að slíta sundur friðinn. Neikvæð umræða, heiftartal og skrif, allt hefur það áhrif á líf og líðan fólks. Við gætum hins vegar haft það miklu betra með hófstilltari umræðu," bætir Hjálmar við. „Ég hef ákveðin gildi í huga, sem mér finnst við ættum að rækta betur með okkur. Það eru hin kristnu gildi. Þau gildi hafa sama vægi, mikilvægi, fyrir samfélagið þó að hægt sé að benda á misfellur í framkvæmdinni. Við höldum í heiðri lýðræðið þótt ekki vanti upphrópanir gegn þeim sem setja leikreglurnar, þeim sem framfylgja þeim og síðan einnig þeim sem dæma skulu í álitaefnum þegar ekki er farið að lögum. Þjóðlífið allt dregur dám af þessu.

Mér finnst við eigum öll að taka okkur á í þessum efnum. Bænir hafa áhrif bæði á þann sem biður og þann sem beðið er fyrir. Á sama hátt hafa bölbænir áhrif, áhrif bæði á þann sem hyggur á illt og þann sem illyrðin beinast gegn. Það hefur allt áhrif. Nú er jólamánuðurinn framundan. Mikið væri það nú gott fyrir þjóðlífið og sálarlífið að við settum markmið aukinnar hamingju og farsældar á oddinn," segir Hjálmar og vitnar að endingu í skáldið Jón úr Vör, sem orti:

Ei með orðaflaumi
mun eyðast heimsins nauð.
Kyrrt og rótt í jörðu
vex korn í brauð.

Minnkum kolefnisspor og breytum heiminum

Þegar fyrirtæki tengist Orku náttúrunnar er það í viðskiptum við leiðandi aðila á heimsvísu í nýtingu jarðvarma og minnkun kolefnisfótspors í orkuvinnslu. Við virkjanir ON starfar margt fremsta vísindafólk landsins og þróunarverkefni ON í loftslagsmálum hafa vakið heimsathygli. Jarðgufuvirkjanir ON eru með eitt minnsta kolefnisfótspor í sínum flokki og þar hefur verið þróuð aðferð til að binda koltvíoxíð sem grjót í jarðlögum. Orka náttúrunnar stefnir að sjálfbærri og sporlausri vinnslu jarðhitans. Lítið spor verður stórt stökk fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.

Kynntu þér umhverfisvæna orkuframleiðslu á on.is og fáðu ráðgjöf sérfræðinga ON um hagstæðustu kostina fyrir þitt fyrirtæki.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Þjónustusími allan sólarhringinn: 591 2700 · www.on.is

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR

SAMFERÐA Í 100 ÁR

Eimskipafélag Íslands fagnar hundrað ára fullveldi Íslands og er stolt af hlutverki sínu í sögu þjóðarinnar. Í dag, þann 1. desember, kemur dagatal Eimskips út en það hefur verið gefið út nær óslitið í yfir níutíu ár. Dagatalið fyrir árið 2019 prýða myndir af mikilfengleika íslenskrar náttúru eftir Arnar Kristjánsson og Simona Buratti.

Hægt er að nálgast dagatalið á næsta afgreiðslustað Eimskips og Eimskips Flytjanda.

EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS
Korngarðar 2 | 104 Reykjavík
525 7000 | service@eimskip.is

EIMSKIP